

# SKÝRSLA RSÍ 2000

## SKÝRSLA MIÐSTJÓRNAR RAFIÐNAÐARSAMBANDS ÍSLANDS UM STARFSEMINA SÍÐASTA STARFSÁR.

LÖGÐ FRAM Á SAMBANDSSTJÓRNARFUNDI 21. APRÍL 2001

### STARFSNEFNDIR

Miðstjórn Rafiðnaðarsambands Íslands og trúnaðarmenn þess, kjörtímabilið 1999-2003  
kjörnir á 14. þingi sambandsins 1999.

Formaður:	Guðmundur Gunnarsson	FÍR	Framkv.stjórn RSÍ
Varaformaður:	Helgi Jónsson	RFN	“
Ritari:	Haukur Ágústsson	FRV	“
Gjaldkeri:	Rúnar Bachmann	FÍR	“
	Haraldur Jónsson	FÍR	“
Meðstjórnendur :			
	Arnoddur Jónsson	RFS	
	Oddur Sigurðsson	FRV	
	Frosti Frostason	FÍR	
	Páll Valdimarsson	FÍR	
	Jens Ragnarsson	FÍR	
	Einar Ág. Kristinsson	FSVK	
	Andri Jóhannesson	FRV	
	Ómar Baldursson	FRS	
	Hafliði Sívertssen	FTR	
	Einar Gústafsson	FÍS	
	Jón Aðalsteinsson	FÍS	
	Sigurgeir Ólafsson	FSS	
	Aðalfundur FNÍR (Borgþór Hjörvarsson)	FNÍR	
Varamenn í miðstjórn:			
	Anna Melsted	FTR	
	Björn Ágúst Sigurjónsson	FÍR	
	Böðvar Björgvinsson	FÍS	
	Jóhann Bjarnason	FRS	
	Stefán Sveinsson	FÍR	
	Sigurður Kjartansson	FRV	
	Brynjar Hermannsson	RFN	
	Helgi Þorvaldsson	FÍR	
	Ísleifur Tómasson	FÍR	
	Valtýr Guðbrandsson	RFS	
	Davíð E. Sigmundsson	FRV	
	Guðjón Símonarson	FÍS	
	Aðalfundur FNÍR	FNÍR	
Sambandsstjórn:			

	Júlía B. Þórðardóttir	FÍR	Vestfirðir
	Sigurður Ólafsson	RFN	Norðurland
	Magni B. Sveinsson	FÍR	Austurland
	Sigþór Óskarsson	RFS	Suðurnes
	Arngrímur Magnússon	FÍR	Vestmannaeyjar
	Smári Jónasson	FÍR	Reykjavík
	Anna Kr. Arnarsdóttir	FRV	Norðurland
	Þór Ottesen	FÍR	Reykjavík
	Reynir Björnsson	FÍS	Reykjavík
	Helgi R. Gunnarsson	FRV	Reykjavík
	Guðmundur Æ. Guðmundsson	FÍR	Reykjavík
	Elmer H. Elmers	FÍR	Reykjavík
	Aðalfundur FNÍR		
Varamenn í sambandsstjórn:			
	Helgi Helgason	FÍR	Reykjavík
	Jónas Þ. Sigurgeirsson	FÍR	Norðurl. vestra
	Sigurður Sigurðsson	FÍR	Reykjavík
	Jón Þór Kristmannsson	FÍR	Reykjavík
	Björn Júlíusson	FÍS	Reykjavík
	Ingvi Þór Björnsson	RFN	Norðurl. eystra
	Þórður Bachmann	FÍR	Vesturland
	Ragnar Guðbjartsson	RFS	Suðurnes
	Eyjólfur Ólafsson	FRV	Reykjavík
	Kristinn Hermannsson	FRS	Suðurland
	Sigurður Karlsson	FÍR	Austurland
	Guðmundur Gíslason	FSS	Reykjavík
Skoðunarmenn RSÍ			
	Sigurður Steinarsson	FÍR	
	H. Erlingur Tómasson	FRV	
Til vara:	Grétar Guðmundsson	FÍS	
Í stjórn Lífiðnar:			
Aðalmaður:	Þórir Hermannsson	FRV	
Til vara:	Erlingur Tómasson	FRV	
Aðalmaður:	Haraldur Jónsson	FÍR	
Til vara	Guðmundur Gunnarsson	FÍR	
Skoðunarmenn Lífiðnar :			
	Sigurður Steinarsson	FÍR	
Til vara:	Guðmundur Lýðsson	FRS	

### Aðrar starfsnefndir RSÍ, stjórnir aðildarféлага og fulltrúar sambandsins í nefndum :

#### Starfsnefndir miðstjórnar

Formenn kjörstjórna vegna stjórnarkosninga aðildarféлага : Bjarni Sigfússon og Leó Ingólfsson, en hann féll frá í marz 2000 og þá var ákveðið að tillögu rafeindavirkja að skipa ekki annan í hans stað. Aðildarfélög tilnefna auk hans tvo menn í kjörstjórnir.

Kjörstjórn og umsjón kjörskráa vegna afgreiðslu kjarasamninga : Bjarni Sigfússon, Sigurður Geirsson og Hulda Jakobsdóttir og Elín Fríða Sigurðardóttir til vara.

Launanefnd RSÍ : Helgi Jónsson, Rúnar Bachmann og Haraldur Jónsson.

Laga- og skipulagsnefnd RSÍ : Rúnar Bachmann, Guðmundur Gunnarsson, Helgi R. Gunnarsson og Einar Gústafsson

Reglugerðir Styrktar- og lífeyrissjóðs : Þórir Hermannsson, Haraldur Jónsson, Helgi R. Gunnarsson og Helgi Jónsson til vara.

Orlofsnefnd RSÍ : Björn Ágúst Sigurjónsson, Jón Aðalsteinsson, Runólfur Þorláksson og Sigurður Lúther Björgvinsson

Golfnefnd : Garðar Árnason, Guðbjörn Ólafsson, Magnús Jaroslav Magnússon og Víðir Tómasson. Með þeim starfa Helgi R. Gunnarsson, Stefán Ó. Guðmundsson og Jón Árni Rúnarsson.

Stjórn Furulundar : Björn Ágúst Sigurjónsson. Stjórn Einarsstaða : Björn Ágúst Sigurjónsson

Stjórn Ölfusborga : Ísleifur Tómasson. Stjórn Vatnsfjarðar : Haraldur Jónsson

Atvinnuleysisbótanefnd : Helgi R. Gunnarsson, Elín Fríða Sigurðardóttir og Sigurður Hallvarðsson

Úthlutunarnefnd styrktarsjóðs : Sigurður Hallvarðsson, Hulda Jakobsdóttir og Helgi R. Gunnarsson

Ákvæðisvinnunefnd rafiðna : Guðmundur Gunnarsson og Þorvarður Hjaltason

### **Stjórnir aðildarfélaganna**

Stjórn Félags íslenskra rafvirkja : Haraldur Jónsson form., Stefán Sveinsson varaform., Jón Þór Kristmannsson ritari, Björn Ágúst Sigurjónsson gjaldkeri, Helgi Helgason, Ísleifur Tómasson, Sigurður Sigurðsson meðstjórnendur.

Stjórn Félags rafeindavirkja : Haukur Ágústsson form., Andri Jóhannsson varaform., Davíð E. Sigurðsson ritari, Oddur Sigurðsson gjaldkeri, Andri Jóhannesson, Sigurður I. Hauksson, Eyjólfur Ólafsson, Þórir Steingrímsson meðstjórnendur.

Félag íslenskra símamanna : Einar Gústafsson form. Jón Aðalsteinsson varaform., Anna Nína Stefnisdóttir ritari, Halldóra Guðmundsdóttir gjaldk., Björn Júlíusson meðstj. Eiríkur Árnason, Einar Matthíasson, Dagný Ásgeirsdóttir og Hafsteinn Guðmundsson varastj.

Stjórn Rafvirkjafélags Norðurlands : Helgi Jónsson form., Brynjar Hermannsson varaform., Guðmundur Ingi Geirsson ritari, Sigurður Ólafsson gjaldkeri, Vigfús Ingi Hauksson meðstjórnandi. Sigurður Hjaltason og Aðalgeir Hallgrímsson varastj.

Stjórn Félags Rafiðnaðarmanna á Suðurlandi : Ómar Baldursson form., Jóhann Bjarnason varaform., Þorvaldur Þorvaldsson ritari, Birkir Pálsson gjaldkeri, Birgir Sigurjónsson meðstj., Guðmundur Lýðsson og Helgi Guðmundsson varastjórn.

Stjórn Rafiðnaðarfélag Suðurnesja : Arnoddur Jónsson form., Valtýr Guðbrandsson varaform., Georg Georgsson ritari, Ragnar Guðbjartsson gjaldk., Sigþór Óskarsson og Helgi Hilmarsson meðstj.

Stjórn Félags sýningarmanna við kvikmyndahús : Jón Pétursson form., Einar Ág. Kristinsson ritari, Guðrún Júlíusdóttir gjaldk. Gísli Karlsson, Friðjón Guðmundsson meðstjórnendur.

Stjórn Tæknifólks í rafiðnaði : Hafliði Sívertsen form., Guðni Ingi Johnsen ritari, Elín Fríða Sigurðardóttir gjaldkeri, Sveinn Kjartansson Anna Melsted meðstjórnandi

Stjórn Félags símsmiða : Sigurgeir Ólafsson form., Guðjón Símonarson varaform., Sigurður L. Björgvinsson, Guðmundur Gíslason og Sveinn Björgvin Larsson meðstjórnendur.

Stjórn Félags nema í rafiðnum : Borgþór Hjörvarsson form., Kristján Helgason varaform., Sigurður Þór Magnússon ritari, Viðar Már Þorsteinsson gjaldkeri, Þórir Harald Þórisson, Ragnar Svanlaugsson, Logi Freyr Einarsson meðstjórnendur.

### **Mennta- og fræðslunefndir**

Iðnráð Reykjavíkur : Sigurður Hallvarðsson fyrir rafvirkja og Bjarni Sigfússon fyrir rafvélavirkja

Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík : Björn Ágúst Sigurjónsson

1. maí nefnd í Reykjavík : Þór Ottesen, 1. maí nefnd á Akureyri : Helgi Jónsson

Sveinsprófsnefnd sterkstraum : Sigurður Sigurðsson formaður, Einar Ragnarsson, Guðmundur Þorgrímsson, Valdimar Gestsson, Jens Björgvin Helgason

Sveinsprófsnefnd veikstraum : Ísleifur Árni Jakobsson, Davíð Einar Sigmundsson, Andrés Einar Guðjónsson, Sigurður Rúnar Ívarsson og Haukur Konráðsson.

Menntanefnd rafiðnaðarins (skólanefnd Rafiðnaðarskólans) :

Guðmundur Gunnarsson, Rúnar Bachmann, Haraldur Jónsson, Kristján Páll Þórhallsson, Ásgeir Arnoldsson, Haukur Ágústsson, Páll Valdimarsson, Ólafur Hermannsson, Hafliði Sívertsen, Pétur Pétursson, Jón Örn Sigurðsson

Eftirmenntunarnefnd rafiðna, Fagnefnd rafiðna : Guðmundur Gunnarsson og Rúnar Bachmann, til vara Ísleifur Tómasson

Eftirmenntunarnefnd rafeindavirkja : Ásgeir Arnoldsson og Kristján Páll Þórhallsson

Fagnefnd rafeindavirkja : Kristján Pétursson, Kristján Óli Sverrisson, Gunnlaugur Gunnarsson, Kristján Páll Þórhallsson og Þórir Hermannsson

Eftirmenntunarnefnd rafveituvirkja, Fagnefnd rafveituvirkja : Brynjar Svansson, Guðmundur Valsson, Ólafur Hermannsson og Páll Valdimarsson

Eftirmenntunarnefnd símsmiða : Guðmundur Gíslason, Jón Örn Sigurðsson, Kristinn Einarsson, Páll Jónsson

Fagnefnd símsmiða : Guðjón Símonarson, Guðlaug Ólafsdóttir, Guðmundur Gíslason, Jón Örn Sigurðsson, Kristinn Einarsson, Páll Jónsson

Eftirmenntunarnefnd sýningarmanna, Fagnefnd sýningarmanna : Björn Sigurðsson, Pétur Pétursson, Sigurjón Jóhannesson, Pröstur Árnason

Framkvæmdastjórn Rafiðnaðarskólans :Guðmundur Gunnarsson og Valgeir Jónasson

Framkvæmdastjórn Fræðslumiðstöðvar rafiðna :Ísleifur Tómasson og Andri Jóhannesson

Skólanefnd VT-skólans og stjórn RTV : Guðmundur Gunnarsson, Jón Árni Rúnarsson

Framkvæmdastjórn Margmiðlunarskólans : Guðmundur Gunnarsson

Skólanefnd Margmiðlunarskólans : Guðmundur Gunnarsson, Anna Melsted

Framkv.stj. Tölvuskóla Reykjavíkur : Jón Árni Rúnarsson

Framkv.stj. Kvikmyndaskóla Íslands : Guðmundur Gunnarsson og Jón Árni Rúnarsson

Starfsgreinaráð rafiðnaðarins : Guðmundur Ævar Guðmundsson, Hafliði Sívertsen, Jón Árni Rúnarsson, Jón Örn Sigurðsson, Kristinn Einarsson, Páll Valdimarsson, Runólfur Þorláksson, Þorvaldur Árnason, Þórunn Stefanía Jónsdóttir, Pröstur Árnason.

Starfsmenntaráð. Félagsmálaráðuneyti : Guðmundur Gunnarsson

Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi. Menntamálaráðuneyti : Guðmundur Gunnarsson til vara Jón Árni Rúnarsson

Undirbúningsnefnd um framtíð Tækniskólans Rúnar Bachmann

Skólanefnd : Tækniskóla Íslands : Rúnar Bachmann, varam.

Skólanefnd : Iðnskólans í Reykjavík : Sigurður Geirsson

Rafstaðalfélagið : Sigurður Geirsson

Rafstaðalráð : Rúnar Bachmann, til vara Guðmundur Gunnarsson

Stjórn Fjölmíðlasambandsins : Hafliði Sívertsen, Guðmundur Gunnarsson til vara.

Stjórn Eignarhaldsfélags Alþýðubankans : Rúnar Bachmann

Skipaðar hafa verið Fagnefndir á vegum fagfélaga sem starfa m.a. með Fræðsluskrifstofunni skipan þeirra er eftirfarandi:

Fagnefnd rafvirkja: Stefán Sveinsson, Smári Jónasson, Óskar H. Jónsson, Sigurður Ólafsson, Jóhann Bjarnason og Ragnar Guðbjartsson.

Fagnefnd rafvélavirkja: Jón Þór Friðvinsson, Jón Páll Baldursson og Guðmundur Ævar Guðmundsson.

Fagnefnd rafveituvirkja: Helgi Þorvaldsson, Ólafur Hermannsson, Brynjar Svansson.

### **Nefndir á vegum ASÍ**

Miðstjórn ASÍ : Guðmundur Gunnarsson, til vara Haraldur Jónsson viku úr stjórninni á síðasta þingi nóvember 2000

Sambandsstjórn ASÍ kjörnir á 14. þingi RSÍ : Helgi Jónsson til vara Frosti Frostason

Sambandsstjórn ASÍ kjörnir á 38. þingi ASÍ: Þórir Hermannsson og til vara Páll Valdimarsson

Sambandsstjórn ASÍ var lögð niður á síðasta þingi og tekið upp ársfundaform í stað þess, þangað kjósa aðildarfélögin fulltrúa

Lífeyrisnefnd ASÍ : Þórir Hermannsson, til vara Haraldur Jónsson

Alþjóðanefnd : Helgi R. Gunnarsson, til vara : Helgi Jónsson

Atvinnumálanefnd : Páll Valdimarson, til vara : Borgþór Hjörvarsson

Velferðarnefnd : Haraldur Jónsson, til vara : Ómar Baldursson

Jafnréttis og fjölskyldunefnd : Ísleifur Tómasson, til vara : Jens Ragnarsson

Mennta og útbreiðslunefnd : Stefán Ó Guðmundsson, til vara : Andri Jóhannesson

Kjara og skattanefnd : Guðmundur Gunnarsson, til vara : Arnoddur Jónsson

Skipulags og starfsháttanefnd : Þór Ottesen, til vara : Siggurður Ólafsson

Vinnuréttar og vinnumarkaðsnefnd : Björn Ágúst Sigurjónsson, til vara : Oddur Sigurðsson

Stjórn Landssambands lífeyrissjóða : Þórir Hermannsson formaður

Stjórn Vinnueftirlitsins : Stefán Ó. Guðmundsson

Stjórn Iðntæknistofnunar : Guðmundur Gunnarsson

Rannsóknarráð, menntamála : Rúnar Bachmann

Nefnd umátakt til atvinnusköpunar (iðnaðarráðuneyti) Rúnar Bachmann

Hollustuháttaráð, Umhverfissráðuneyti: Stefán Ó. Guðmundsson

Kaupskrárnefnd, Keflavíkurflugvelli : Magnús Geirsson

Félagsdómur : Magnús Geirsson til vara Sigurbergur Hávarðarson

## STARFSEMIN

### Miðstjórnar- og félagsfundir

Miðstjórn heldur fundi yfirleitt einu sinni í mánuði að undanskildum sumarmánuðum og hwefur haldið 20 fundi á þessu kjörtímabili. Almennir félagsfundir eru nú orðið, utan aðalfunda aðildarfélaga, haldnir á vegum RSÍ. Skipulag sambandsins og sameiginlegir sjóðir RSÍ sem valda þessu. Einnig sameiginlegir kjarasamningar sem eru afgreiddir í sameiginlegum atkvæðagreiðslum þvert á aðildarfélög innan RSÍ. Búin er til kjörskrá sem miðast við þá sem vinna á viðkomandi kjarasamning. RSÍ hefur skipt samningsviði sínu meir upp en önnur stéttarfélög. Skipulag RSÍ er það sama og viðhaft er innan annarra rafiðnaðarsambandanna á Norðurlöndunum. RSÍ er eina landsambandið hér á landi sem hefur þetta fyrirkomulag við afgreiðslu kjarasamninga, í öðrum landsamböndum er það hvert aðildarfélag sem afgreiðir hvern kjarasamning fyrir sig. Í flestum tilfellum er um að ræða einn aðalkjarasamning viðkomandi félags og síðan er í einhverjum tilfellum samið um kálfa út frá honum. Rafiðnaðarsambandið var eina heildstæða starfsgreinasambandið hér á landi og hefur það fyrirkomulag marga augljósa kosti í för með sér, sérstaklega við skipulag starfsmenntunar í starfsgeiranum og eins nýttast eftirmenntunarnámskeið fyrir allar starfsgreinar í geiranum. Matvís hefur verið byggt upp með sama skipulagi og RSÍ.

Miðstjórn starfar þannig að umfangsmiklum málaflokkum er vísað í starfsnefndir, þ.e. orlofsnefnd, ritnefnd, laganeftnd og úthlutunarnefnd styrktarsjóðs, auk annarra nefnda sem starfa í samráði við meistarafélagið. Þetta fyrirkomulag hefur leitt til meiri valddreifingar og virkara stjórnkerfis innan sambandsins. Þátttaka rafiðnaðarmanna í sameiginlegri starfsemi verkalýðshreyfingarinnar er mikil, auk þess að við eigum fulltrúa í nokkrum nefndum hins opinbera og í sameiginlegum nefndum norrænna rafiðnaðarmanna og norræna og evrópska byggingarsambandinu. Þetta kostar tíma og fjárútlát, en gefur okkur tækifæri til þess að hafa viðtækari áhrif á framvindu mála og aðstæður til þess að koma sjónarmiðum okkar mjög víða á framfæri.

### Skrifstofan

Starfsemi skrifstofunnar verður sífellt margþættari m.a. sakir þess að lögð hefur verið á það áhersla undanfarin ár, að félagsmenn sjái sér hag í því að vera innan samtaka rafiðnaðarmanna frekar en litið sé á það sem skyldu. Mjög mikil fjölgun hefur verið á félagsmönnum RSÍ undanfarin ár eftir nánast kyrrstöðu á meðan niðursveiflan ríkti á árunum 1991 – 1995.

RSÍ og aðildarfélög þess hafa aðgang að lögmonnum ASÍ og eru þeir nýttir þegar upp koma deilur vegna túlkana á kjarasamningum, en þegar upp koma deilur vegna launa eða innheimtu

gjalda þá sjá lögmenn sambandsins, þ.e. Löggarður og Lára V. Júlíusdóttir, um þau mál. Rafiðnaðarsambandið hefur á undanförunum árum unnið markvisst að því að þjálfa upp trúnaðarmenn sambandsins og hefur verið varið til þess á aðra millj. króna á ári.

**Starfsmenn RSÍ :** Guðmundur Gunnarsson form. kjarasamningar og samskipti út á við; ASÍ, nefndarstörf og norræn samskipti. Helgi R. Gunnarsson framkv.stj. dagleg stjórnun á skrifstofu, kjarasamningar og nefndarstörf. Sigurður Hallvarðsson gjaldkeri, atvinnuleysistryggingar, styrktarsjóður, útsendingar og umsjón kjörskráa. Þór Ottesen og Ísleifur Tómasson samskipti við vinnustaði, vinnuverndarmál, viðhald orlofshúsa. Hulda Jakobsdóttir ritari, bókhald, útleiga orlofshúsa. Sæmundur Hrólffsson umsjón og eftirlit orlofshúsa, hlutastarf.

**Starfsmaður Ákvæðisvinnustofu :** Þór Ottesen, hlutastarf.

Ákvæðisvinnustofan sér um viðhald taxtans, en hann hefur verið í mikilli endurnýjun undanfarið ár og næstunni kemur út endurskoðað taxtakerfi, þar sem margir verkþættir hafa verið sameinaðir og eins hefur verið bætt við nýjum þáttum fyrir margskonar tæknibúnað. Þetta gerir notkun taxtans einfaldari. Stofan mun í vor senda frá sér nýtt ákvæðisvinnuforrit. Sú ákvörðun að dreifa forritinu ókeypis til félagsmanna hefur reynst farsæl og rétt ákvörðun hjá RSÍ og er notkun taxtans að aukast aftur. Einnig er taxtinn mikið notaður við verkáætlanir og tilboðsgerð. Reglulega berast til stofunnar beiðnir um að meta verk sem deilur standa um.

**Starfsmaður Félags íslenskra rafvirkja :** Ísleifur Tómasson, hlutastarf.

FÍR ákvað 1999 að ráða starfsmann í hlutastarf. Undanfarið ár hefur snúist mikið um undirbúning 75 ára afmælisárs félagsins og verða margskonar uppákomur í tilefni af því. Félagið sendi öllum félagsmönnum merkt veski um áramótin og dagatal. Afmælishátíð verður að Stórhöfðanum þann 26. maí. FÍR mun einnig sjá um hina árlegu fjölskylduhátíð rafiðnaðarmanna um Jónsmessuna að Apavatni, hún verður nú 22. - 24. júní.

**Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins :** Ísleifur Árni Jakobsson framkv.stj., Stefán Ó Guðmundsson.

Stofan sér um umsjón og endurnýjun námskráa rafiðnaðargreina. Mat á námi erlendra rafiðnaðarmanna, eins ef einstaklingar vilja hefja nám í rafiðngrein. Eftirlit með námsamningum. Umsjón prófabanka sveinsprófsnefnda og umsjón sveinsprófa. Samskipti við menntamálaráðuneyti og verkmenntaskóla. Skrifstofan starfar í nánú samstarfi við Félag kennara í rafiðngreinum.

**Fulltrúar á landsbyggðinni :** Bjarni Árnason starfar nokkrar klst. á viku á skrifstofu á Akranesi og Helgi Jónsson í RFN sér um skrifstofuna á Akureyri. Ómar Baldursson í FRS sér um skrifstofuna á Selfossi og Arnóddur Jónsson í RFS um málefni sambandsins á Suðurnesjum, Þórður Bachmann í Borgarnesi, Júlía Björk Þórðardóttir á Ísafirði, Ingimar Hólm Ellertsson og Frosti Frostason á Sauðárkrók, Vigfús Ingi Hauksson Siglufirði, Magni B. Sveinsson á Neskaupstað, Sigurður Karlsson á Höfn, Gunnar Jónsson Kirkjubæjarklaustri, og Arngrímur Magnússon í Vestmannaeyjum.

#### Í aðildarfélögum sambandsins voru 1999 og 2000 :

<i>FÉLAG</i>	<i>Alls 1999</i>	<i>Þar af konur 1999</i>	<i>Skattsk. Alls 1999</i>	<i>Alls 2000</i>	<i>Þar af Konur 2000</i>	<i>Skattsk. Alls 2000</i>
Félag íslenskra rafvirkja	1.194	8	1.131	1.251	5	1.152
Félag rafeindavirkja	587	19	581	672	19	616
Rafiðnaðarfélag Norðurlands	119	1	115	122	0	122
Félag rafiðnaðarmanna Suðurl.	77	0	71	81	0	81
Rafiðnaðarfélag Suðurnesja	75	7	70	73	0	67
Félag tæknifólks í rafiðnaði	221	23	149	403	51	318
Fél. Sýningarm. V/ kvikm.hús	23	1	23	26	1	27
Félag símsmiða	167	5	167	168	5	173


Félag ísl. símamanna	802	371	633	692	412	677
Félag nema í rafiðnum	286	11	286	292	11	303
Samtals	3.551	461	3.297	3.898	504	3.536

Í dálknum **Alls** eru allir taldir, en í dálknum **Skattskyldir** er bókhaldslegur fjöldi þ.e. þeir sem eru félagsmenn hluta úr ári eru færðir saman og myndaður þannig heildarfjöldi fullgreiðandi félagsmanna. Sú stærð er notuð við skattgreiðslur til annarra sambanda sem RSÍ er aðili að.

**Nýja húsið við Stórhöfða.** Síðasta vor flutti RSÍ ásamt Lífið og Matvís í nýtt og glæsilegt húsnaði við Stórhöfða 31 í Reykjavík. Stórhöfði 29 og 31 er tvö sambyggð hús 1800 ferm. hvort á 4 hæðum með 600 ferm millibyggingu á tveim hæðum. Grafíð var út bílastæði fyrir ofan húsið og fengin þar rúmgóð aðstaða fyrir tjaldvagna og geymslur. Húsið er staðsett fremst á syðri bakka Grafavogs við Stórhöfða með gífurlega fallegu útsýni yfir flóann. Eignarhaldsfélagið 200 þús. naglbítar sem er í eigu að 75% af RSÍ og 25% af Matvís keypti millihúsið og hitt húsið, þ.e. nr. 29. Gerður var 10 ára leigusamningur við Íslandspóst og munum við eignast húsið að mestu á þeim tíma.

### Breyting á félagsgjaldi.

Um síðustu áramót var sá stofn sem notaður er til þess að reikna félagsgjaldið færður frá dagvinnutekjum yfir á heildarlaun. Þá var félagsgjaldið lækkað að meðaltali um 15% auk þess var þak félagsgjaldsins lækkað úr kr. 48.087 í kr. 43.000. Margir fara upp fyrir þakið, t.d. á síðasta ári námu endurgreiðslur rúmlega 7 millj. kr. Með nýja fyrirkomulaginu er reiknað með að innheimtan verði nær réttu gjaldi og endurgreiðslur minnki þar af leiðandi. Nauðsynlegt var að fara í þessa breytingu sakir þess að hrein daglaun eru sífellt að verða óskilgreindara hugtak. Fjöldi okkar fólks er með margskonar bónus eða svokölluð pakkalaun, þannig að erfitt er að skilgreina hvað séu daglaun og hvað séu önnur laun. Gjaldstofn til sjóða rafiðnaðarmanna eins og styrktarsjóðs, eftirmenntunarsjóðs og orlofssjóðs eru reiknaður af heildarlaunum, en félagsgjöldin af daglaunum. Þetta hefur valdið margskonar ruglingi.



Félagsgjaldið breytist eitthvað hjá öllum og mismunandi eftir tekjusetningu hvers einstaklings. Ef menn vinna að staðaldri mikla yfirvinnu eða meira en 93 yfirv.klst. á mánn. að jafnaði alla mánuði ársins, þá þýðir breytingin hækkun félagsgjalds. Ef unnin er minni yfirvinna jafngildir breytingin lækkun. Fyrir þá sem eru að greiða hæstu félagsgjöldin og liggja uppi í þakinu þýðir breytingin lækkun um 424 kr. á mánuði.

Undanfarin ár hefur lítið verið um verkfallsátök og verkfallsjóður er þess vegna orðinn mjög öflugur. Á þeim forsendum ákvað síðasta þing að 10% félagsgjaldsins fari tímabundið til orlofshúsakerfisins í nokkur ár vegna mikillar uppbyggingar og 14% í verkfallssjóð í stað 24% áður.

Nokkuð hefur borið á því að verktakar og aðrir hafi sótt í RSÍ vegna hagstæðra námskeiðsgjalda og góðra styrkja frá Styrktarsjóð, og viljað greiða einungis í þá sjóði og þá afturvirktil til þess að öðlast full réttindi strax. Þessir aðilar hafa svo gefið upp laun sem eru lægri en lægstu taxtar á vinnumarkaði. Settar hafa verið strangari reglur um inngöngu í sambandið. Það er leitt til þess að vita að til séu aðilar, sem hiklaust ætlast til þess að fá að njóta alls þess sem fullborgandi félagsmenn hafa skapað án þess að taka þátt í að greiða fyrir það.

### **RSÍ 30 ára, kvennalandsliðið styrkt.**

Síðasta haust varð RSÍ 30 ára. Í tilefni af því var lagt meira í Jónsmessuhátíðina síðastliðið sumar. Þangað komu á þriðja hundrað manns og var fádæma góð stemming. Í september var haldin fjölskylduhátíð í og við nýja húsið, töluverður fjöldi gesta kom og skoðaði húsið og tók þátt í skemmtiatriðum, m.a. að spila við kvennahandboltalandsliðið.

RSÍ gerðist aðalstyrktaraðili íslenska kvennahandboltalandsliðsins, með 3ja ára samning. Með því vill RSÍ minna á það forvarnarstarf sem unnið er í íþróttahreyfingunni. Í samningnum stendur m.a. : A-landslið kvenna í handknattleik mun leika með auglýsingu frá RSÍ á keppnisbúningum sínum Á æfingabúningi verður auglýsing frá skólum rafiðnaðarmanna. Landsliðsmenn og þjálfarar HSÍ munu taka þátt í kynningarstarfi RSÍ Tvö skilti með merkjum RSÍ og Rafiðnaðarskólans verða sett upp á öllum landsleikjum, A-landsliða karla og kvenna, í handknattleik héraendis. RSÍ verður helsta stuðningsfyrirtæki HSÍ og íslenska kvenna landsliðsins í handknattleik í sambandi við undirbúning og þátttöku liðsins í stórmótum til 31. mars 2003. Fyrir auglýsingar við leikvöll og á keppnisbúningi mun RSÍ og Rafiðnaðarskólinn greiða HSÍ kr. 2.100.000 (auk vsk) á meðan á samningstíma stendur. RSÍ mun verðlauna árangur A-landsliðs kvenna sérstaklega nái landsliðið eftirfarandi árangri á samningstímanum, 200.000 kr. fyrir að spila í forkeppni HM sem haldinn verður í nóvember árið 2000.og 200.000 kr. fyrir að spila í áskorendaleik um sæti á HM í maí árið 2001.

### **Heimasíðan**

Umfang heimasíðu RSÍ hefur vaxið jafnt og þétt. Greinilegt er að félagsmenn og aðrir nota síðuna mikið og fer heimsóknum stöðugt fjölgandi og hafa undanfarið farið í um 1.200 á viku að jafnaði. Þar er mikið magn af upplýsingum um launamál og kjarasamninga sambandsins. Auk þess eru ítarlegar upplýsingar um sjóði sambandsins og réttindi félagsmanna. Í vetur kom fram ósk um að birta fundargerðir miðstjórnar og eru þær komnar á heimasíðna.

Heimasíðan hefur auk þess reynst mjög góður vettvangur til þess að koma á framfæri upplýsingum um starfsemina og skoðunum og sjónarmiðum sambandsins. Mikil greinaskrif voru á síðunni síðasta ár þá sérstaklega vegna undirbúnings þings ASÍ. Þar kynntum við sjónarmið okkar hvers vegna við töldum að breyta þyrfti skipulagi ASÍ. Margir í verkalýðsforystunni virtust ekki þola þessa umræðu, en í stað þess að svara með málefnanlegum hætti var lagst í hinar venjubundnu skotgrafir, eins og reyndar er algengt meðal okkar íslendinga. Fræg ummæli nóbelskálans í Innansveitarkróníku lýsa þessu vel, “*Því hefur verið haldið fram að íslendingar beygi sig lítt fyrir skynsamlegum rökum, fjármálarökum varla heldur, en leysi vandræðu sín með því að stunda orðhengilshátt og deila*



*um titlingaskít sem ekki kemur málinu við, en verði skelfingu lostnir og setji hljóða hvenær sem komið er að kjarna málsins.”* En við urðum áþreifanlega varir við að mjög margir lesa þau sjónarmið, sem sett eru fram á síðunni og oft vitnað til hennar í fjölmiðlum. Árangur þessarar baráttu var m.a. nýtt skipulag ASÍ sem var samþykkt á síðasta þingi, það var nánast eins og við höfum barist fyrir.

Gríðarlegur vöxtur síðunnar hefur leitt til þess að slóðir eru ekki alltaf nægilega greinilegar. Í undirbúningi er endurhönnun síðunnar, eins verður hún gerð gagnvirkari m.a. með því að félagsmenn geti slegið inn félagsnúmer sitt og fengið upplýsingar um stöðu sína, t.d. punktafjölda í orlofskerfinu. Eins upplýsingar um hvaða orlofshús eru laus og sótt um orlofshús.

### **Nám aðstoðarmanna símsmiða veldur deilum.**

Síðastliðin vetur auglýsti MFA námskeið fyrir aðstoðarmenn Símsmiða sem gerð hafði verið í samstarfi við Landsímamann og Eflingu. Þetta vakti undrun rafiðnaðarmanna, þar sem námið hafði verið skipulagt án alls samráðs við RSÍ og fræðslunefndir í rafiðnaði. Ófært væri að önnur félög en RSÍ og starfsgreinaráð rafiðnaðarins væru að skipuleggja nám rafiðnaðarmanna. Símsmiðir hefðu lagt í mikla baráttu fyrir réttindamálum sínum, með þessu væri stefnt í hættu þeim árangri sem þeir hefðu náð. Þegar námið var skoðað kom í ljós að teknir höfðu verið nokkrir námsáfangar úr námi símsmiða. RSÍ fór fram á viðræður við Eflingu og Landssímamann sem stóðu að náminu og varð samkomulag um að það yrði fellt að námi símsmiða og viðurkennt sem hluti í námskerfi rafiðnaðarmanna, svo þeir sem færu í þetta nám lentu ekki á blindgötu. :að vakti undrun rafiðnaðarmanna að eftir þessa lausn sem var mjög hagkvæm aðstoðarmönnum, birti Efling í félagsblaði sínu einkennilega grein um að rafiðnaðarmenn stæðu í vegi fyrir námsmöguleikum ófaglærðs fólks.

### **Samkomulag við Eflingu og Starfsgreinasambandið um félagsaðild**

Í þessum viðræðum var farið yfir hvernig félagsaðild yrði háttað. Samkomulag varð um að fylgja þeim meginlínum, að þeir sem tækju stutt námskeið í rafiðnaðargreinum og störfuðu á starfsviði rafiðnaðarmanna gætu sjálfir valið um hvort þeir væru í félögum innan Starfsgreinasambandsins eða innan RSÍ. En þeir sem væru í skipulögðu rafiðnaðarnámi væru eins og áður í Félagi nema í rafiðngreinum. Þeir sem hefðu lokið námi í grunndeild og færu þá út á vinnumarkaðinn og störfuðu við rafiðnaðarstörf væru innan RSÍ, þá í Félagi tæknifólks, þ.e.a.s. ef þeir vildu vera félagar í stéttarfélagi.

Þetta samstarf hefur gengið vel, nokkuð hefur verið um að menn hafi viljað færa sig yfir til okkar en vinnuveitandinn hefur hafnað því. Það er þetta með félagafrelsið, það er nokkrir sem túlka það þannig, að það sé frelsi vinnuveitenda til þess að ákveða hvort og þá í hvaða stéttarfélagi launamenn séu.

### **Trúnaðarráðstefna RSÍ 2000**

Dagana 20. – 22. október var hin árlega trúnaðarráðstefna RSÍ haldin í Ingólfshvoli í Ölfusi. Ráðstefnugestir voru 73 og bjuggu í Ölfusborgum. Ráðstefnan hófst föstudag kl. 19.30 á því að Gunnar Arnason sjóðsstjóri hjá Lífiðn fór ítarlega yfir séreignardeild sjóðsins og þá valmöguleika í ávöxtunarleiðum sem sjóðurinn býður upp á. Í dag nýta tæplega fjórðungur félagsmanna RSÍ sér ný ákvæði kjarasamninga um séreign. Það er mun hærra hlutfall en hjá öðrum, en er víðsfjarri því að vera ásættanlegt. "Þessi sparnaður er svo hagstæður þegar móttframlag atvinnurekanda er komið inn í dæmið ásamt framlagi ríkisins", sagði Gunnar, "að það er einkennilegt að fleiri skuli ekki nýta sér þennan sparnaðarmöguleika og við munum gera átak í því að kynna það fyrir sjóðsfélögum."

Næst fór Stefán Ó. Guðmundsson yfir starfsemi Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins. Skrifstofan er nýflutt ásamt Fræðsluskrifstofu Matvís í nýja húsið að Stórhöfða 31. Helstu verkefni Fræðsluskrifstofunnar eru samskipti við Menntamálaráðuneytið m.a. umsjón sveinsprófa, námssamninga og endurskoðun námskráa rafiðngreina. Einnig metur skrifstofan nám og

réttindi þeirra sem vilja hefja nám í rafiðnaðargreinum, einnig fjallar hún um réttindi erlendra rafiðnaðarmanna.

Þá var komið að Birni Ágúst Sigurjónssyni formanni orlofsnefndar. Hann fór yfir fyrirhugaðar framkvæmdir á vegum nefndarinnar og útleigu orlofseigna RSÍ. Mikil umræða varð um framleigu orlofshúsa og hvernig hún hefur vaxið undanfarin misseri. "Það er óásættanlegt að fjölmargir félagsmenn standi í langri biðröð eftir orlofshúsi, á meðan utanfélagsmenn eru að nýta húsin. Við erum að greiða niður hverja viku um 17 - 20 þús. kr. úr félagssjóði og þeir peningar eiga að renna til félagsmanna og barna þeirra, ekki annarra. Til þess að sporna gegn þessu verður frá og með næstu áramótum teknir þrjú punktar af fyrir hverja vetrarleigu. Einnig kemur til greina að vera með tvennskonar gjaldskrá. Öbreytta fyrir félagsmenn, en ef komið er að einhverjum utanaðkomandi í húsunum þá verða þeir að greiða fullt verð eða kr. 35 þús fyrir hverja viku."

Dagskránni lauk kl. 11.30 á föstudagskvöld og kl. 9.00 á laugardagsmorgun mættu Ásmundur Stefánsson og Rannveig Einarsdóttir og fjölluðu um samningatækni og samskipti innan samninganefnda. Innlegg þeirra var vægast sagt mjög fróðlegt og almenn ánægja meðal ráðstefnugesta. Á laugardagskvöld var sameiginlegur kvöldverður.

Á sunnudagsmorgun hófst ráðstefnan kl. 10.00 með því að formaður RSÍ fjallaði um starfsemi RSÍ. Hann fór sérstaklega yfir félagsgjaldið og hvernig það skiptist. Félagsgjaldið breytist nú um áramótin úr 2% af daglaunum í 1,15% af heildarlaunum. Það er rúmlega 15% lækkun á félagsgjaldinu.

Félagsgjaldið skiptist þannig í dag 40% fer til sambandsins, 35% til aðildarfélags, 14% í vinnudeilusjóð, 10% í orlofssjóð og 1% í styrktarsjóð. Sambandið sér um allan félagslegan rekstur, gerð og umsjón kjarasamninga. Allir starfsmenn eru hjá RSÍ og flestallir félagsfundir eru haldnir á sameiginlegum grunni á vegum RSÍ. Sambandið hefur með að gera alla umsjón sjóða rafiðnaðarmanna, orlofssjóð og umsjón og viðhald orlofshúsa. Styrktarsjóð, úthlutun dagpeninga, íþóttastyrkja, útfararstyrkja og annarra styrkja. Umsjón verkfallssjóðs og menningarsjóðs sem á allar húseignir RSÍ eins og Stórhöfðann og skrifstofur út á landi.

Aðildarfélög nýta sinn hluta til kostnaðar vegna stjórnarfundar og einnig eiga þau stóran hluta þess húsnæðis sem Rafiðnaðarskólinn er í. Þau styrkja skólann í því formi að húsaleiga er í lágmarki og oft er hún gefin til baka í formi kennslutækja.

Verkfallssjóður RSÍ er einn fárra innan ASÍ og er sá langsterkasti pr. félagsmann. Einnig býr sambandið að því skipulagi að það er með 25 sér kjarasamninga þannig að hverfandi líkur eru á að allt sambandið fari samtímis í verkfall. Þó að hluti félagsmanna sé í átökum, þá er hinn hlutinn í vinnu og greiðir í sjóðinn. Guðmundur svaraði spurningum um hvort hægt væri að lækka félagsgjaldið frekar. "Það er hægt, en hvað vilja menn þá taka í burtu? Við erum með 5 starfsmenn í félagslegu þjónustunni og umsjón orlofshúsanna, það er ekki hægt að minnka þar nema þá að skerða þjónustuna, sem ég á ekki von á að félagsmenn sætti sig við. Þá er það verkfallssjóðurinn mörg stéttarfélög eru ekki með verkfallssjóð, en eftir því sem ég hef heyrt á félagsfundum, þá á ég ekki von á það sé vilji til hjá okkur að skerða hann. Það væri þá helst að lækka þann hluta sem rennur til aðildarfélaga, en ég á ekki von á að aðildarfélögin séu tilbúin til þess".

Síðan tók skrifstofustjóri RSÍ Helgi R. Gunnarson við og fór yfir reglugerð Styrktarsjóðsins. Sjóðurinn er með ákaflega rúma reglugerð og eru félagsmenn með góðar tryggingar í gegnum sjóðinn. Hann greiðir 250 þús. kr. vegna útfarar, auk þess greiðir hann svipaða upphæð til eftirlifandi maka og einnig bætur til barna sem eru undir 18 ára. Sjóðurinn tryggir sjóðfélögum eftir að greiðslum frá atvinnurekenda lýkur 80% af meðaltali launa næstliðinna 6 mánaða. Sama gildir um fæðingar- og foreldraorlof. Auk þess greiðir hann styrki vegna áfengismeðferðar, glasafrjógvunar, lýtaaðgerða og lyfjakostnaðar auk þess eru heimildir til þess að styrkja félagsmenn í sérstökum tilfellum.

Gjaldkeri RSÍ Rúnar Bachmann fór yfir fjárhagsáætlun RSÍ og sjóða sambandsins fyrir 2001. Áætlaðar tekjur sambandsins verða á næsta ári um 41.5 millj. kr. Áætluð gjöld skiptast í laun og rekstrarkostnað 21 millj. Funda- og fræðslukostnaður 7 millj. Samningar 4 millj.

Heimasíða og jólablað RSÍ blaðsins 4.8 millj. Félagstarf, fjölskylduhátíð, golfmót 2.7 millj. Ýmis kostn. m.a. styrkur til kvennahandboltalandsliðsins 1,2 millj.

Í lok ráðstefnunnar kom skrifstofustj. ASÍ Halldór Grönvold og fjallaði um þær breytingar á fæðingar- og feðraorlofslögum sem urðu um síðustu áramót. Þar er um verulega réttarbót að ræða fyrir launamenn og umtalsverður sigur fyrir þá því fyrir þessu höfum við barist í mörg ár. ASÍ mun gefa út kynningarbæklinga í næsta mánuði.

### **Alþýðutrygging**

Það hefur lengi verið mikið kappsmál rafiðnaðarmanna að kannað yrði innan verkalýðshreyfingarinnar hvort grundvöllur væri á að koma á svipuðu tryggingarkerfi og samtök launamanna á hinum Norðurlöndunum hafa byggt upp. Þetta mál hefur verið á umræðustigi um langt árabíl. Eins og kom fram í síðustu skýrslu var ákveðið að stofna undirbúningsfélag, sem myndi láta kanna hvaða tryggingarpökkum væri hægt að koma á og hvað það myndi kosta. Guðmundur Hilmarsson framkv.stj. Undirbúningsfélags Alþýðutryggingar hf kom á fundi hjá RSÍ síðastliðið ár og kynnti stöðu mála. Þar kom m.a. fram að um 18.000 manns stæðu utan verkalýðsfélaga og færi fjölgandi. Þá nema tekjur sjúkrasjóða um 1 milljarð á ári og að rekstrarkostnaður margra sjóðanna væri allt að 50% af tekjum. Fram kom að margir sjúkrasjóðir væru mjög illa á vegi staddir hvað varðaði bótagreiðslur til félagsmanna, en einkennilegt væri að mörg þeirra félaga sem verst væru stödd virtust ekki hafa áhuga á þátttöku, þrátt fyrir að við blasti umtalsverð réttarbót félagsmanna þeirra. Aðeins eru 3 sjóðir sem greiða bætur sem nema allt að 80% af tekjum og er sjúkrasjóður RSÍ einn af þeim. Það þarf um 33.000 manns til þess að þessi trygging geti orðið að veruleika, og fram kom að tryggingin mun aldrei geta náð yfir það svið sem sjóðirnir spanna.

Miðstjórn RSÍ tók jákvætt í það að standa að stofnun tryggingafélags, þrátt fyrir að ekki væri sjáanlegur hagur fyrir félagsmenn RSÍ af þeirri tryggingu sem boðið væri upp á í byrjun. En þar sem hér er um að ræða mikla réttarbót fyrir íslenska launamenn og það væri ábyrgðarhluti að henda því frá sér. Þetta væri einungis fyrsta skrefið í að byggja upp öflugt tryggingafélag samborið við reynslu félaga okkar á Norðurlöndunum. Verzlunarmenn tóku ekki í mál að vera með í þessu og það gerði samsetningu hópsins óhagkvæmari til tryggingar en ella. Á hluthafafundi sem haldinn var í haust kom í ljós að einungis Rafiðnaðarsambandið ásamt þremur öðrum verkalýðsfélögum út á landi lýstu yfir vilja til þess að stofna Alþýðutryggingu. Þá var ekkert annað að gera en að slíta félaginu.

Nú nýlega er farið að hreyfa málinu aftur í framhaldi af því að nokkrir tryggingarmiðlarar hafa haft samband við stéttarfélögin og boðið þeim margskonar hóptryggingar á mjög góðu verði. Að tillögu formanns RSÍ var samþykkt í miðstjórn ASÍ að stofna nokkurskonar tryggingarráð sem reyndi að hafa heildarsýn yfir tilboðin og þá að reyna að ná saman sem flestum stéttarfélögum til þess að ná verðum niður.

### **Byggingarreglugerð og löggildingar rafvirkjameistara**

SART og RSÍ vöktu í vetur athygli á því ófremdarástandi sem skapaðist vegna löggildinga Umhverfissráðuneytisins til handa rafvirkjameisturum samkvæmt Skipulags- og byggingarlögum frá 15. maí 1997 og Byggingarreglugerð frá 1998.

Löggilding Umhverfissráðuneytisins til handa rafvirkjameisturum veitir þeim engan rétt, þar sem að veitingin stangast á við önnur lög og reglugerðir, þ.e.a.s. Lög um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga. Jafnframt reglugerð um raforkuvirki, en þar segir m.a "B löggilding er löggilding til rafvirkjunarstarfa við lágspennuvirki og til viðgerða á hverskonar rafföngum á lágspennusviði á almennum markaði." Auk þess segir : "Sá sem vill öðlast B löggilding, sem er löggilding til starfa við lágspennuvirki verður að: Hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi rafiðna (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja."

Byggingarreglugerðin í heild sinni stenst ekki gagnvart rafvirkjameisturum. Í öllum tilfellum þurfa þeir löggilding Löggingarstofu skv. Reglugerð um raforkuvirki.

Skipulags- og byggingarlögum og Byggingarreglugerðinni þarf að breyta hvað varðar hlut rafvirkjameistara. Það þarf að setja inn í lögina og reglugerðina að viðkomandi þurfi að hafa löggildingu Löggildingarstofu skv. Reglugerð um raforkuvirki. Þangað til það er hægt þarf að setja skýrar verklagsreglur um löggildingu rafvirkjameistara og koma í veg fyrir að vaktar séu upp falskar vonir rafvirkja og þeirra annara sem ekki eiga þess kost að öðlast löggildingu Löggildingarstofu skv. Reglugerð um raforkuvirki.

Erindi vegna þessa máls voru send lðnaðar- og viðskiptaráðherra og Umverfisráðherra.

## Deilur við Sultartanga

Á síðasta ári voru deilur vegna faglegs frágangs við Sultartanga og vegna samskipta milli íslenskra fyrirtækja og erlendra. RSÍ mótmælti þeirri mismunun sem felst í því að Landsvirkjun þýðir verkútboð á erlend tungumál, íslensk fyrirtæki verða að kaupa dýra túlkun yfir á íslensku ef þau ætla að geta boðið í verkin. Einnig gagnrýndi RSÍ mismunandi mati sem lagt væri á fagleg vinnubrögð. Þess er krafist réttilega af íslenskum rafiðnaðarmönnum að þeir skili verkum sínum með faglegum hætti og noti viðurkenndan búnað. Gagnvart erlendum fyrirtækjum væri allt annað upp á teningnum. Þau komast upp með lélegan frágang og eru stundum að setja upp búnað sem ekki er viðurkenndur gagnvart íslenskum fyrirtækjum. Vanir íslenskir rafiðnaðarmenn sem hafa starfað við uppsetningu á fleiri en einni virkjun sögðu að Sultartangavirkjun væri faglegur ruslahaugur. Þegar erlendu rafiðnaðarmennirnir væru farnir yrði Landsvirkjun að laga þann búnað, sem erlendu fyrirtækin hafa komist upp með að setja þar upp og endurmontera þurfi skápa sem þeir hafi sett upp. Í heimsóknum starfsmanna RSÍ á staðin kom í ljós að margt var ábótavant við aðbúnað og öryggistæki á staðnum. Þegar Landsvirkjun var bent á þetta var það lagfært umyrðalaust.

Forstjóri Landsvirkjunar bauð síðar framkv.stjórn RSÍ í skoðunarferð í Sultartanga, þá var búið að lagfæra allt sem misfarist hafði. Forsvarsmenn Landsvirkjunar vonuðust til þess að svona slys myndu ekki koma fyrir aftur, en það væri erfitt að eiga við sum erlendu fyrirtækjanna.

Eins risu upp deilur milli innlendra og erlendra rafverktakafyrirtækja vegna uppgjöra á verkum. Starfsmaður RSÍ fór á fund forsvarsmanns erlendu fyrirtækjanna og afhentu þeim bréf með mótmælum vegna mismunandi faglegra krafna sem gerðar eru til íslenskra og erlendra fyrirtækja. Því var einnig mótmælt að erlendu fyrirtækin gerðu ekki upp við íslenska undirverktaka og þegar þeir reyndu að þrýsta á um greiðslur flyttu erlendu fyrirtækin inn erlenda rafiðnaðarmenn og létu þá ganga í störf íslendinganna. Forsvarmönnum erlendu fyrirtækjanna var bent á þá venju sem tíðkist hér, að rafiðnaðarfyrirtæki og rafiðnaðarmenn gangi ekki inn í verkefni hjá öðrum fyrirtækjum standi yfir deilur um uppgjör eða ógreidd laun.

Forsvarsmáður erlenda fyrirtækisins brást illa við. Þegar starfsmaður RSÍ ætlaði að fara að tala við írsku rafiðnaðarmennina og afhenda þeim einnig þessi gögn, bannaði hann þeim að tala við íslendinga og taka við nokkru skriflegu efni frá þeim. Hinir írsku félagar okkar tjáðu þá starfsmanni RSÍ að ef þeir töluðu við hann þá yrði þeim sagt upp og þeir sendir heim með næstu vél. Rétt er að taka fram að hinir írsku félagar okkar eru greinilega færir og vanir rafiðnaðarmenn. Það er aftur á móti það efni sem þeim er gert að vinna úr og þau afköst sem þeim er gert að skila sem leiða til þess ástands sem er á rafbúnaðinum.

Við nánari athugun virðist enginn hafa löggildingu hér á landi fyrir hið írsku fyrirtæki og það er því Landsvirkjun sem leppar það og er því í raun faglega ábyrgt fyrir óvönduðum búnaði og vinnubrögðum. Síðar þurfti að stöðva vélar virkjunarinnar til að skipta út lágspennustýriskápum sem eru faglega óásættanlegir og óhæfir. Einnig þurfti að skipta þá út öðrum hlutum sem reyndust ónothæfir.

## Orlofshúsin

### Úthlutanir

Í vetur hefur verið unnið að endurbótum á forritinu sem heldur utan um útleigu orlofshúsanna

og úthlutanir. Þar er m.a. gert ráð fyrir að hægt sé að tengja heimasíðuna við kerfið þannig að félagsmenn geti séð punktafjölda sinn, hvaða hús séu laus og sótt um lausar helgar og vikur.

Eftir að RSÍ keypti hús á Spáni komu fjölmargar beiðnir um að sambandið leigði hús þar í sumar og öðlaðist þannig reynslu fyrir næsta vetur þegar húsin okkar verða sett í leigu. Við því var orðið og var eitt hús leigt. Fjöldi umsókna barst og þegar búíð var að úthluta kom í ljós að auðvelt var að fylla aðra íbúð og var hún því leigð. Ákveðið var að leigja húsin út í tveggja vikna pökkum og dreifa jafngildi einnar niðurgreiðslu orlofshúsanna hér heima á hvert tímabil.

Umsóknir um páskana voru nú um þrefallt fleiri en áður. Alls sóttu 95 um þá 29 valkosti sem í boði voru. Langflestir sóttu um íbúðirnar á Akureyri, en einnig umtalsverður fjöldi um potthúsin á Suðurlandi og í Borgarfirði. Inn í þetta spilar örugglega tvennt, ekkert skíðafæri á Suðvesturhorninu og eindæma blíða á landinu. Allt fór út í fyrstu umferð utan annað húsið í Lóni og eitt minni húsanna á Klaustri.

Nú er lokið fyrri úthlutun orlofshúsanna. 681 sóttu um í fyrri úthlutun. 542 vikur voru til úthlutunar og fengu 404 það sem þeir sóttu um í fyrri úthlutun. 138 vikur fara því í seinni úthlutun ásamt þeim vikum sem ekki verða staðfestar. Töluverður fjöldi vikna tjadvagnanna fór, þeir hafa alltaf farið jafnarðan yfir sumarið. Sama má segja um litlu húsin á Spáni og fellihýsin í Þórsmörk.

### **Framleiga húsa og slæm umgengni**

Á síðasta ári var mikil umræða meðal félagsmanna um framleigu orlofshúsa og hve mikið hún hafi vaxið undanfarin misseri. Það er óásættanlegt að fjölmargir félagsmenn séu í langri biðröð eftir orlofshúsi, á meðan utanfélagsmenn væru að nýta húsin. Við erum að greiða niður hverja viku um 17 - 20 þús. kr. úr félagssjóði að jafnaði og þeir peningar eiga að renna til félagsmanna og barna þeirra, ekki annarra. Til þess að sporna gegn þessu var um síðustu áramót ákveðið að taka þrjá punkta af fyrir hverja helgarleigu um veturna. Einnig kemur til greina að vera með tvennskonar gjaldskrá. Óbreytta fyrir félagsmenn, en ef komið er að einhverjum utanaðkomandi í húsunum þá verða þeir að greiða fullt verð eða kr. 35 þús fyrir hverja viku.

Það er einnig áhyggjuefni að umgengni um húsin hefur í sumum tilfellum ekki verið nægjanlega góð. Þrífnaður er stundum ekki ásættanlegur. Sumir hafa verið með kröfur um að sambandið sjái um þríf milli útleiga. Það segir sig sjálf að ef svo væri þá væri ekki verið að tala um að leigja út hús fyrir þær upphæðir sem útleigan er í dag, leiguverðið þyrfti þá væntanlega að hækka um helming.

### **Viðhald húsa og ný hús.**

Samstarf við Matvís í orlofshúsamálum hefur vaxið og hefur það verið rætt að sameina sem mest viðhaldsvinnu við húsin. Orlofskerfið er orðið mjög umfangsmikið í rekstri, húsin eldast og kalla á meira viðhald. Bera þarf á þau og palla reglulega og heitu pottarnar eru frekir á viðhald. Við höfum árlega gróðursett mikið á orlofssvæðum RSÍ og hefur sú vinna skilað miklum árangri og hafa sum svæðin tekið stakkaskiptum á síðustu árum. Stór og myndarleg tré eru kominn og skjól við húsin að aukast.

Á síðasta sumri var boðið upp á nýja valkosti. 3 ný hús voru tekin í notkun við Hæðargarðsvatn við Kirkjubæjarklaustur. Þetta eru 30 ferm. hús með einu svefnherbergi en önnur aðstaða er svipuð og í hinum orlofshúsunum. Húsin voru ekki sett inn í úthlutunarkerfið heldur var þeim úthlutað með sama hætti og í vetrarleigunni, menn geta hringt inn og pantað eina eða fleiri nætur. Þetta reyndist vinsælt og voru húsin í leigu allar helgar og oft í miðri

viku. Félagsmenn sem voru á ferð um svæðið nýttu húsinn oft í miðri viku. Nokkur húsanna við Hæðargarðsvatn hafa verið í leigu í vetur

Í fyrra gerum við samning við Einingu á Akureyri, þeir fengu eitt húsa okkar í Lóninu en við fengum eitt hús á Illugastöðum, báðir aðilar voru ánægðir með þetta fyrirkomulag og var ákveðið að halda því áfram þetta ár.

Undanfarin ár hefur margsinnis komið upp sú umræða hvort sambandið eigi að kaupa orlofshús erlendis þá hefur sérstaklega verið bent á Spán, sakir þess að mörg starfsmannafélög og einstaklingar hafa keypt fleiri hundruð hús á svæðinu kringum Torreveija, rétt sunnan Alicante. Nú eru þangað reglulegt flug a.m.k. einu sinni á viku frá páskum fram á haust. Því var ákveðið að starfsmenn sambandsins færu þangað í haust og þeir myndu kynna sér hvaða möguleikar væru í boði. Niðurstaða þessa varð sú að RSÍ keypti 2 hús og Matvís keypti eitt. Húsin verða afhent næsta vetur og ætlunin að þau verði tekin í notkun páskana 2002. Þessi umræða varð til þess að fjöldi beiðna kom fram um að sambandið leigði hús í sumar á þessu svæði. Sambandið leigði því tvö hús og eru þau þegar fullleigð.

Einnig var ákveðið að leigja orlofshús í Vestmannaeyjum í sumar og setja það inn í útleigukerfið, golfáhugamenn hafa lýst yfir sérstakri ánægju með þetta framtak.

Í vetur hafa orlofshúsin við Skorradalsvatn verið tekin í gegn, skipt um húsbúnað og skápa. Verandir endurnýjaðar og sett upp útgeymsla. Ákveðið hefur verið að taka þessi hús úr leigu yfir háveturinn, aðkoma að þeim er erfið á veturna, bratt og snjópungt. Á þeim forsendum hefur miðstjórn ákveðið að það verði ekki settir heitir pottar við húsin á næstunni a.m.k.

Á síðasta ári var farið í svipaðar framkvæmdir á 3 húsum sambandsins við Einarstaði.

Um áramótin síðustu keypti RSÍ fjórðu íbúðina við Ljósheima. Hún er eins og stærri íbúðin sem við eigum þar, um 80 ferm. með tveimur rúmgóðum svefnherbergjum. Það þurfti að leggja í töluverðar endurbætur á íbúðinni svo hún yrði sambærileg og hinar íbúðirnar. Það var orðin veruleg þörf á að bæta við íbúð hér í Reykjavík, hinar íbúðirnar voru bókaðar langt fram í tímann.

Svignaskarðshúsin hafa verið með vinsælustu húsum sambandsins síðan við skiptum þar um hús og settum upp heita potta upp við húsin. Þetta varð til þess að fleiri stéttarfélög settu upp heita potta við hús sín og vatnsnotkun hefur því margfaldast á svæðinu. Fyrir nokkru barst tilkynning um að nú væri svæðið vatnslaust og taka yrði húsin úr leigu. Þetta snerti okkur vitanlega illa því við vorum búin að leigja húsin út fram í miðjan maí. Vatn er tekið úr mel sem er skammt frá Gljúfurá. Í þurrkum hefur vatni úr ánni verið dælt á melinn. En melurinn var frosinn þannig að ekki var hægt að gera það nú. En með því að láta vatn úr nýrri hitaveitu renna á melinn var hann þýddur og komst vatn á aftur eftir 2ja vikna hlé. Greinilegt er að það verður að taka til hendinni og koma upp öflugri kaldavatnsveitu við Svignaskarð.

Eftir áralanga baráttu fengum við loks að setja upp heita potta við orlofshúsin okkar í Ölfusborgum. Svo einkennilegt sem það nú er þá snéru öll félögin sem barist höfðu hvað harkalegast gegn okkur, við blaðinu og vildu fá heita potta. Þetta varð til þess að auka þurfti afkastagetu heitavatnskerfisins. Eftir að nýja hitakerfið var tekið í notkun síðasta sumar kom í

ljós að ekki hafði verið nóg að gert og afkastageta þess var enn ekki nægjanleg. Í vetur hafa farið fram endurbætur og er nú talið að búið sé að komast fyrir alla byrjunarörðugleika. Eins og við höldum fram fyrir daufum eyrum þá hefur notkun húsanna í Ölfusborgun aukist jafnt og þétt síðan heitu pottarnir komu.

Með tilkomu orlofssvæðisins við Apavatn var ákveðið að selja húsin á Snæfoksstöðum og Hraunborgum. Eins og kom fram í síðustu skýrslu var hætt við að selja húsið í Hraunborgum, sakir þess hversu vinsælt það er. Annað húsið á Snæfoksstöðum var selt strax og var ætlunin að selja hitt síðasta sumar. Ekki fengust viðunandi tilboð í húsið, eins ákvað miðstjórn að fresta fjölgun húsa við Apavatnið á meðan sambandið væri að kljúfa byggingarkostnað á nýju skrifstofuhúsi. Því var ákveðið að fresta sölu hússins, enda er það í leigu allt árið.

### **Tjaldvagnaútgærðin**

Síðastliðið sumar var gerð tilraun með að bæta við 4 nýjum og minni vögnum en þeim sem við höfum verið með. Þessi tilraun mistókst algjörlega, vagnarnir þoldu engan vegin þá notkun sem útleiga og umgengni margra býður upp á. Vagnarnir voru því seldir aftur og nýir vagnar, samskonar og við höfum átt, keyptir í stað þeirra.

Síðasta sumar voru 3 tjaldvagnar staðsettir inni á svæði Útivistar í Básum í Þórsmörk. Þeir voru ekki settir inn í úthlutunarkerfið heldur leigðir út með sama hætti og í vetrarleigunni. Þessi útgærð vakti mikla athygli og ánægju margra. Vagnarnir voru í leigu allar helgar, en lítið í miðri viku. Að fenginni reynslu frá því í fyrra, þá verða tjaldvagnarnir sem voru inn í Þórsmörk settir aftur í útleigukerfið, en fellihýsi keypt og þau sett upp inn í Þórsmörk. Frá vögnunum er stutt í snyrtingar Útivistar og aðgengi að sturtum. Dvalargestum stendur til boða öll dagskrá sem Útivist býður upp á, varðeldar á laugardagskvöldum og gönguferðir um svæðið.

Tjaldvagnaútgærðin hefur undanfarin sumur verið rekin í samvinnu við Matvís og hefur það rekstrarform reynst báðum aðilum farsælt. Nokkrir vagnar hafa verið staðsettir á Akureyri og hafa félagsmenn nýtt sér þann möguleika vel.

### **Orlofssvæðið**

### **við**

### **Apavatn**

Þegar við tókum við orlofshúsum FÍS við Apavatn þurftu þau umtalsverða endurnýjun. Árið 1999 var sett tjaldstæðið sett hús með snyrtingum og sturtum. Síðasta sumar var skógurinn grisjaður og tjaldsvæðinu skipt upp í bása. Í sumar voru nýttir gamlir símastaurar sem voru á svæðinu og sett upp stærri leiktæki og eins reist grind fyrir opinn skála í fallegu rjóðri á tjaldsvæðinu. Rjóðrið hefur verið nýtt af gestum tjaldsvæðisins á kvöldin til samveru og söngva. Þar verður í vor sett upp vaskur, gasgrill og borð. Vinsældir tjaldsvæðisins hafa verið vaxandi. Við höfum ekki auglýst það utan félagsins, en félagsmenn koma oft með gesti með sér og var stundum fjölmennt þar síðasta sumar.

Veturinn 1999/2000 var skipt um allar innréttingar í orlofshúsunum fjórum og þau endurskipulögð. Í vetur hefur hluti stóra hússins verið tekinn í gegn. Snyrtingar endurnýjaðar og bætt við sturtum. Einnig voru tvö svefnherbergjanna tekin í gegn. Næsta vetur er áformað að ljúka endurnýjun hússins, þá verður eldhúsið flutt inn í salinn, þar sem nú eru tvo lítil svefnherbergi. Þau verða aftur á móti sett upp þar sem eldhúsið er nú og stækka þau umtalsvert við það.

Með tilkomu tjaldsvæðis þá var ákveðið að ráða sumarstarfsmann til þess að sjá um svæðið á Apavatni. Í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur var ákveðið að reisa í vetur nýtt umsjónarmannshús við innkeyrsluna á svæðið og hafa undir því stóran kjallara sem rúmaði tækjabúnað og þann varabúnað sem þarf fyrir orlofshúsin í Árnessýslu. Þá væri hægt að rýma umsjónarmannsíbúðina í stóra húsinu og

geymslurnar. Félagsmenn sem hafa haft húsið í leigu hafa kvartaði undan því að hafa umsjónarmann inn á sér. Umsjónarmenn hafa svo kvartað undan því hversu hljóðbært húsið sé og hafa oft frekar kosið að gista á tjaldsvæðinu um helgar. Með tilkomu nýja hússins er hægt að rýma geymslurnar í stóra húsinu og stækka þá íbúðina og gera hana skemmtilegri og leigja hana út með húsinu. Þar sem geymslurnar eru aðskildar í kjallaranum verður hægt að hafa nýja umsjónarmannshúsið í helgarleigu yfir veturinn og var það tekið í notkun um síðustu páska.

Með aukinni notkun húsanna á Apavatnssvæðinu kom í ljós að heita vatnið var ekki nægjanlegt og við fengum ekki allt það vatn sem við vorum að greiða fyrir. Seljandinn stækkaði því heimæðina á síðasta ári og stækkaði dælurnar. Með tilkomu tjaldsvæðisins kom það fyrir nokkrum sinnum á síðasta sumri að kalda vatnið þraut. Kalda vatnið er tekið úr borholu á svæðinu og með botndælu. Við höfum kannað hvort hægt sé að auka afköst vatnsveitunnar og talið er að það séu ekki hægt að gera ráð fyrir því. Skammt frá svæðinu er lind sem við höfum látið taka sýni úr og hafa þau reynst góð. Nú standa yfir samningar við bóndann um lindina og með tengingu hennar við kaldavatnskerfið verður nægt vatn á svæðinu auk þess skapast möguleiki til þess að setja upp brunahana. Einnig verða tengdir við kerfið nokkrir aðrir bústaðir sem mun lækka kostnað okkar verulega.

#### Rekstraryfirlit orlofskerfis rafiðnaðarmanna.

	fjöldi húsa	Leiga sem hlutfall af				Meðaltal 1995-1999	1999	1998	
		Heildar-tekjur 2000	Heildar-gjöld 2000	Tekjur pr.hús 2000	Gjöld pr.hús 2000				
Reykjavík	3	1.338.600	1.221.151	446.200	407.050	<b>109,6%</b>	103,4%	76,6%	112,3%
Skorradalur	2	482.500	1.001.091	241.250	500.546	<b>48,2%</b>	73,8%	61,5%	61,6%
Svignaskarð	2	826.600	1.419.801	413.300	709.901	<b>58,2%</b>	62,3%	77,1%	67,4%
Vatnsfjörður	1	126.000	528.336	126.000	528.336	<b>23,8%</b>	23,2%	22,1%	24,6%
Varmahlíð	1	408.800	318.008	408.800	318.008	<b>128,6%</b>	91,9%	32,1%	28,5%
Akureyri	3	1.236.400	1.328.879	412.133	442.960	<b>93,0%</b>	88,8%	122,7%	96,8%
Vaglaskógur	1	115.500	282.703	115.500	282.703	<b>40,9%</b>	55,7%		55,7%
Einarsstaðir	3	375.500	1.769.001	125.167	589.667	<b>21,2%</b>	38,0%	30,5%	34,0%
Klifabotn	2	265.500	735.340	132.750	367.670	<b>36,1%</b>	26,0%	36,2%	41,4%
Klaustur	2	558.000	698.303	279.000	349.152	<b>79,9%</b>	87,5%	74,1%	88,8%
Klaustur lítil - hús	3	256.600	684.729	85.533	228.243	<b>37,5%</b>			
Brekkuskógur	4	1.663.900	2.130.799	415.975	532.700	<b>78,1%</b>	78,9%	73,9%	80,7%
Apavatn	4	1.449.600	3.102.106	362.400	775.526	<b>46,7%</b>	83,2%		
Apavatn aðalh.	1	676.000	662.521	676.000	662.521	<b>102,0%</b>	422,4%		
Hraunborgir	1	387.800	717.777	387.800	717.777	<b>54,0%</b>	53,7%	92,2%	91,0%
Snæfoksstaðir	1	372.500	605.721	372.500	605.721	<b>61,5%</b>	124,5%	138,6%	103,4%
Ölfusborgir	3	564.500	1.965.044	188.167	655.015	<b>28,7%</b>	30,5%	44,0%	32,9%
Tjaldvagn	11	561.600	1.475.575	51.055	134.143	<b>38,1%</b>	47,8%	30,0%	49,1%
<b>Meðaltal</b>		<b>4811.665.900</b>	<b>20.646.885</b>	<b>243.040</b>	<b>430.143</b>	<b>56,5%</b>	68,1%	63,9%	63,1%



## **Orlofssjóður FÍS sameinaður orlofskerfi RSÍ**

Á síðasta þingi FÍS var samþykkt að sameina orlofseignir félagsins við orlofskerfi RSÍ innan fjögurra ára ef það reyndist báðum aðilum hagkvæmt. Þegar FÍS gekk í RSÍ fengu félagsmenn félagsins aðgang að orlofskerfi RSÍ og var rekstur beggja kerfanna sameinaður. Eins og áður hefur komið fram þurfti að framkvæma umtalsverðar endurbætur á orlofseignum FÍS og hefur orlofsnefnd RSÍ fjármagnað þær framkvæmdir. Félagsmenn FÍS komu inn í orlofskerfi RSÍ og var allur félagsaldur þeirra innan FÍS færður inn í punktakerfið. Sumir félagsmanna FÍS voru á varðbergi gagnvart þessum breytingum, en þær raddir hafa nú þagnað eftir að þeir hafa uppgötvað að þeir voru í raun ekki að láta neitt af hendi þeir hafa áfram fullan aðgang að orlofseignum sínum auk hinna 40 orlofshúsa RSÍ. Nú hefur verið gengið endanlega frá því að eignir orlofssjóðs FÍS hafa verið sameinaðar orlofssjóð RSÍ.

## **Fyrirhugaðar framkvæmdir í orlofskerfinu**

Eins og fram hefur komið hér að framan er áætlað að ljúka endurnýjun stóra hússins við Apavatn næsta vetur. Einnig hefur komið fram að bæta þarf við kaldvatnsveituna í sumar. Sama má segja um kaldvatnsveituna í Svignaskarði. Síðastliðið sumar var helmingur vegarins niður að Apavatnssvæðinu undirbyggður og verður sá hluti lagður varanlegu slitlagi í sumar og hinn helmingurinn undirbúinn, töluverður hluti þessa kostnaðar eða um 1,5 millj. kr. lendir á okkur sakir þess að verulegur hluti umferðar um veginn er inn á orlofssvæði RSÍ. Í vor verða fellihýsin þrjú sem fara inn í Þórsmörk keypt. Orlofshúsið í Vaglaskógi þarnast málunar og viðgerða, auk þess að endurnýja þarf verulegan hluta húsgagna. Litlu leikhúsin sem sett hafa verið við orlofshúsin hafa reynst ákaflega vinsæl og verður í vor haldið áfram við að bæta við húsum. Næsta vetur þarf að greiða eftirstöðvar kaupverðs húsanna tveggja sem keypt voru á Spáni, auk þess að kaupa þarf búslóð í bæði húsin. Ekki hafa verið teknar ákvarðanir um aðrar framkvæmdir.

Sambandið á rafbúnað til upphitunar á heitum pottum sem var í Snæfoksstaðahúsunum áður en heita vatnið kom þangað. Ofarlega á óskalista er að setja upp heita potta við húsin í Lóninu. Í bátaskýlinu við Apavatn er gufubað, sem er ónýtt. Vangaveltur hafa verið uppi um hvort eigi að endurnýja það og setja þar setustofu og snyrtingar.

Búið er að endurskipuleggja Apavatnssvæðið og gera ráð fyrir fleiri húsum þar. Þar er gert ráð fyrir tveim nýjun 10 húsa hverfum. Ráðgert er að hefja framkvæmdir við annað þeirra á næstu árum. Það hverfi er á vestanverðu nesinu, norðan við núverandi hús. Fyrsta skrefið í þeim framkvæmdum er vegalagning og lagning vatns og skolplagna.

## **Samstarf við Félag bókagerðarmanna um golfvöll Dalbúa**

Uppbygging golfvallar í Miðdal hófst sumarið 1994 með því að Golfklúbbur Dalbúa leigði túnin í Miðdal undir golfvöll. Í Dalbúa eru einstaklingar sem eiga orlofshús við Laugarvatn. Miðdalur er jörð í eigu Félags bókagerðarmanna (FBM) sem er innan við Laugarvatn og er félagið þar með orlofshús auk þess að félagsmenn sjálfir eiga þar fjölda húsa. FBM hafa staðið mjög myndarlega að uppbyggingu orlofssvæðis síns í Miðdal, auk þess að hlúa að eldri byggingum eins og t.d. kirkjunni í Miðdal.

Frá því að orlofssvæði FÍS við Apavatn kom inn í orlofshúsakerfi RSÍ, hafa verið uppi vangaveltur um hvort koma ætti fyrir golfvelli á svæðinu. Hægt er að byggja þar þrjú völl

með 2 - 3 brautum, austan við skóginn sem umlykur tjaldsvæðið, á svæðinu niður að vatninu. Síðastliðin vetur barst til RSÍ erindi frá golfklúbbum Dalbúa. Klúbburinn var langt kominn með uppbyggingu 9 holu vallar. Eftir að hafa skoðað málið ákvað miðstjórn í samráði við stjórn golfklúbbs RSÍ, að það væri betra að hafa aðgang að 9 holu velli í stuttri fjarlægð frá Apavatni og kæmi mun fleiri félögum RSÍ til góða. Völlurinn er nálægt því að vera mitt á milli Apavatns og orlofssvæðis RSÍ í Brekkuskógi. Þetta er mun hagkvæmara en að byggja upp smávöll við Apavatn, auk þess eru flatir jafndýrar hvort sem um er að ræða stóran eða lítinn völl og kalla á jafnmikla umsjón.

Seinni hluta síðasta sumars var lokið við uppbyggingu vallarins. RSÍ fjármagnaði gerð rúmlega þriggja flatna. Í stað þess fá allir félagsmenn RSÍ aðgang að vellinum fyrir hálf daggjald, 500 kr. Einnig greiðir RSÍ nokkur félagsgjöld og fær þá ákveðinn fjölda sumarkorta sem verða nýtt fyrir félag okkar sem dvelja í orlofshúsum í grenndinni.

Bygging golfskála var klúbbum erfið. Stjórn Dalbúa leitaði því til RSÍ og Félags bókkagerðarmanna í haust um að þessir aðilar kæmu inn í klúbbinn og tækju þátt í því að koma rekstrinum í jafnvægi. Niðurstaðan varð sú að myndað var eignarhaldsfélag um skálann þar sem FBM og RSÍ eiga hvort um sig 45% en Dalbúi á 10%. Eignarhaldsfélagið tók síðan lán og gerði upp allar skuldir klúbbsins, en það verður síðan greitt niður með leigutekjum frá Dalbúa.

Í framhaldi af þessum viðræðum hafa komið fram hugmyndir um að kanna hvort frekara samstarf geti verið aðilum hagstætt, t.d. samrekstur sláttuvéla og sameiginlegir starfsmenn að einhverju leyti. Samstarfið við uppbyggingu vallarins hefur verið mjög gott og báðum aðilum hagstætt, enda er stutt á milli þessara orlofsvæða. Ástæða er að geta þess að RSÍ og FBM eiga mjög mikið samstarf á vettvangi starfsmenntamála í sameiginlegum rekstri Margmiðlunarskólans og hefur uppvöxtur hans frá því samstarfið hófst verið ævintýri líkast.

## **Spennugolf**

**2000**

7. spennugolfmót RSÍ 2000 fór fram á Jaðarsvelli Akureyri 2. júní. Mikill áhugi var á mótinu að venju og fylltist 46 sæta flugvél Flugfélags Íslands á svipstundu, margir óku því norður auk þess að margir félagsmenn búsettir fyrir norðan komu á mótið, alls skráðu 64 sig á mótið. Mörg vegleg verðlaun voru veitt sem velunnarar mótsins höfðu gefið. Veðrið var ekki eins og best verður á kosið nokkuð kalt en stillt veður, en þátttakendur létu það ekki á sig fá og skemmtu sér konunglega.

Eftir mörg góð og miður góð högg voru úrslit ljós. Í keppni án forgjafar urðu úrslit eftirfarandi: 1. Guðbjörn Ólafsson 78 högg. 2. Arnar Sigurbjörnsson 84 högg og 3. Þórhallur Pálsson 86 högg

Í keppni með forgjöf var um mikla spennu að ræða eins og vera ber í spennugolfi en úrslit þar urðu eftirfarandi: 1. Ragnar Ingólfsson 69 högg, 2. Guðlaugur R. Hilmarsson 69 högg og 3. Sigurður R. Þorkelsson 70 högg

Ragnar telst sigurvegari þar sem hann hefur betra skor á seinni níu holunum.

Nýtniverðlaunin að þessu sinni hlaut Hanni Fossdalsá. Þá voru nokkur aukaverðlaun veitt eins og vanalega. Lengsta upphafshögg á 3ju braut átti Sigurður H. Hauksson, næstur holu í upphafshöggi á 6 braut var Guðbjörn Ólafsson 1,13me, á 14 braut var Sigurður H. Hauksson 4,15me og á 18 braut var Þórhallur Pálsson 1,56me frá holu.

Svona glæsilegt mót verður ekki haldið nema með góðum stuðningi frá velunnurum okkar en mörg fyrirtæki tengd rafiðnaði veittu okkur mikinn stuðning.

Golfnefnd RSÍ mun halda næsta mót þ.e. SPENNUGOLF 2001 að Flúðum á Selsvelli 8. júní nk. Einnig er rætt um að halda mót á golfvelli Dalbúans í Miðdal við Laugarvatn fyrir háforgjafarmenn og byrjendur þ.e. ef veður og vallarskilyrði leyfa, það mót yrði áður en stóra mótið eða síðast í maí, ef af þessu móti verður þá verður það auglýst.

Það má til gamans geta þess að fyrsta SPENNUGOLFMÓTIÐ var haldið á Flúðum, sem þá var bara 9 holu völlur, árið 1994 og mættu til leiks 22 kylfingar en síðan þá hafa 139 kylfingar komið til leiks. Aðeins 4 kylfingar hafa mætt á öll þessi 7 mót, þeir eru: Einar Hafsteinsson, Gísli Ögmundsson, Sveinbjörn Guðjónsson og Stefán Ó. Guðmundsson

Ákveðið hefur verið að halda námskeið í vor og fá golfkennara til að til að taka byrjendur í golfþróttinni innan RSÍ á námskeið í golfi og reglum þess. Reiknað er með að hver hópur samanstandi af 8 einstaklingum og að kennslan fari fram á Reykjavíkursvæðinu.

Í golfnefnd RSÍ eru Garðar Árnason, Guðbjörn Ólafsson, Magnús Jaroslav Magnússon og Víðir Tómasson. Með þeim starfa Helgi R. Gunnarsson, Stefán Ó. Guðmundsson og Jón Árni Rúnarsson. Starfsmenn mótsins voru Þór Ottesen, Ísleifur Tómasson og Sæmundur Hrólfsson. Formenn RSÍ og RFN afhentu verðlaun.

## **KJARAMÁLIN.**

### **Kjaramálaráðstefna**

Á síðasta ári voru flestir kjarasamningar RSÍ endurnýjaðir og byrjun þessa árs er verið að ljúka endurnýjun þeirra kjarasamninga sem eftir voru. Sambandið gerði kjarasamninga við tvo nýja aðila, þ.e. Landsímamann vegna félagsmanna FÍS og við Launanefnd sveitarfélaganna vegna starfsmanna Norðurorku, en reiknað er með að sá samningur verði notaður af bæjarveitum víðsvegar um landið.

Á síðasta samningstímabili hækkuðu heildarmánaðarlaun innan sambandsins að meðaltali um 40% og eru nú um 300 þús. Meðaldaglaun hækkuðu um 40% og eru nú að meðaltali rúmlega 190 þús. kr. RSÍ var þátttakandi í gerð þjóðarsáttarsamninganna, eða skynsemisleiðarinnar hans Ásmundar Stefánssonar eins og hún er oft nefnd, og hefur fylgt þeirri stefnu síðan. Á kjaramálaráðstefnu RSÍ, sem haldin var haustið 1999 við upphaf undirbúnings síðustu kjarasamninga var samþykkt að stefna að áframhaldandi stöðugleika og stefna að gerð kjarasamninga sem sköpuðu möguleika til aukins kaupmáttar.

Í upphafi viðræðna síðasta vetur var að venju haldin kjaramálaráðstefna RSÍ, þar kom m.a. fram að kjarasamningar til lengri tíma, t.d. 2ja ára, séu frekar til þess fallnir að stuðla að stöðugleika og stígandi kaupmætti, en stuttir samningar. Ráðstefnan vildi ekki hafa forgöngu um að þjóðfélagið færi á taugum og lenti í niðursveiflu á ímynduðum forsendum. Með sameiginlegu átaki á að vera hægt að jafna efnahagssveiflur og setja markið áfram á "Stígandi lukku" eins og RSÍ hafði forgöngu um við gerð síðustu kjarasamninga. Mörg teikn eru á lofti um að ekki verði hægt að ná jafnmikilli kaupmáttaraukningu næstu ár, eins og tókst á yfirstandandi samningstímabili. En ráðstefnan vildi að RSÍ tæki þátt í því, að verja þann árangur sem náðst hefur og telur að hægt sé með réttum aðgerðum að halda áfram að auka kaupmáttinn í stað þess að yfirkeyra efnahagskerfið, sem leiði til þess að kaupmáttur minnki.

- Sérstaka hækkun lægstu launa.
- Sérstaka hækkun launa iðnnema.
- Hækkun lágmarkslauna í stærri framkvæmdum.
- Opnari og sveigjanlegri launakerfi
- Opnun á launalið samnings ef efnahagsforsendur fara úr skorðum.
- Lengingu orlofs.
- Hækkun trygginga og betri veikindarétt
- Betri skilgreiningar á hvíldartíma og frítöku
- Lengingu útkalla, við náðum því að verulegu leyti, þ.e. í 4 tíma að nóttu og um helgar
- Greiðslur fyrir truflun í frítíma.
- Hækkun greiðslna í lífeyrissjóð og í séreignarsjóð.
- Ákvörðunarrétt starfsmanns um heimferð sé hann að störfum innan ákveðinnar fjarlægðar frá heimili.

- Hækkun orlofs- og desemberuppbótar.
- Breytingu á bakvaktarálgum.
- RSÍ ætti að taka þátt í samráði ASÍ félaga gagnvart stjórnvöldum. Eftirfarandi mál voru nefnd : Hækkun skattleysismarka og tekjutengingar barnabóta. Einnig fjölskyldumál og réttindakerfi foreldra eins og fæðingar- og foreldraorlof.

**Kjarasamningur RSÍ-SART/SA, útdráttur helstu atriða :**  
 Þann 24. marz var undirritaður nýr kjarasamningur fyrir almenna markaðinn. Samningstíminn er 4 ár, en hægt er að segja samningnum upp á árinu 2003, þannig að hann verði til 3ja ára.

Upphafslaunahækkun er 3,9% og svo um 3% á hverju ári. Nefnd á vegum ASÍ og SA skoðar árlega breytingar á vinnumarkaði og efnahagsástandi og ákvarðar hvort meiri launabreytingar eigi rétt á sér eða hvort launalið samningsins sé sagt upp. Nefnd á vegum RSÍ og SART mun endurskoða launatöfluna í samræmi við niðurstöður Kjararannsóknar um launapróun á vinnumarkaði eins og gert var á síðasta samningstímabili, þá var bætt við kerfið tveim tóxtum.

Við undirskrift hækka lágmarkslaun í rafiðnaði um tæp 13% og verða kr. 90.000. Lágmarkslaun rafiðnaðarmanna með sveinspróf hækka úr taxta 5 í taxta 6 eða um 10% og verða kr. 117.861. Lágmarkslaun rafiðnaðarmanna sem bera tæknilega ábyrgð og geta starfað sjálfstætt er 10. taxti og verða kr. 148.764. Þetta er nýtt ákvæði sem á að tryggja að vanir rafiðnaðarmenn séu ekki á lægri launum en 10. taxta og á að skila því launaskriði sem hefur verið á suðvesturhorninu út á landsbyggðina. Lágmarkslaun nema hækka um 30% og verða kr. 73.095 og fara í kr. 90.000 síðasta árið. Lágmarkslaun í virkjanaframkvæmdum hækka um 26% og verða kr. 145.000. Í bókun kemur fram að SA telji að launakerfi RSÍ og SART séu lágmarkslaun á almennum vinnumarkaði rafiðnaðarmanna.

Desemberuppbót hækkar í kr. 31.000 á samningstímanum. Desemberuppbót nema fer í kr. 19.700. Orlofsuppbót hækkar í kr. 10.000 og hjá nemum fer hún í kr. 7.700.

Á samningstímanum munu atvinnurekendur greiða 2% í séreignasjóð gegn jafnháu framlagi rafiðnaðarmanna. Útkall um nætur og um helgar lengist um eina klst. Inn kemur nýtt ákvæði sem kveður á um að verði rafiðnaðarmenn fyrir truflunum í frítíma beri þeim endurgjald.

Öll ákvæði um hvíldartíma og frítökurétt eru mun skýrari og betri og er fallist á sjónarmið RSÍ um ágalla fyrri samnings. Hér er átt við skýringar um hvíldartíma og að yfirvinnulaun verði tvöföld fari hvíld niður fyrir 8 klst.

Réttur rafiðnaðarmanna til fullra launa í veikindum tvöfaldast og getur ekki fallið niður fyrir 10 daga eftir 3 starfsár og ekki niður fyrir mánuð eftir 5 ár. Hér er um verulega bót frá fyrrverandi ákvæðum þar sem starfsmenn gátu fallið niður í engan rétt fyrsta mánuð ef skipt var um vinnustað og svo 2 veikindadaga eftir það. Orlof vegna veikinda barna lengist um 3 daga eða í 10 daga eftir eins árs starf.

Eftir áratuga baráttu um veikindarétt í orlofi erlendis tókst loks að fá veikindi í orlofi á evrópska efnahagssvæðinu viðurkennd. Slysátryggingar hækka umtalsvert, t.d. við varanlega örorku fara þær úr 5 millj. kr. í 12 millj. kr. Orlof lengist í 28 daga eftir 10 ára starf og ávinnsla á hærri orlofsrétt stýttist verulega ef skipt er um vinnustað.

Nýr ákvæðisvinnusamningur var undirritaður og gerðar breytingar á honum til samræmis við þær breytingar sem urðu þegar skrifstofu Ákvæðisvinnunefndar var lokað. Einingakerfið

verður endurskoðað og á þeirri vinnu að vera lokið fyrir 1. des. næstk. Ákvæðisvinnutímaeiningin hækkar um 2% aukalega nú og um önnur 2% um næstu áramót.

Fullnægi atvinnurekandi ákvæðum um að útvega hlífðarfatnað. Ber hann kostnað vegna þess. Útborgun launa síðasta virkan dag í mánuði. Það olli vandræðum ef mánuður byrjaði á frídögum að útborgun sé fyrsta virkan dag í mánuði, þessu er breytt núna. Endurgjald ef fyrirfram skipulagðri vinnu er aflýst tvöfaldast. Viðurkenndur er ákvörðunarréttur starfsmanna um heimferð í vinnutíma ef þeir eru að störfum í innan við klst. fjarlægð frá heimili sínu.

Þeir rafiðnaðarmenn sem starfa á þessum kjarasamningi fengu á síðasta samningstímabili um 38% launahækkun, þar af var 13% umsamin launahækkun og 25% er til komin vegna launaskriðs, sem endurspeglar að stærstum hluta atvinnuástand og svo aukna starfsmenntun í gegnum öflugt starfsmenntakerfi rafiðnaðarmanna og svo, stjórnunar- og starfsaldursálög. Atvinnuástand hefur verið með hreinum ólíkindum hjá rafiðnaðarmönnum. Auglýsingar eftir okkar fólki birtast mörgum sinnum í viku og fjöldi fyrirtækja hefur ekki fengið svör. Hér má t.d. benda á álverksmiðjurnar sem hafa verið að leita eftir rafiðnaðarmönnum mánuðum saman og eru að bjóða laun sem menn líta ekki við, þær fá ekki eina einustu umsókn.

### **Ákveðið að hætta birtingu launatöflu**

Óánægja rafvirkja á almennum vinnumarkaði með leiðbeinandi launatöflu RSÍ - SART farið mjög hratt vaxandi. Tilvist töflunar virðist vera mörgum rafverktakafyrirtækjum tilefni til þess að halda launum rafvirkja niðri. Steininn tók úr þegar kjararannsóknarnefnd birti launakönnun fyrir 3. ársfjórðung 2000. Þar eru meðallaun iðnaðarmanna kr. 207.243, en meðallaun rafvirkja eru sögð vera kr. 181.400. Úrtakið er óeðlilega fámennt og margt sem bendir til þess að niðurstaðan sé ekki marktæk. Starfsmenn RSÍ reyndu árangurslaust að fá SART til þess færa launatöfluna til samræmis við það sem gengur og gerist á vinnumarkaði rafiðnaðarmanna.

Eftir nokkra fundi RSÍ og SART um málið náðist ekki samkomulag og því mun verða hætt við að birta Launatöflu SART og RSÍ í Kaupskrá RSÍ. Í stað launatöflunnar verður birt lágmarkslaun, þ.e. taxti 1 fyrir tæknifólk, taxti 6 fyrir rafiðnaðarmenn með sveinspróf og taxti 10 fyrir rafiðnaðarmenn sem geta starfað sjálfstætt að verkefnum. RSÍ setti fram kröfur um að bæta við töxtum í töfluna í samræmi við þá þróun sem hefur orðið á vinnumarkaði rafiðnaðarmanna. SART hafnaði því og var svo komið að efsti launaflokkur launatöflunnar er nokkuð undir meðallaunum rafiðnaðarmanna. RSÍ hélt því fram að það væri út í hött að vera birta launatöflu sem ekki endurspeglar þau laun sem verið væri að greiða. Einnig kom fram að skrifstofa RSÍ hefur að beiðni margra fyrirtækja reiknað út launataxta fyrir ofan töfluna.

RSÍ mun eftir sem áður, birta á heimasíðunni niðurstöður RSÍ og Kjararannsóknar um launaþróun og auk þess launatöflu sem væri endurskoðuð a.m.k 2svar ári og byggð á eins traustum grunni og frekast væri kostur m.a. launakönnunum sambandsins, sem hefðu ætíð reynst mjög réttar og ekki verið gagnrýndar af vinnuveitendum heldur hið gagnstæða. Sú launatafla myndi nú innihalda taxta 14 sem er kr. 204.562 sem mánaðardaglaun.

### **Samningur við Íslenzka útvarpsfélagið.**

28. marz var nýgerður kjarasamningur RSÍ og ÍÚ og Sýn borinn upp á fundi félagsmanna sem starfa á samningnum. Samningurinn er til þriggja ára með sömu hækkunum og eru í nýgerðum kjarasamningi RSÍ á almennum markaði. Lágmarkslaun verða kr. 117 þús eða þau sömu og eru hjá rafiðnaðarmönnum með sveinspróf í nýgerðum samningi og verða í lok samningstímabilsins kr. 132 þús. Launataxtar voru lagfærðir til samræmis við það launaskrið, sem orðið hefur í sambærilegum störfum á almennum markaði auk nokkurra annarra atriða.

**Kjarasamningur RSÍ og fjármálaráðuneytis, helstu atriði.**  
Nýtt launakerfi með launatöflu frá kr. 90 þús. kr. í daglaun á mánuði til kr. 240.437. Í neðsta taxta eru nemar á starfþjálfunarstigi og er það sama og í nýgerðum samning á almenna markaðnum, hér er um umtalsverða hækkun að ræða fyrir nema.

A rammi almenn rafiðnaðarstörf frá 95.523 kr að 156.130 kr.

B rammi meirihluti rafiðnaðarmanna. frá 114.209 kr. til 189.472 kr.

C rammi deildarstjórn og faglegrí ábyrgð. frá 130.585 kr. til 240.437 kr.

Í grein 2.4.1. er ákvæði um að tímakaup í dagvinnu sé 0,615% af mánaðarlaunum. Þetta þýðir 0,5% til 6,6% hækkun á vaktálagi.

Desemberuppbót hækkar um 7% eða úr 31.900 í 34.000 og fer í 37.000. Á almennum markaði eru sambærilegar tölur 28.200 og fara í 31.000.

Útborgun launa breytist úr vikukaupi í mánaðarlaun, fyrir það er greitt kr. 40.000 og 15 yfirvinnutímar á nýju launinum sem þýðir um 63.000 kr. hjá flestum

Nýr og mun betri tryggingarkafli, t.d. ákvæði um bætur til 18 – 25 ára barna sem eru í langskólanámi. Margfeldi vegna varanlegrar örorku fjórfalt í stað þrefalt fer í 15 millj. en er 12 millj á almennum markaði

**Kjarasamningur við Reykjavíkurborg**  
Nýtt launakerfi með launatöflu frá kr. 114.747 – 268.104 þús. kr. í daglaun á mánuði. Í taxtar nemar á starfþjálfunarstigi og er það sama og í nýgerðum samning á almenna markaðnum, eða 76.764 – 101.864, hér er um umtalsverða hækkun að ræða fyrir nema.

Á sviði Tækna og almennra rafiðnaðarmanna kr. 114.747 – 133.169.

Á sviði Heimtaugamanna, mælingarmanna og tölvutækna kr. 127.351 – 150.012.

Á sviði Vaktmanna, flokksstjóra og eftirlitsmanna kr. 127.351- 154.546.

Á sviði Stjórnenda kr. 131.200 – 164.030

Í grein 2.4.1. er ákvæði um að tímakaup í dagvinnu sé 0,615% af mánaðarlaunum. Þetta þýðir 0,5% til 6,6% hækkun á vaktálagi.

Desemberuppbót hækkar um 17% eða úr 29.257 í 34.000 og fer í 37.000. Á almennum markaði eru sambærilegar tölur 28.200 og fara í 31.000.

Ákvæði um ástæðu uppsagnar sem ekki eru í öðrum samningum en verkalýðshreyfingin hafi sótt ákaft

Flokksstjórar fá verkstjórnarálag þegar þeir vinna sem slíkir.

Starfsmaður sem tekinn er úr bónus og settur í annað heldur meðalbónus

Skilvirkni bónuskerfi skoðað.

Samningstími þessara samninga er svipað og á almennum samning. Auk þess eru atriði sem eru eins og í almenna samningnum eins og veikindaorlof vegna barna og séreignarsjóður.

**Samningur sýningarmanna endurnýjaður**  
Samningar sýningarmanna eru með nokkuð sérstöku sniði, að því leyti að kvikmyndahúsin eru ekki í SA. Þannig að við erum stundum að gera einn sameiginlegan kjarasamning og stundum marga vinnustaðasamninga. Nú var gerður einn samningur við SAM-bíóin og svo annar við hin húsin. Þessir samningar eru mjög svipaðir. Samið var um nýja launataxta. Samningurinn nær til 1. marz 2003. Desemberuppbót er kr. 34.000 en orlofsuppbót eins og á almenna samningnum. Störf sýningarmanna eru endurskilgreind og starfssvið víðtækara.



**Rafiðnaðarmenn****á****Keflavíkurflugvelli.**

Það starfa nálægt 50 rafiðnaðarmenn hjá Varnarliðinu. Þeir skipast í tvo jafnstóra hópa. Annar er rafeindavirkjar sem starfa við flugstjórnartækin, hinn eru rafvirkjar sem starfa að viðhaldi á rafbúnaði á vellinum. Þeirra launakjör eru ákvörðuð af Kaupskrárnefnd. Í bandarískum lögum er það svo að herinn má ekki gera kjarasamninga og eiga launakjör hjá honum að taka mið af samsvarandi hópum á vinnumarkaði utan vallarsvæða. Allir hópar á vellinum hafa því svokallaðan viðmiðunarhóp og hafa launakjör okkar fólks tekið mið af Áburðarverksmiðjusamningnum.

Fyrir nálægt tveim árum fóru rafiðnaðarmenn fram á að þeirra viðmið væri flutt yfir á Ísal samninginn, hjá Ísal væri starfsvið rafiðnaðarmanna líkara en í Áburðarverksmiðjunni. Það tók Kaupskrárnefnd nær tvö ár að komast að niðurstöðu, en meirihluti hennar tók loks þá ákvörðun að launakjörin yrðu miðuð við almenna samninginn og laun hækkuð jafnt og meðallaunahækkunir verði á vinnumarkaðnum. Þetta voru rafiðnaðarmönnum á vellinum vonbrigði, þá sérstaklega með tillit til þess að nokkur atriði sem þeir hafa eins og t.d. orlof, desember- og orlofsuppbót og tryggingar eru betri en tíðkast á almenna samningnum. Í greinargerð meirihlutans kemur fram að rafiðnaðarmenn eigi ekki að missa neitt af þeim kjörum sem þeir þegar hafa. Við höfum því sett fram þá túlkun að ef samið verði um samskonar atriði í almenna samningnum og rafiðnaðarmenn á vellinum þegar hafa, þá beri þeim samsvarandi kjarabót.

**Samningur****við****Félag****stórkaupmanna**

FÍS fór fyrir 4 árum fram á að gera sjálfstæðan kjarasamningur við RSÍ. FÍS er ekki í SA. Fram að þeim tíma voru rafiðnaðarmenn í þjónustu fyrirtækja innan FÍS á almenna samningnum. Þá var gerður nýr samningur sem í öllum aðalatriðum var eins og almenni samningurinn. Þegar við vorum búnir að endurnýja almenna samningin, áttum við von á að fljótgert yrði að endurnýja samninginn við FÍS, en það reyndist ekki vera. FÍS lagði áherslu á að samningnum yrði breytt og hann yrði eins og nýr samningur FÍS við VR. Því var algjörlega hafnað að okkar hálfu, það væri töluverð afturför og við vildum þá frekar taka aftur upp almenna samninginn og leggja samninginn við FÍS niður. Í þessu stappi stóð fram á sumar og það var ekki fyrr en 28 júlí sem samkomulag náðist. Samningurinn er eins og áður á sömu nótum og almenni samningurinn. Á þessum samning eru vel liðlega 100 rafiðnaðarmenn.

**Nýr****kjarasamningur****RSÍ****við****RARIK**

Í nóvember 2000 var undirritaður nýr kjarasamningur við RARIK sem gildir til 30. nóvember 2004. Í samningnum er ný launatafla svipuð og sú sem var í kjarasamningnum RSÍ við Reykjavíkurborg og Fjármálaráðuneytið í vor. Nefnd á vegum starfsmanna og fyrirtækisins hafa undanfarnar vikur unnið að skilgreiningu starfa og starfsmats. Meðaltalshækkun við innröðun í nýtt kerfi er 18%. Það er ætíð þannig að innröðun í nýtt launakerfi leiðir af sér mismunandi launabreytingar. Hið nýja kerfi er mjög sveigjanlegt og gefur möguleika til þess að bregðast við breytingum, sem verða í launaþróun á vinnumarkaði og kröfum fyrirtækisins vegna breytilegra krafna. Stjórnunarálögur hverfa og verða innan launaflokkakerfisins. Allar breytur í nýrri launatöflu eru 1,5%, þannig að 1,5% er á milli launaflokka niður töfluna, sama má segja um starfsaldurskerfið út hvern launaflokk. Eftir 6 mán. kemur hækkun sem er 2x 1,5% sama eftir 1 ár. En 1 x 1,5% eftir 3ár, 5 ár, 7 ár og 10 ár. Þannig er áunnin hækkun vegna starfsaldur brattari í byrjun eins og var. Kaupauki hækkar úr 2,5% í 4%.

Upphafshækkun er því að meðaltali 18% og er afturvirk frá 1.10.2000. Það er tilkomið vegna þess að fyrirtækið gaf út þá yfirlýsingu við upphaf viðræðna, að samningurinn myndi gilda frá 1.10.2000 ef niðurstaða næðist með friðsamlegum hætti. Fyrirtækið vildi með þessu tryggja að nefndin, sem endurskoðaði launakerfið, gæti unnið starf sitt án utanaðkomandi þrýstings. Þann 1.1.2001 hækkuðu laun svo um 1,5% og verður því launahækkun við gildistöku



samningsins verði hann samþykktur að meðaltali um 19.77%. Umsamdar launahækkanir verða með svipuðum hætti og í öðrum kjarasamningum

Laun í hinu nýja kerfi verða endurskoðuð í síðasta lagi í fyrir 1. maí 2001 um 1,5% að meðaltali, þ.e. að meðaltali upp um einn launaflokk. Heildarhækkun á samningstímanum verður því að meðaltali a.m.k. 32,5%

#### **Önnur helstu atriði í samningnum eru :**

- A) Endurskoðun á útköllum og hvíldartíma ákvæðum.
- B) Ákvæði um veikindi í orlofi og veikindi barna breytast
- C) Tryggingarkafli samningsins var endurskoðaður.
- D) Samskonar ákvæði eru í samningnum um séreignarsjóð og samið hefur verið um í öðrum kjarasamningum á þessu ári.
- E) Endurskoðunarákvæði eru í samningnum í ársbyrjun 2002 og 2003.

**Samningar** **við** **Landsímamann**  
RSÍ hefur verið með kjarasamning við Landsímamann síðasta samningstímabil, áður voru starfsmenn símans á kjarasamning RSÍ við Fjármálaráðuneytið.

Eftir að FÍS gekk í RSÍ var það ætlun miðstjórnar að sameina samninga FÍS og RSÍ við Símann. Þegar viðræður hófust kom í ljós að Símann taldi alla vankanta á því að það væri hægt. Þá helst vegna þess að kjarasamningur RSÍ og Símans hefði verið gerður af SA en það væri ekki upp nein áform af hálfu Símans að fara með það starfsfólk sem væri í FÍS inn í SA.

Því voru gerðir tveir kjarasamningar við Símann. Eldri samningur RSÍ er vegna símsmiða, rafvirkja og rafeindavirkja. Við einkavæðingu í símamálum hefur umhverfi Landssímans breyst og hann kominn í samkeppni við önnur símafyrirtæki um tækniþólk. Þetta hefur leitt til þess að launakerfi hjá Landssímanum hafa á undanförunum árum tekið umtalsverðum breytingum til samræmis við það sem tíðkast á almennum markaði. Nýr kjarasamningur RSÍ og Landssímans tekur mið af þessum breytingum og er gamla launakerfinu hent og í stað þess samið um nýtt og sveigjanlegt launakerfi. Upphaf- og áfangalaunahækkunir eru svipaðar og í öðrum kjarasamningum sem RSÍ gerði. Sama má segja um önnur almenn atriði.

Nýr samningur FÍS/RSÍ og Landssímans h/f. var undirritaður. Í honum var nýtt og opið launakerfi, svipað og er í samningnum RSÍ m.a. við Fjármálaráðuneytið og RARIK. Lágmarkslaun voru hækkuð umtalsvert og talsímaverðir fengu sérstaka hækkun um nokkra launaflokka. Töluverðar breytingar voru gerðar á texta hins eldri kjarasamnings FÍS og Símans.

#### **Samningur við Landsvirkjun**

Samningurinn gildir til 31. des. 2004. Samið var um nýtt og opið launakerfi eins og við höfum verið að gera í öðrum samningum. Inn kemur 10% upphafs-launahækkun, en einnig var samið um að fara í gegnum starfsmat og á því að vera lokið og innröðun í nýja launakerfið í síðasta lagi 1. maí 2001 sem á að skila að meðaltali um 6% launahækkun. Tryggingarkafli samningsins verður endurskoðaður og ákvæði um starfslok. Inn í samninginn eru sett ný ákvæði um hvíldartíma og frítökurétt og breytingar á nokkrum atriðum samningsins. Samningurinn var samþykktur með afgerandi hætti í póstatkvæðagreiðslu.

#### **Samningur við Selfossveitur og viðræður við Bæjarveiturnar í Vestmannaeyjum**

Samningur RSÍ við Selfossveitur er í öllum meginatriðum eins og samningur sambandsins við RARIK. Að frágengnum RARIK viðræðum var sest að Selfossveitnasamningnum og gerðar samskonar breytingar á honum.

Í framhaldi af því hafa staðið yfir viðræður um að gera samskonar samning við bæjarveiturnar í Vestmannaeyjum, en þær hafa hingað til notað RARIK samninginn.

### **Samningur við ÍSAL.**

Þann 12. janúar 2000 var undirritaður nýr kjarasamningur við ÍSAL. Samningurinn er um margt líkur þeim fastlaunasamningum sem við höfum verið að gera, en sker sig þó frá með viðtækum breytingum á bónuskerfum sem geta gefið starfsmönnum góða möguleika á kaupaukum. Samningstími er til 30. nóvember 2004 og áfangahækkanir á samningstímanum þær sömu og annarstaðar.

Eins og flestir vita þá hefur verið mikil ólga hjá ÍSAL undafarin misseri, málferli tíð og margskonar leiðindi. Gerð þessa samnings tók óvenjulega langan tíma og voru yfir 50 fundir haldnir. Tekist var á um mjög mörg atriði sem hafa valdið deilum og reynt að setja skýrari texta í kjarasamninginn. Kjarasamningur er sáttgjörð milli vinnuveitanda og starfsfólks, sem er gerður til þess að setja báðum aðilum leikreglur. Vitanlega er það öllum aðilum áhugamál að á vinnustaðnum sé sátt og samskipti góð. Væntingar standa til að með þessum nýja samningi takist mönnum að komast upp úr hjólfarinu og ÍSAL verði eftirsóknarverður vinnustaður eins hann var lengi vel.

En þessi samningur var felldur bæði hjá iðnaðarmönnum og verkafólki. Verkstjórn viðræðna var þá falin sáttasemjara. Eftir viðræður í nokkar vikur og gerðar höfðu verið breytingar á bónus- og kaupaukakerfinu voru samningarnir samþykktir í lok febrúar.

Helstu atriði voru að laun hækkuðu frá 1.12. 2000 um tæp 8%. Starfsaldurshækkanir eru hraðari, nýtt sveinsprófsálag, umtalsverð hækkun tryggingarbóta, fjölgun launaflokka, hækkun á námskeiðsálagi um 1%. Gæða- og nýtingabónus kemur og gefur að lágmarki 5,5%. Öryggis- og umgengisbónus kemur inn og gefur að lágmarki 6,6%. Inn kemur ábyrgðarálag og lagfæring á kaupaukum. Aukinn réttur til hlutastarfs eftir 55 ára aldur og 28 ára starf hjá Ísal. Auk þess voru mörg atriði skýrð og bókanir gerðar til þess að reyna að koma í veg fyrir þær deilur sem risu á síðasta samningstímabili.

### **Nýr samningur við Launanevnd sveitarfélaganna.**

Undanfarin ár hafa rafiðnaðarmenn hjá mörgum bæjarveitum velt því fyrir sér að ganga úr starfsmannafélögum sveitarfélaganna og yfir í RSÍ. Rafiðnaðarmenn hjá Norðurorku gengu úr Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar í fyrra yfir í RSÍ. Í framhaldi af því var farið fram á viðræður við Akureyrarbæ, en þeim var vísað til Launanevndar sveitarfélaganna. Við lögðum fram nýjan kjarasamning við RARIK. Því var algjörlega hafnað af hálfu Launanevndarinnar, en samninganevnd RSÍ sagði útilokað að hún myndi semja um lægri launakjör en þar væru. Þau væru þau sömu og margar aðrar bæjarveitur hefðu samið um. Eftir margra vikna hark endaði með því að rafiðnaðarmenn hjá Norðurorku boðuðu verkfall þann 21. febrúar. Á miðnætti þann 21.2. eða á sama tíma og verkfall hófst, var undirritaður nýr kjarasamningur RSÍ við Launanevnd sveitarfélaganna sem gildir til 30. nóvember n.k. Þetta er fyrsti kjarasamningur RSÍ við Launanevndina, en sambandið hefur undanfarin ár gert samninga beint við nokkur sveitarfélög. Einnig hafa starfsmenn nokkurra bæjarveitna fylgt samningi sambandsins við RARIK. Þessi samningur verður í framtíðinni aðalsamningur sambandsins við sveitarfélögin og er reiknað með að rafiðnaðarmenn hjá mörgum bæjarveitum flytji sig yfir á hann. Það eru starfsmenn Norðurorku sem hafa barist fyrir þessum samningi, þeir voru í Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar en sögðu sig úr því og gengu í RSÍ.

Tekist var á um samskonar innröðun í launakerfi og eru í kjarasamningum RSÍ og hefur borið töluvert á milli eins og fram hefur komið. Verulegur áfangi náðist nú í launaleiðréttingum, en nota á samningstímann til þess að endurskoða og samræma laun hjá Norðurorku við önnur orkuveitufyrirtæki. Einnig eru ákvæði í samningnum um viðbrögð og neyðarþjónustu í verkföllum, sem vitanlega giltu ekki nú þar sem ekki var í gildi samningur RSÍ við Launaneftina. Samkomulag náðist nú um að setja að hluta til inn samskonar ákvæði í þennan nýja samning og verða þau ákvæði endurskoðuð á samningstímanum.

**Samningar við verksmiðjurnar**  
RSÍ er aðili að ásamt öðrum stéttarfélagum kjarasamningum við Sementsverksmiðjuna, Steinullarverksmiðjuna, Kísiliðjuna, Járnblendiverksmiðjuna og Norðurál. Þessir samningar eru í mörgu líkir en launatöflur og bónuskerfi eru þó með ólíkum hætti. Í febrúar 2001 var gegnið frá samningum við Sementsverksmiðjuna, Steinullarverksmiðjuna og Kísiliðjuna. Þessir samningar giltu frá 1. desember og var upphafs-launahækkun um 10% að jafnaði, þetta var gert í formi breytinga á bónusum, færslum á milli launaflokka o.fl. en með mismunandi hætti milli verksmiðja og eins milli hópa.

Óánægja varð innan forystu RSÍ þegar fréttist að búið væri að ganga frá samning við Kísiliðjuna án þess að bera samninginn undir RSÍ á neinu stigi. Þær upplýsingar sem RSÍ voru sendar, sýndu að lágmarks-laun rafiðnaðarmanna voru mun lægri en markmið sambandsins voru. RSÍ hafnaði að staðfesta samninginn. RSÍ fór fram á fund með SA, sem tók því vel og þar var farið yfir samninginn með þeim. Þá kom fram að gerður hafði verið samningur við rafiðnaðarmennina hjá verksmiðjunni, sem hafði lyft launum þeirra langt umfram það sem samið hafði verið um við aðra og lágmarks-laun þeirra væru mun hærri en fram kæmi í samningnum. Auk þess hefðu rafiðnaðarmenn húsaleigustyrki, sem verksmiðjan hefði orðið að gera við þá til þess að fá þá til starfa við verksmiðjuna. Aðrir hefðu gert kröfu um samskonar styrki en ekki fengið. Á grundvelli þessa þótti mönnum harla einkennilegt, að formaður samninganefndarinnar skyldi ekki hafa leitt okkur í sannleikann en frekar valið þann kost að leggjast í skotgrafirnar, það hefði verið svo auðvelt að komast hjá þessum vandræðum.

Rekstur Járnblendiverksmiðjunnar hefur verið mjög erfiður undanfarið. Á þeim forsendum varð sú niðurstaða að framlengja samningnum óbreyttum til haustsins. Þetta var fellt af starfsmönnum.

Árið 1998 var gerður samningur við eigendur Norðuráls til 2004. Á honum voru samskonar launahækkanir og voru þá í öðrum kjarasamningum og ákvæði um að þegar búið væri að endurnýja kjarasamninga um áramótin 2000/2001 ættu aðilar að setjast niður og semja um samskonar breytingar. Þessa dagana standa yfir viðræður og deilt er um hvaða launahækkanir urðu í raun.

**Deilur um búsetuskyldu starfsmanna Ratsjárstofnunar**  
Í upphafi reksturs Ratsjárstofnunar störfuðu rafiðnaðarmenn jöfnum höndum við allar stöðvar RS, án þess að á þeim hvíldu nein ákvæði um búsetuskyldu. Einungis voru byggð hús á Höfn og allsendis óvíst hvort og þá hvenær yrðu byggð hús á Bakkafirði og Bolungarvík. Gert var ráð fyrir þessu skipulagi í launum rafiðnaðarmanna og hefur því ekki verið breytt síðan. Þetta fyrirkomulag gekk vel og hnökralaust með svokölluðu úthaldsfyrirkomulagi. RS hefur haldið því fram nú síðustu ár að greitt sé 15% fyrir flutningsskyldu, það kemur hvergi fram í kjarasamningum. Það er viðurkennt af hálfu RSÍ að í launum starfsmanna RS er gert ráð fyrir flutningsskyldu gagnvart starfstöð, en hver sú upphæð er hvergi skilgreint í kjarasamning og kemur hvergi fram. RS hefur þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir RSÍ aldrei getað sýnt fram á annað.

Síðar byggði RS íbúðarhús á Bakkafirði og í Bolungarvík, og starfsmönnum var þá gert skylt að leigja húsina og hafa búsetu á viðkomandi stað og því fylgdu hótanir um

brottrekstur ef starfsmenn sættu sig ekki við tilskipanir RS um búsetu og leigu á húsum í eigu RS. RSÍ setti fram á sínum tíma aths. þegar starfsmönnum var gert skylt að leigja hús í Bolungarvík, sem voru reist á snjóflóðasvæði. Einnig hafa ítrekaða risið deilur búsetuskyldu á Bakkafirði. Þar sem starfsmönnum er gert skylt að leigja hús þrátt fyrir að þeir nýti þau ekki. RSÍ hefur aldrei fallist á þá búsetuskyldu sem RS hefur gert starfsmönnum sínum skylt að hlíta og haldið því fram að búsetuskyldu og skyldu til leigu á húsum í eigu stofnunarinnar standist ekki landslög. Um þetta hafa staðið deilur og hefur árangurslaust verið leitað til utanríkisráðuneytisins með ósk um að það hlutist til um að þessum málum sé komið í eðlilegan farveg.

Samningur RSÍ við Ratsjárstofnum fylgir sjálfvirkt Landsvirkjunarsamningnum, en framangreindar deilur hafa tafið endurnýjun síðasta kjarasamnings. RSÍ hefur sett fram eftirfarandi kröfur :

Tekið verði upp upphaflegt úthaldsfyrirkomulag, eins og kjarasamningurinn er byggður á enn í dag. Ekki er farið fram á breytingu af okkar hálfu á ákvæðum kjarasamnings um flutningsskyldu milli starfstöðva. Við viljum að starfsmönnum sé í sjálfsvald sett hvort þeir leigi hús hjá RS. Við ítrekum fyrri óskir um að RS falli frá kröfum um búsetuskyldu og leigu á húsum.

**Samningaviðræður** **við** **Kögun**  
 RSÍ er með kjarasamning við Kögun, það fyrirtæki er verktaki hjá Ratsjárstofnun og eins með margskonar verkefni fyrir Bandaríkjaher. Samningurinn er í öllum aðalatriðum eins og samningur sambandsins við Ratsjárstofnun. En starfsstöð Kögunar er ein þannig að ekki er um að ræða kafla um flutningsskyldu og vaktafyrirkomulag á starfstöðvum.

#### Lágmark í kjarasamningum rafiðnaðarmanna

Tæknimaður með sérnám sem samsvarar a.m.k. 1 ári og 1 ári í faglegu starfi	102.346
Rafiðnaðarmaður með 3ja ára fagnám Símsmiðir	114.536
Rafiðnaðarmaður með 4ja ára fagnám Rafvirkjar, Rafeindavirkjar	121.396
Aðstoðarflokksstjóri Rafiðnaðarmaður í sjálfstjórn	144.664
Flokksstjóri Rafiðnfræðingur, rafiðnaðarmaður með viðbótarmenntun	153.227
Verkstjóri	171.923
Deildarstjóri	182.239

#### Umsamin lágmarkslaun á kjarasamningum RSÍ.

Á síðustu kjaramálaráðstefnu RSÍ var ákveðið að halda áfram á þeirri braut að ná upp hlut dagvinnulauna í heildarlaunum og eins að samræma lágmarkslaun í kjarasamningum

rafiðnaðarmanna. Vel miðaði á þessari braut og má segja að lágmarkslaun í kjarasamningum rafiðnaðarmanna séu orðin mjög svipuð á öllum kjarasamningum. Opin launkerfi og persónubundnir samningar hafa rutt sér rúms en það gerir það að verkum að enn nauðsynlegra er að skilgreina vel hver lágmarkslaun eru hverju sinni og leggja á það áherslu að þau séu í samræmi við það sem gengur og gerist á vinnumarkaðnum hverju sinni.

### **Yfirlit um launabreytingar frá áramótunum 96/97**

Lágmarkslaun áramótin 96/97 voru á bilinu frá kr. 48.129 til kr. 61.069 fyrir rafiðnaðarmenn með styttri en 4 ára menntun, tæknifólk. Fyrir rafiðnaðarmenn með 4 ára menntun og sveinspróf voru lágmarkslaunin kr. 64.325 til kr. 70.038. Á kjaramálaráðstefnu RSÍ settu menn sér það markmið að samræma lágmark launa í samningunum. Ef tekinn er miðtala frá 1.1. 1997 þá hafa lágmarkslaun tæknifólks hækkað um 86% og þeirra sem hafa lokið þriggja ára námi um 110 %. Lágmarkslaun rafiðnaðarmanna með fjögurra ára nám hafa hækkað um 81%.

Laun rafiðnaðarnema á fjórða ári voru um kr. 56.000 um áramótin 96/97 en eru nú nálægt kr. 94.000 að meðaltali en hæst kr. 105.346 og hafa því hækkað um 68%.

Meðaldaglaun rafiðnaðarmanna hafa hækkað á sama tíma úr kr. 115.000 í kr. 176.000 eða um 53% og meðalheildarlaun hafa hækkað frá kr. 195.000 í kr. 285.000 eða um 46% á sama tíma hefur meðalvinnuvikan farið úr 58 tímum í um 50 tíma, þannig að í reynd hafa launin hækkað um 70%. Rétt er að vekja athygli á því að okkur miðar vel að því marki sem við settum okkur að minnka hlut yfirvinnu í launum. Nú er svo komið að margir rafiðnaðarmenn hafna alfarið allri yfirvinnu og hafa gert fasta samninga við fyrirtækin.

### **Niðurstaða endurskoðunarnefndar ASÍ og SA.**

Í kjarasamningum ASÍ félaganna undanfarið ár eru ákvæði um samningsforsendur. Þar er kveðið á um að nefnd þar sem ASÍ og SA tilnefni tvo menn hvor í, skuli árlega meta til kostnaðar þá kjarasamninga sem gerðir hafa verið og meta verðlagsþróun. Nefndin átti á grundvelli þess að ákvarða hvort launahækkningar þyrftu að vera meiri en kveðið væri á um í kjarasamningunum. Ef hún kæmist ekki að niðurstöðu þá er hægt að segja upp launalið kjarasamninganna. Í þeim kjarasamningum sem gerðir voru nú um áramótin tekur þetta ákvæði ekki gildi fyrr en eftir eitt ár.

Ástæða er til að rifja upp það samkomulag sem varð á miðstjórnarfundi ASÍ síðastliðið vor um að í kjarasamninga yrðu sett samskonar ákvæði um að vísa málum til þeirrar nefndar sem kveðið var á um í samningi Flóans og SA, svo ekki þyrfti að stofna endurskoðunarnefnd fyrir hvern einasta kjarasamning. Það væri samkomulag um að í henni yrðu tveir frá SA og tveir frá ASÍ. Þeir hefðu samið fyrstir og þar af leiðandi sett inn þetta ákvæði á þeim forsendum sem þar var. Flóinn hefði ásamt starfsfólki ASÍ, sem starfaði með þeim að gerð kjarasamningsins, ekki talið sig hafa umboð til þess að gera þetta öðruvísi og þá fyrir verkalyðshreyfinguna í heild. Á umræddum miðstjórnarfundi var um það fullkomin samstaða að viðhafa þessa framkvæmd.

Nefndin komst að niðurstöðu og ákvað að orlofsuppbót í sumar muni hækka úr kr. 9.600 í kr. 20.000, árið 2002 verði hún kr. 20.300 í stað kr. 9.900, hefði átt að fara í kr. 20.600 ef hún fylgdi launabreytingum eins og kveðið er á um í kjarasamningum. Árið 2003 verði hún 20.400 í stað kr. 10.000, hefði átt að vera kr. 21.218 ef hún hefði fylgt umsömdum launabreytingum.

Desemberuppbót fer á þessu ári í kr. 35.000 í stað kr. 29.000. Árið 2002 fer hún í kr. 36.000 í stað kr. 30.000, hefði átt að fara í kr. 37.080 ef hún fylgdi umsömdum launabreytingum. Árið 2003 í kr. 37.000 í stað kr. 31.000, hefði átt að fara í kr. 38.192 ef hún fylgdi umsömdum

launabreytingum. Margir furðuðu sig á því af hverju er nefndin að ákvarða þessar breytingar svona langt fram í tímann, því að samningunum er ákvæði um að hún eigi að hittast árlega og meta stöðuna.

### **Hagfræðingar ASÍ koma á miðstjórnarfund RSÍ**

Í forsendum nefndarinnar kemur fram; að nefndin sé sammála um að samningsbundnar upphæðir sem eru hærri en að neðan greinir skuli ekki hækka vegna niðurstöðu nefndarinnar. Þessi niðurstaða nefndar, sem er skipuð fulltrúum frá ASÍ á ofangreindum forsendum, þótti RSÍ harla einkennileg og á fundi miðstjórnar RSÍ 9. marz var fjallað um málið. Á fundinn mættu Rannveig Sigurðardóttir hagfræðingur ASÍ og Ari Skúlason hagfræðingur og fyrrv. framkv.st.j ASÍ, en þau sátu í umræddri nefnd af hálfu ASÍ, en auk þess störfuðu með þeim formenn Samiðnar og Starfsgreinasambandsins. Þau fóru ítarlega yfir störf nefndarinnar og niðurstöður hennar, á eftir urðu miklar umræður. Fram kom að ekki hefði verið talin ástæða til þess að önnur félög kæmu að störfum nefndarinnar þar sem tryggingarákvæðið væru þannig orðað. Það vakti undrun miðstjórnarmanna RSÍ og var rifjuð upp samþykkt sem gerð var í miðstjórn ASÍ fyrir tæpu ári að loknum kjarasamning Flóans við SA, sem varð stefnumarkandi um aðra kjarasamninga á almennum markaði. Á umræddum miðstjórnarfundum ASÍ var samþykkt að félögin innan ASÍ myndu sameinast um að nýta það tryggingarákvæði sem Flóabandalagið hefði sett inn í sinn kjarasamning og þá grundvelli þess að í nefndinni myndu sitja hagfræðingar ASÍ, frekar en að stofnaðar yrðu jafnmargar nefndir og kjarasamningarnir yrðu. Niðurstaða miðstjórnarfundar RSÍ var að fara fram á viðræður við SA og viðsemjendur RSÍ.

Í umræðum í miðstjórn RSÍ eftir inngangserindi hagfræðinganna kom m.a. fram að miðstjórnarmenn væru í sjálfu sér sáttir við niðurstöðu nefndarinnar, en áttuðu sig ekki á því hvers vegna nefndin hefði séð ástæðu til þess að undanskilja umtalsverðan hluta félagsmanna ASÍ á grundvelli þess að umræddir hópar hefðu í kjarasamningum sínum ákvæði um hærri desember- og orlofsuppbætur. Þekkt væri að þessir hópar væru bundnir á fastlaunasamningum og sætu þar af leiðandi eftir þegar launaskrið væri og þeir væru yfirleitt með lægri laun en tíðkuðust á almennum vinnumarkaði. Þessir hópar hefðu náð að hluta til leiðréttingu sinna launa með hærri desember- og orlofsuppbótum en tíðkuðust á almennum vinnumarkaði. Það væri því óskiljanlegt hvers vegna SA og ASÍ sæju ástæðu til þess að þessir hópar ættu ekki rétt á samsvarandi leiðréttingu og aðrir. Það þyrfti ekki endilega að vera í formi þess að hækka desember- og orlofsuppbætur þessara hópa og viðhalda með því bilinu á þessum eingreiðslum, allt eins væri hægt að gera það með einhverjum öðrum hætti.

Það vakti athygli miðstjórnarmanna að SA hefði séð ástæðu til þess að hækka sérstaklega desemberuppbót hjá næststærsta verkalýðsfélagi landsins í kr. 40.000 og orlofsuppbót í 15.000, þrátt fyrir að forysta þess félags væri margítrekað búin að lýsa því yfir í fjölmiðlum, að hún sæi ekki ástæðu til leiðréttinga, efnahagsástandið væri þannig og einnig hefði ítrekað komið fram hjá forystu þessa félags að það vildi ekki undir neinum kringumstæðum hækka launakjör hjá sínum félagsmönnum á grundvelli þess að önnur stéttarfélög hefðu náð betri árangri í sínum kjarasamningum. Einnig væri þetta félag með í sínum kjarasamning við SA, tryggingarákvæði sem væri öðruvísi en önnur ASÍ félög þ.á.m. RSÍ hefðu. Tryggingarákvæði þessa félags væri þannig að ekki hefði verið á grundvelli þess ástæða til að leiðrétta launakjör félagsmanna þess félags, en miðstjórn RSÍ lýsti yfir sérstakri ánægju með þetta óvænta uppátæki SA.

Á grundvelli þessa töldu miðstjórnarmenn að ekki væri ástæða til annars en bjartsýni í viðræðum við SA og ákveðið var að kalla saman samninganefndir RSÍ og fara fram á viðræður eins áður er getið.

### **SKIPULAGSMÁLIN.**

## **Sjónarmið RSÍ um þróun verkalýðshreyfingarinnar**

Í kjölfar inngöngu FÍS í ASÍ reis upp deila um skipulag ASÍ og hvernig það ætti að þróast á nýrri öld. RSÍ setti fram ákveðnar skoðanir á því hvert ætti að stefna. Verkalýðshreyfingin mun í framtíðinni ekki verða sú fjöldahreyfing sem hún er í dag. Spurningin er hvort hrapíð verði niður í 60 – 75% þátttöku, eða hvort það verði niður í 15 – 25% þátttöku launamanna. Þessu getur verkalýðsforystan ráðið alfarið sjálf : Tekst verkalýðshreyfingunni að markaðssetja sig og koma sér upp aðlaðandi skipulagi? Hvernig mun verkalýðshreyfingin taka á starfsmenntamálum og hvernig mun hún taka á sjúkrasjóðunum?

Líkja má ASÍ við 3 aðskilin eylönd og forsetarnir hafa komið frá hverju þeirra. Með þessum eylöndum er viðhaldið láréttri lagskiptingu, þ.e. verkafólk, verzlunarmenn, og iðnaðarmenn. Verkefni forsetanna virðast oft á tíðum frekar hafa snúist um að gæta hagsmuna þessara þriggja eyríkja, mun frekar en að koma fram sem sameiningartákn ASÍ og laða til sambandsins fleiri launamenn. Þing ASÍ hafa einkennst af löngu úreltu valdatafli hinna pólitísku flokka. Lagskipting ASÍ vinnur gegn eðlilegri þróun í starfs- og símenntamálum og gerir heildarskipulag menntamála mjög erfitt og ákaflega óhagkvæmt. Það er verið að gera sömu hlutina á mörgum stöðum. Starfsgreinasamband með aðild allra sem vinna í innan starfsgeirans myndar grundvöll til þess að skipuleggja megi starfsmenntun frá stuttum starfsmenntabrautum yfir í lengri brautir án þess að blindgötur myndist, og þannig að eðlilegar tengingar séu á milli skyldra starfsgreina. Miklir fjármunir fara til menntamála en við þurfum að ná fram mun betri nýtingu á þeim ef við ætlum að geta gert það sem er nauðsynlegt til að dragast ekki aftur úr öðrum þjóðum og komast hjá því að samkeppnishæfni okkar minnki.

Þegar ASÍ var stofnað voru stéttarfélögin veik og landssamböndin jafnvel enn veikari. Í dag er allt annað ástand, mörg félög og flest landsamböndin eru orðin mjög sterk. Þau móta sína stefnur á eigin þingum og ráðstefnum. Þau eru orðin sjálfum sér nóg í flestum ef ekki öllum innri málum. Hlutverk heildarsamtaka launamanna í dag snúast um að vinna úr hagfræðilegum gögnum og koma á framfæri upplýsingum um hagfræðileg málefni er varða launafólk. Með því er heildarstefna í kjaramálum mótuð. Einnig á hlutverk ASÍ að vera fylgið í því að móta afstöðu til lögfræðilegra atriða, koma fram gagnvart ríkisvaldi, gefa umsagnir um frumvörp.

Heildarsamtök eins og ASÍ eiga að sjá um alþjóðleg samskipti eins og t.d. hin mikilvægu Evrópumál. Það er hluti af nútíma kjarabaráttu, að berjast fyrir betri launum á láglaunasvæðum í heiminum. Með því er það varið sem tekist hefur að ná hér heima og gagnvart því að störfín séu ekki flutt til láglaunasvæðanna. Alþjóðleg samtök launamanna verja tugum milljóna á ári í baráttu fyrir bættum hag launamanna á verst settu svæðunum í heiminum. Sum samtök íslenskra launamanna eru öflugur þátttakandi í þessu starfi. Mikilvægt er að íslensk verkalýðshreyfing komi í gegnum heildarsamtök að samningum sem gerðir eru á Evrópuvettvangi og skipta máli fyrir íslenskt verkafólk í kjarabaráttunni og ekki síður til þess að verja það sem unnist hefur.

Nýta má þá fjármuni sem ASÍ hefur úr að spila mun betur og gera stjórnkerfi sambandsins umfangsminna. Setja á 15 manna miðstjórn sem í eiga sæti 1 - 2 menn frá stærstu félögum og landssamböndum og stað stórra og dýrra þinga á ASÍ að halda árlegan aðalfund. Með þessu mót væri hægt að efla verulega hina nauðsynlegu hagdeild sama má segja um lagadeildina. Þessar deildir myndu hafa fjármuni til þess að standa fyrir ráðstefnum um þau málefni sem væru efst á baugi hverju sinni. Þetta fyrirkomulag myndi gera öllum samböndum launamanna á Íslandi auðvelt að sameinast í einum heildarsamtökum. Einfaldlega sakir þess að margskonar innri deilum væri ekki hleypt inn á borð heildarsamtakanna. Samtökin væru í sinni einföldu mynd samtarfsvettvangur um þau verkefni sem heildarsamtök launamanna þurfa að vinna hverju sinni.

Það eru verða ákveðin kaflaskipti í íslensku þjóðfélagi. Lognmolla er ríkjandi og þjóðfélagið bíður eftir því að eitthvað nýtt fari að gerast. Nú er svigrúm fyrir öflugra samhenta verkalýðshreyfingu að koma fram á sjónarsviðið. Hvað verður samþykkt á þinginu í skipulagsmálum skiptir ekki mestu, heldur hvernig verður unnið úr því og hvað menn vilja með framtíðina. Málið snýst um hvort það takist að koma sameinaðri verkalýðshreyfingu inn sem hluta af framtíðarsýn fólksins í landinu, eða hvort sameinuð verkalýðshreyfing sé að baki okkur.

### **Breytingaskeið innan ASÍ, mótsagnakennd afstaða**

Þing RSÍ vorið 1999 fór fram á að sýnt væri fram á að ASÍ væri stætt á því að standa í vegi fyrir samþykkt RSÍ um inngöngu FÍS í sambandið. Í mjög ítarlegri greinargerð frá lögmanni ASÍ þann 19. maí 1999 var staðfest það sem RSÍ hafði haldið fram, samþykktir sem gerðar voru á þingum ASÍ 1958 og 1960 um starfsgreinasambönd hafi aldrei verið aflagðar. Saga samþykktu um skipulag ASÍ frá 1958 til þessa dags segi okkur að menn hafi ýtt til hliðar innbyrðis ágreining um skipulagsmál eða um hvaða skipulagsform henti best með því að hafa samþykktir óljósar og hugtakanotkun verið mjög á reiki. Þannig hafi ákvarðanir miðstjórnar miðað að því að halda óbreyttu ástandi fremur en að færa skipulag sambandsins að einhverri rökréttu fyrirmynd. Á fyrri hluta þessa tímabils, þ.e. frá 1958 til dagsins í dag, virðist sem tilhneiging hafi verið til umburðarlyndari túlkunar, en síðastliðinn áratug hafi hins vegar gætt tilhneigingar til þrengri túlkunar, sem fyrst og fremst hafi birst í þeim ágreiningi sem upp hefur komið gagnvart iðnaðarmannafélögunum.

Staða samþykktu sambandsþinga í almennum stefnuyfirlýsingum hefur verið veik. Aldrei hefur verið ákveðið að skerða fullveldi félaganna nema að mjög takmörkuðu leyti. Þetta hefur leitt til þess að heildarsamtökin hafa í raun ekki sjálf ákveðið skipulag sitt heldur fremur aðhæft það að þeirri stöðu sem uppi hefur verið innan hreyfingarinnar hverju sinni en kannski síður að breytingum sem orðið hafa í umhverfinu.

Árið 1999 var hafin undirbúningur innan ASÍ undir stjórn Ara Skúlasonar og Ástráðs Haraldssonar um að breyta lögum og skipulagi ASÍ og færa það nær nútímaháttum. Í ályktun sem forsetar ASÍ lögðu svo fram á sambandsstjórnarfundum ASÍ haustið 1999 stóð m.a. :

*Sambandsstjórn telur að mikilvægt sé, að tryggja að skipulag sem verkalýðshreyfingin velur sér til að marka ramma um starfsemi verði sveigjanlegt og einfalt. Skipulagið má ekki hefta að starfsemi hennar og einstakra stéttarféлага geti breyst og þróast í takt við breytingar í starfsumhverfinu. Þannig er ljóst að þær reglur sem gilda innan ASÍ verða að taka mið af heildarhagsmunum. Einnig verður ljóst að það, með hverjum hætti einstök félög eða sambönd eiga aðild að ASÍ, getur aldrei orðið samkvæmt einni ósveigjanlegri reglu. Reglurnar þurfa að vera þannig að ný aðildarsamtök sem eftir atvikum eru skipulögð á annan hátt en núverandi aðildarsambönd ASÍ geti átt aðkomu að ASÍ.*

*Vinna verður að því að allir núverandi aðilar ASÍ geti áfram átt aðild að sambandinu og efla þarf samstarf við aðila utan ASÍ með það að markmiði að þeir geti einnig átt aðild að sambandinu. Endurskoðað verður form aðildar að sambandinu til að tryggja að ASÍ geti þjónað því hlutverki sínu, að vera samnefnari verkalýðshreyfingarinnar allrar. Formskilyrði mega ekki vera fjötur um fót ef einstakir hlutar hreyfingarinnar sem nú eru utan ASÍ vilja koma til liðs við sambandið.*

*Sambandsstjórn felur forsetum sambandsins að vinna að þeim markmiðum sem fram koma í þessari ályktun á næstu mánuðum og kalla til formlegs samráðs fulltrúa aðildarféлага og sambanda til að vinna tillögugerð fyrir lok apríl árið 2000. Þessar tillögur verða ræddar í miðstjórn í apríl og lagðar fyrir til kynningar á sérstökum formanna- og*



*sambandsstjórnarfundu ASÍ sem haldinn verður í maí. Tillögurnar skal taka til afgreiðslu á sambandsþingi í nóvember 2000.*

Þessi ályktun var samþykkt mótatkvæðalaust, nokkrir sátu hjá. Fulltrúar RSÍ tilkynntu í umræðum að þeir væru mjög sáttir við þessa ályktun, hún væri þannig að viðurkennd væru þau sjónarmið sem RSÍ hefði sett fram og fulltrúar sambandsins myndu því hefja starf í nefndum og ráðum ASÍ. Fram kom hjá nokkrum ræðumanna að það væri þeirra álit að þetta væri síðasti möguleiki til þess að ná sáttum. Ef aðilar næðu ekki saman í fram að þingi þá væri sjálfhætt að reyna áfram, ASÍ væri þá búið að vera.

Á aukasambandsstjórnarfundu ASÍ í maí 2000 voru drög að nýjum lögum og skipulagi ASÍ samþykkt. Þetta var mikill sigur fyrir þau sjónarmið sem RSÍ hafði barist fyrir. Þessi lög voru svo staðfest á þingi ASÍ í nóvember 2000. En þar risu upp önnur vandamál.

### **Alþýðusamband Norðurlands reynir að koma í veg fyrir setu fulltrúa RSÍ á þingi ASÍ**

Nokkru fyrir þing ASÍ sendi formaður Alþýðusambands Norðurlands (ASN) Rafvirkjafélagi Norðurlands (RFN) rúkkunarbréf fyrir skatti til ASN. RFN hefur aldrei verið, frekar en önnur aðildarfélög RSÍ, þátttakandi í neinu starfi innan ASN. Aðildarfélög RSÍ hafa aldrei nýtt sér neina þjónustu frá neinu af svæðasamböndum ASÍ og hafa þar að leiðandi aldrei greitt skatt til þeirra. En viðhorf formanns ASN í skattamálinu voru forneskjulegar, þ.e. að geta innheimt skatt hjá stéttarfélagi, þrátt fyrir að það hafi aldrei verið í svæðasambandi og aldrei þegið neina þjónustu og aldrei verið boðað til funda.

Formaður ASN hafði samband við lögmann ASÍ og krafðist stuðnings og að fulltrúum RFN yrði meinuð þátttaka á þingi ASÍ. Lögmaður ASÍ taldi engan grundvöll fyrir kröfum formannsins. Þrátt fyrir það sendi formaður ASN RFN ítrekun og hótunarbréf. Forystumönnum RSÍ þótti einkennilegt að ASN veldi eitt af minni aðildarfélögum RSÍ fremur en þau stærri. Allir vissu að í Félagi ísl. rafvirkja, Félagi rafeindavirkja, Félagi ísl. símamanna, Félagi símsmiða og fleiri félögum innan RSÍ væri fjöldi rafiðnaðarmanna sem væru búsettir á Norðurlandi, fleiri en eru í RFN. Þannig að ef ASN tækist að koma í veg fyrir að fulltrúar RFN komist á þing ASÍ, þá myndi sama gilda um aðra fulltrúa aðildarfélaga RSÍ. Á miðstjórnarfundu RSÍ þar sem fjallað var um málið kom fram að formönnum í öðrum aðildarfélögum innan RSÍ þótti sér misboðið, að fá ekki rúkkunar- og hótunarbréf frá ASN. Ástæða er að geta þess að í nýjum lögum ASÍ sem samþykkt voru á þinginu, voru sjónarmið RSÍ staðfest, þ.e. að engum væri skylda að vera innan svæðasambands.

**Átök um nýjan forseta**  
Þegar undirbúningur undir þing ASÍ hófst kom berlega fram að forsetatríóið naut ekki stuðnings marga úr forystu ASÍ og nokkurra starfsmanna. Menn vildu ekki endilega vera að gera upp á milli þeirra og vildu frekar skipta alveg um forsetagengið. Því þótti mörgum sú ákvörðun Grétars að tilkynna framboð sitt einkennileg, með því væri hann að setja mjög marga í erfiða stöðu. Forysta RSÍ lýsti því yfir að sambandið myndi taka þátt í því að gera tilraun til þess að ná samstöðu um miðstjórn ASÍ, við myndum ekki leggja í baráttu gegn Grétari eða fyrir Ara. En öllum átti að vera ljóst að við vorum ekki ánægðir með frammistöðu Grétars, auk þess að við töldum að tekin væri áhætta með starfseminu á skrifstofu ASÍ ef ekki yrði breyting á forystunni. Halldór Björnsson formaður Starfsgreinasambandsins tók að sér forystu í þessari vinnu, það var eðlilegt þar sem hann var formaður langstærsta sambandsins. Allir forystumenn stærstu félaga og sambanda tóku þátt í þessum undirbúningi utan formanns VR. Hann hafnaði því algjörlega þrátt fyrir að gerðar væru ítarlegar tilraunir til þess að fá hann til þess að koma eða senda einhvern fulltrúa sinn. Mörgum þótti þessi afstaða formanns

næst stærsta félagsins mjög óábyrg. Formaður VR setti einnig störf kjörnefndar ASÍ í mikinn vanda með því að hafna því ítrekað að tilnefna menn frá VR í nefndina.

Samstaða tókst í meginráttum um samsetningu miðstjórnarhópsins, þó án þess að endanlega væri gengið frá því hverjir yrðu í honum. Það varð niðurstaða hópsins að fara fram á það við Ara Skúlason að hann gæfi kost á sér. Hann lýsti því yfir að hann myndi gera það ef hann fengi afgerandi stuðning til þess. Hann fékk það að undanskildum formönnum Samiðnar og VR. Sú umræða fór fram í miðstjórn RSÍ hvort lýsa ætti yfir stuðningi við Ara. Miðstjórn taldi það eðlilegt vegna þess að önnur sambönd höfðu lýst því yfir með formlegum hætti hvern þau styddu. RSÍ ætti að láta afstöðu sambandsins koma fram. Ítrekað kæmi fram í fjölmiðlum sú ranga mynd að iðnaðarmannablokkin stæði öll að baki Grétari. Niðurstaðan í forsetakosningunum varð sú að Grétar fékk afgerandi kosningu.

Það varð til þess að á morgni síðasta þingdags fóru fulltrúar RSÍ yfir stöðuna ásamt þeim sem höfðu staðið að baka Ara. Allir sammála um að vinnubrögð Samiðnar og formanns VR í forsetakosningunum hefðu verið óviðunandi. Voru þessir þingfulltrúar þá ákveðnir í að gefa ekki kost á sér í miðstjórn og mynda þyrfti nýja kjörnefnd þar sem sú sem hingað til hefði starfað hefði galdið afhröð. Þá var hafin á þinginu undirbúningur framboða til miðstjórnar, m.a. hjá félögum með beina aðild og eins þótti landsbyggðarmönnum sinn hlutur vera rýr og vildu ná varaforseta. Okkar sjónarmið hefðu lotið í lægra og rétt væri að gefa öðrum tækifæri. forseta stóð. Algjör samstaða var meðal allra okkar manna um hvernig við ætluðum að halda á okkar spilum, enginn frá RSÍ myndi taka sæti í miðstjórn, við myndum bíða til næsta ársfundar og sjá hvernig mál myndu þróast. Formaður RSÍ þurfti að víkja af þinginu áður en því lauk sakir þess að hann hafði löngu áður lofað að flytja fyrirlestur um starfsmenntun í atvinnulífinu við setning þings Finnska rafíðnaðarsambandsins. Einhverra hluta vegna þá snéru allir stuðningsmenn Ara við blaðinu og tóku þrátt fyrir fyrri yfirlýsingar sæti í miðstjórn síðar þennan dag.

### **Fréttaflytningur af þinginu og ræða formanns RSÍ**

Þingfulltrúum RSÍ þótti fréttaflytningur af þinginu harla einkennilegur, svo einkennilegur að einn þeirra komst svo að orði, “Fréttamennirnir voru á einhverju öðru þingi en ég”. T.d. var það aðalfrétt ríkisútvarpsins kl. 10 síðasta þingdag að þingfulltrúar RSÍ hefði gengið af þinginu. Þá sátu þeir allir inni í þingsal. Aðalfréttin kl. 11 var úrdráttur úr væntanlegum reiðilestri formanns RSÍ yfir þingheim. Ræðan var fyrst flutt kl. 11.30, engin hafði hugmynd um hvort fréttamaður vissi um hvað formaður RSÍ ætlaði að segja. Ræðan var í DV kölluð aurugur fúkyrðaflaumur, þótti þingfulltrúum RSÍ það harla einkennilegt svo ekki sé meira sagt, en þeir höfðu ásamt formanni farið yfir hana áður en hún var flutt. Ræðan er í heild sinni hér á eftir, þannig að þá getur hver sem er dæmt hana.

Ríkisútvarpið hleypti formanni VR að í Dægurmálaþættinum eftir þingið þar jós hann úr skálum reiði sinnar yfir RSÍ, en svaraði reyndar ekki neinu af því sem ræðan snérist um og fréttamaður gerði enga tilraun til þess að fá svör við þeim atriðum. Þetta var svo endurspilað a.m.k einu sinni síðar og klifað á reiðilestri formanns RSÍ án þess að það væri skýrt frekar hvað við væri átt. Ekki þótti ástæða til þess hleypa RSÍ að með sjónarmið sín. Formaður VR sendi öllum þingfulltrúum RSÍ tilskipun nokkrum dögum eftir þingið, um að menn ættu að skilja það sem hann sagði þveröfugt við það sem kom fram í útprentun á ummælum hans. Þingfulltrúarnir endursendu VR bréfið og ítrekuðu skilning sinn og spurðu hvort VRingum fyndist ekki nóg að gert.

### **Ræða formanns RSÍ á ASÍ þingi.**

## **Góðir þingfulltrúar.**

Ég vil byrja á því að óska Grétari til hamingju með mjög afdráttarlausu kosningu. Eins og allir vita þá er ég afdráttarlaus stuðningsmaður Ara. Það geri ég ekki af því að ég telji Grétar vandan mann. Grétar er mikill mannkostamaður og einn af bestu drengjum sem ég hef hitt. Ég þekki þá báða vel og hef starfað með þeim. Ég tel að ég sé ekki að halla á neinn þó ég segi að það séu fáir sem hafi lagt fram jafn mikla vinnu í þágu ASÍ en ég, þá er ég vitanlega ekki að tala um starfsfólk og forseta.

Það kom mér leiðinlega á óvart þegar ég lýsti því yfir að ég styddi Ara, að formaður Samiðnar teldi ástæðu til þess koma til mín og kalla mig svikara. Það kom mér einnig leiðinlega á óvart viðtal sem formaður VR tók við sjálfan sig í fréttatíma Stöðvar 2 daginn fyrir kosningu. Þar veittist hann ítrekað að Rafiðnaðarsambandinu og Ara með ýmiskonar órökstuddum dylgjum. Jafnframt þessu kom hann okkur hlustendum á óvart með því að lýsa því yfir að hann væri hlutlaus. Formaður VR hefur einnig komið okkur á óvart með yfirlýsingar í fjölmiðlum um að gengið sé framhjá VR í völdugustu nefnd ASÍ. Það segir hann þrátt fyrir að menn séu búnir að ganga á eftir honum svo vikum skipti og biðja hann um að tilnefna tvo menn í kjörstjórn. Hann hefur ætíð hafnað því.

Við rafiðnaðarmenn höfum marglýst því yfir að við vildum taka þátt í því að mynda samstöðu um forystu ASÍ. VR hefur ætíð hafnað því og vildi ekki tilnefna neinn fyrr en þeir vissu að sinn maður væri öruggur í forsetastól. Ég hef ekki rætt við neinn hér í salnum um að hann eigi kjósa einn eða annan. Ég hef ekki sakað neinn um að hann sé svikari eða eitthvað í líkingu við það þó viðkomandi hafi lýst sig stuðningsmann Grétars. Ég tel einfaldlega eftir mikil kynni mín af báðum þessum ágætu mönnum sem voru í framboði til forseta að Ari sé hæfari, flóknara er það nú ekki.

Góðir þingfulltrúar, þessi vinnubrögð formanna Samiðnar og VR hafa borið sigur, mér er um megn að starfa undir þeim kringumstæðum. Þegar ég var kosinn í miðstjórn á sínum tíma komu fulltrúar sjálfstæðisflokksins til mín og spurðu mig hvort þeir ættu að útvega mér sæti í miðstjórn ég sagði nei takk, ef ég færi í miðstjórn þá gerði ég það í nafni míns sambands. Þrátt fyrir það kom til mín sjálfstæðismaður eftir þingið og óskaði mér til hamingju með sitt sæti í miðstjórn hann hefði vikið fyrir mér. Þá var þingið búið en ef það hefði ekki verið þá hefði ég sagt af mér.

Ég hélt að þessi vinnubrögð væri að baki en það er ekki og ég óska þeim til hamingju með sigurinn, þeir burstuðu mig og mín sjónarmið, ég játa mig sigraðan og lýsi því yfir að ég gef ekki kost á mér í miðstjórn eða til þeirra starfa sem kosið verður um í dag. Ég verð að hverfa af þinginu núna, það er nú svo að enginn er spámaður í sínu föðurlandi. Eins og þið vitið þá rekum við rafiðnaðarmenn 4 stærstu starfsmenntaskóla í atvinnulífinu hér á landi. Við erum aldrei beðnir að koma og lýsa reynslu okkar hér á landi, en ég er að fara til Finnlands á þing rafiðnaðarmanna og flyt þar ræðu um menntamál. Lífið heil og takk fyrir mig.

## **Fulltrúa RSÍ í kjörnefnd ofbýður**

Fulltrúi RSÍ í kjörnefnd þingsins var formaður FÍR, hann sá ástæðu til þess að senda frá sér yfirlýsingu að loknu þinginu sem hann kallaði : Pólitík og moldvörpustarfsemi á ASÍ þingi. Þar kom m.a. fram : *Undanfarin ár hefur litið svo út sem flokkspólitísk áhrif á störf innan verkalýðshreyfingarinnar hafi farið minnkandi. Á nýafstöðnu þingi ASÍ sýndu sjálfstæðisflokkur og framsóknarflokkur að á þeim bæjum ætla menn að reyna að ríghalda í gömlu flokksþræðina inn í verkalýðsfélögin. Kjörnefnd á*

*nýafstöðnu ASÍ þingi reyndi að vinna faglega að uppstillingu til miðstjórnar og jafna miðstjórnarsætum sem eðlilegast á milli aðildarsambanda ASÍ. Nefndin taldi eðlilegt eftir að forseti sambandsins hefði verið kjörinn, að skiptingin yrði þannig, að allir landssambandsformenn ættu sæti í miðstjórn samtals 6 menn, stóru aðildarfélögin, Efling og Verslunarmannafélag Reykjavíkur, 2 menn hvort, Eining á Akureyri 1 mann og þá eru þrjú sæti eftir sem skipt yrði á milli Starfsgreinasambandsins 2 menn og Landsambands verslunarmanna 1 maður.*

*Þar sem ljóst var að tveir menn yrðu í kjöri til forseta sambandsins urðu umræður innan nefndarinnar um að allir sem nefndin gerði tillögu um til setu í miðstjórn, myndu skuldbinda sig til að gefa kost á sér, hvor frambjóðandinn til forseta sem hlyti kosningu og skrifuðu allir kjörnefndarmenn undir yfirlýsingu þar um. Þrátt fyrir stöðuga eftirfylgni nefndarmanna úr hópi Landsambands verslunarmanna neitaði VR að tilnefna menn til kjörs í miðstjórn og hélt öllu starfi í nefndinni í gíslingu.*

*Það hafði vakið athygli þingfulltrúa, að sum borðin, sem fulltrúar VR sátu við voru heldur þunnskipuð, en stuttu fyrir forsetakjörið kom fulltrúi VR á skrifstofu þingsins og sótti strikamerkt nafnspjöld, sem notuð voru við kosninguna, fyrir alla fulltrúa VR, sem ekki höfðu mætt á þingið. Utanríkisráðherra kallað framsóknarmenn úr hópi þingfulltrúa á fund og skipað þeim að stuðla að kjöri Grétars Þorsteinssonar. Einn forystumaður úr þeirra röðum, sem stutt hafði Ara, snéri þegar við blaðinu og tók upp stuðning við Grétar.*

*Og nú fór áróðursvélin í gang, framsóknarmenn og verslunarmenn (lesist hinn stjórnarflokkurinn), fóru að dreifa sögum um salinn, “Ari stendur alltaf með atvinnurekendum”, “hann getur ekki unnið með fólki”, “hann er á móti láglaunafólki og hækkun lægstu launa”, “hann er á móti landsbyggðinni”, “hann er menntamaður”, “hann er ekki í VR eins og hann ætti að vera og brýtur þar með lög ASÍ, sjálfur forsetaframbjóðandinn”. Og auðvitað hreif áróðurinn og fljótlega fóru þingfulltrúar að tala um það sem heilagan sannleik að Ari Skúlason hefði alltaf staðið með atvinnurekendum. Fulltrúum frá nokkrum litlum félögum, sem eru utan landssambanda var tjáð að Ari hefði unnið gegn því að félög utan landssambanda gætu átt aðild að ASÍ. Staðreyndin er sú, að Ari hefur lýst þeirri skoðun sinni, að eðlilegra skipulag væri að verkalyðsfélögin ættu aðild að ASÍ, en ekki landssamböndin.*

*Þessi atburðarás og ýmislegt sem á undan er gengið, hlýtur að vekja rafiðnaðarmenn til umhugsunar um hvort þeir eigi samleið með mönnum sem svona vinna og með mönnum sem halda einu aðildarfélagi RSÍ, Félagi íslenskra símamanna, utan ASÍ. FÍS var áður innan raða BSRB, en mikill meirihluti félagsmanna ákvað að ganga í RSÍ, en það eru ekki allir, sem hafa skilning á því, að fólk eigi að ráða félagsaðild sinni sjálf.*

**Ari** **hrakinn** **burtu**  
Grétar þurfti að hverfa frá störfum eftir þingið vegna veikinda. Hann kom að máli við Ara og bað hann um að vinna áfram hjá ASÍ. En þau málalok virtust ekki falla sumum í geð og vildu nokkrir losa sig alfarið við Ara. Formaður RSÍ sá ástæðu til þess að senda yfirlýsingu frá RSÍ sakir þess að Ari var félagsmaður í einu aðildarfélagi RSÍ og það virtist vera talið honum til trafala, þar stóð m.a.:

*Síðast liðið haust stóðu nokkrir að því að fá Ara Skúlason til þess að gefa kost á sér við val á forseta ASÍ. Sá sem hafði forgöngu um þetta mál og varð helsti forsvarsmaður hópsins að baki Ara var Halldór Björnsson form. Starfsgreinasambandsins, hann hafði stuðning nokkurra formanna stærstu félaganna innan Starfsgreinasambandsins og fékk auk þess við eftirleitan m.a. stuðning hjá form. Sjómannasambandsins og undirrituðum. Það var að áeggjan þessara aðila sem Ari fór fram. Helstu rök þeirra sem stóðu að framboði Ara, var að fráfarandi forysta hefði þótt litlaus og ASÍ væri ekki sá þátttakandi í umræðunni um*

Þjóðfélagsleg málefni og efni stæði til. Ari hefði verið einn af fáum úr verkalyðshreyfingunni sem hefði tekið þátt í umræðunni. Ekki væri nóg að breyta skipulagi ASÍ eins lá fyrir að gert yrði á þinginu, ef þeim breytingum væri ekki fylgt eftir með afgerandi forystumönnum.

Að loknu þingi kom Grétar að máli við Ara og bað hann að starfa áfram hjá ASÍ, þetta var mikið og glæsilegt stjórnkænskubragð hjá Grétari, honum var ljóst að þetta var eina leiðin til þess að ná fylkingunum saman. Á þinginu hefði einungis verið stigið eitt skref, lokaskrefið yrði stigið á ársfundi ASÍ í vor. Ljóst var að Grétar þyrfti að hverfa frá í nokkrum tíma vegna veikinda og með því að taka áskorun Grétars og vera áfram á skrifstofunni. Sýndi Ari mikinn drengskap og vilja til þess að taka þátt í því að ná verkalyðshreyfingunni saman, það hefði haft afdrifaríkar afleiðingar ef hann hefði horfið á braut. Ef litið er til starfa skrifstofunnar síðan á þinginu og framkomu ASÍ í fjölmiðlum er ljóst að vera Ara á skrifstofunni hefur verið til góðs.

En formönnum VR og TR þótti ekki nóg að gert. Þeir gerðu hverja atlöguna af annarri að Ara og kröfðust þess að hann hyrfi á braut. Þessu lauk vitanlega með því að Ari sagði upp störfum sínum og hætti. Þetta er svo sem ekki í fyrsta skipti sem verkalyðshreyfingin losar sig við afgerandi og góða starfsmenn. Það hefur lengi verið svo innan verkalyðshreyfingarinnar, að ef einhver rifur sig upp úr meðalmenskunni, þá er umsvifalaust ráðist að viðkomandi og öllum brögðum beitt til þess að draga hann niður aftur. Þetta hefur leitt til þess að viðkomandi einstaklingar hafa gefist upp og horfið á braut, eða hætt afskiptum af ASÍ og snúið sér einvörðungu að sínu sambandi eða stéttarfélagi. Hér má t.d. nefna auk nokkurra formanna, Ásmund Stefánsson, Gylfa Arnbjörnsson, Eddu Rós Karlsdóttir og nú síðast Ara Skúlason.

### **FÍS fær ekki inngöngu í ASÍ.**

Eins og margoft hefur komið fram í skýrslunni þá sótti FÍS um inngöngu í RSÍ og það var samþykkt. Gerðar voru athugasemdir við þetta innan ASÍ og enn í dag hefur vera FÍS innan ASÍ ekki verið staðfest. Hin afkárlega þversögn í þessu er að ef FÍS sækti um beina aðild að ASÍ myndi það verða staðfest, því félagið er landsfélag. Einnig er ljóst að ef FÍS hefði sótt um inngöngu í Samiðn, Starfsgreinasambandið eða Landsamband verzlunarmanna þá hefði það gegnið hljóðalaust fyrir sig. Flest aðildarféлага RSÍ eru landsfélög og eru uppi vangaveltur um hvort afstaða laganefndar gefi þeim ekki kost á því að velja um hvort þau séu innan ASÍ þó svo þau séu innan RSÍ.

Það hefur verið mörgum rafiðnaðarmönnum umhugsunarefni hver viðbrögð margra í forystu ASÍ hafa verið í vetur. Í stuttu máli þá er atburðarrásin þessi. RSÍ stendur með umtalsverðum meirihluta forsytumanna ASÍ um að styðja Ara til forseta. Rógburður og flokkspólitískar tilskipanir koma í veg fyrir að Ari nær kjöri. Það verður til þess að RSÍ ásamt nokkrum forystumönnum annarra sambanda sem stóðu að kjöri Ara hafna því að taka þátt í frekari kosningum sem verður til þess að formenn VR og TR missa stjórn á sér. RSÍ er eina sambandið sem stendur við þessa ákvörðun. Það hefur leitt til þess að RSÍ hefur setið undir margskonar ávirðingum í allan vetur, sem hefur ekki veirið svarað. Er ekki heimilt að hafa sjálfstæða skoðun innan ASÍ? Spyra margir innan RSÍ sig þessa dagana.

## **FRÆDSLUMÁL**

### **Fjöldi próftaka í sveinsprófum í rafiðnaðargreinum**

<i>Sveinspróf 1999</i>					<i>Sveinspróf 2000</i>				
<b>Rafvirkjun</b>					<b>Rafvirkjun</b>				
	Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%		Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%
Feb.99	55	40	15	27%	feb.00	25	16	9	36%

Jún.99	47	38	9	19%	jún.00	42	31	11	26%
Samtals	102	78	24	24%	Samtals	67	47	20	30%
<b>Rafvélavirkjun</b>					<b>Rafvélavirkjun</b>				
	Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%		Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%
Feb.99	0	0	0	0%	feb.00	0	0	0	0%
Jún.99	2	2	0	0%	jún.00	0	0	0	0%
Samtals	2	2	0	0%	Samtals	0	0	0	0%
<b>Rafveituvirkjun</b>					<b>Rafveituvirkjun</b>				
	Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%		Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%
Feb.99	0	0	0	0%	feb.00	0	0	0	0%
Jún.99	9	9	0	0%	jún.00	0	0	0	0%
Samtals	9	9	0	0%	Samtals	0	0	0	0%
<b>Rafeindavirkjun</b>					<b>Rafeindavirkjun</b>				
	Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%		Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%
Feb.99	32	15	17	53%	feb.00	28	18	10	36%
Jún.99	32	13	19	59%	jún.00	35	18	17	49%
Samtals	64	28	36	56%	Samtals	63	36	27	43%
<b>Símsmíði</b>					<b>Símsmíði</b>				
	Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%		Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%
Feb.99	0	0	0	0%	feb.00	6	6	0	0%
Jún.99	4	4	0	0%	jún.00	0	0	0	0%
Samtals	4	4	0	0%	Samtals	6	6	0	0%
	<b>Fjöldi</b>	<b>Stóðust</b>	<b>Féllu</b>	<b>Fall%</b>		<b>Fjöldi</b>	<b>Stóðust</b>	<b>Féllu</b>	<b>Fall%</b>
<b>Alls</b>	<b>181</b>	<b>121</b>	<b>60</b>	<b>33%</b>		<b>136</b>	<b>89</b>	<b>47</b>	<b>35%</b>

Það hefur komið sveinsprófnefndarmönnum á óvart hve illa próftakar eru að sér í mælingum. Eitt þeirra verkefna sem próftakar leysa, er einangrunarmæling á greinartöflu, allan skilning og kunnáttu vantaði hjá flestum þeirra á þessu verkefni. Hvernig getur það verið, eftir 4 ára iðnám í sterkstraumnum, að nemar og próftakar, kunnir ekki að einangrunarmæla veitu?. Af þeim 34 próftökum sem þreyttu mælingarprófið, þá var aðeins einn sem leysti þetta verkefni 100 % rétt.

Í sveinsprófum rafvirkja hefur verið venja að hafa iðnteikningu (raflagnateikningu). Samkvæmt 12.gr. byggingarlaga nr.54/1978, hafa þeir rafvirkjar sem lokið hafa sveinsprófi fyrir 1.janúar 1979, rétt til þess að gera raflagnauppdrætti, og þeir sem taka sveinspróf eftir þennan tíma, ekki. Þar sem þessi réttindi fylgja ekki með sveinsbréfum í dag, þá gæti verið eðlilegra að taka upp teiknilestur, eins og við gerum hjá rafveituvirkjunum og að sjálfsögðu í samráði við skólana. Það er eins og það sé ekki alveg eðlilegt stöðva próftaka í sveinsprófum vegna falls í iðnteikningu, þar sem engin réttindi eru þar á bak við. Hins vegar vitum við það, að það eru meiri möguleikar á atvinnumarkaðnum fyrir þá sem geta teiknað og kunna góð skil á raflagnateikningum, það er engin spurning.

<b>Sveinspróf 2001</b>					
<b>Rafvirkjun</b>					
	Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%	
feb.01	41	29	12	29%	
jún.01	0	0	0	0%	
Samtals	41	29	12	29%	
<b>Rafvélavirkjun</b>					
	Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%	
feb.01	2	1	1	50%	
jún.01	0	0	0	0%	
Samtals	2	1	1	50%	
<b>Rafveituvirkjun</b>					
	Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%	
Feb.01	0	0	0	0%	
Jún.01	0	0	0	0%	
Samtals	0	0	0	0%	
<b>Rafeindavirkjun</b>					
	Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%	
Feb.01	31	21	10	32%	
Jún.01	0	0	0	0%	
Samtals	31	21	10	32%	
<b>Símsmiði</b>					
	Fjöldi	Stóðust	Féllu	Fall%	
Feb.01	2	2	0	0%	
Jún.01	0	0	0	0%	
Samtals	2	2	0	0%	
<b>Fjöldi Stóðust Féllu Fall%</b>					
<b>Alls</b>	<b>76</b>	<b>53</b>	<b>23</b>	<b>30%</b>	

### **Starfmenntakerfi rafiðnaðarmanna það öflugasta á Íslandi.**

Þegar Eftirmenntun rafiðna var stofnuð 1974 höfðu rafiðnaðarmenn þurft að horfa upp á erlenda rafiðnaðarmenn setja upp allan nýttækniþúnaðinn í Búrfellsvirkjun og í álverinu í Straumsvík. Samtök rafiðnaðaranna og fyrirtækja í rafiðnaði tóku höndum saman um að sjá til þess að íslenskum iðnaði stæðu ávallt til boða hæfir tæknimenn. Óhætt er að fullyrða að engin starfsgrein hefur lagt sjálf eins mikið fram að uppbyggingu íslensks atvinnulífs. Bilanatíðni og stöðvun vegna bilana er með því lægsta, sem þekkest. Íslenskum fyrirtækjum stendur ávallt til boða það nýjasta sem til er. Íslenskir rafiðnaðarmenn setja í dag upp allan hátækniþúnað og eru að auki að störfum við það um allan heim. Eftirmenntunarnefndir rafiðna og rafeindavirkja stofnuðu Rafiðnaðarskólann 20. september 1985. Lengst af báru nefndirnar ábyrgð á fræðslustarfinu. Árið 1993 var formlega stofnað til skólanefndar Rafiðnaðarskólans sem ber ábyrgð á starfsemi

Hratt vaxandi tölvunotkun og uppbyggingar netsins og þær breytingar sem eru að eiga sér stað á íslenskum vinnumarkaði hefur valdið því að uppbygging og skipulag náms er að gjörbreytast. Störf í tæknigreinum eru að renna saman og starfsmenntakerfið að þróast þannig að mótaðar námsbrautir, sem ljúka með prófi og veiti löghelgan aðgang að einhverju starfi, eru á undanhaldi. Vaxandi fjöldi lýkur grunndeild og fer að því loknu út á vinnumarkaðinn og

sinnir tiltölulega einföldum tæknistörfum. Samfara starfsþjálfun eru valin námskeið og námsáfangar, m.ö.o. byggja sjálfur upp og móta sína menntabraut, "pick and mix education" eins og það er kallað á ensku. Sifell er kallað á aukið framboð á sérhæfðum fagnámskeiðum í þeim menntastofnunum rafiðnaðarmanna. Þróun tölvunnar og netsins muni að öllum líkindum leggja bekkjarkennslukerfið eins og við þekkjum það í dag, að velli á næsta áratug. Í undirbúningi er að bjóða upp á gagnvirkt kennslunet í starfsmenntaskólum rafiðnaðarmanna. Þróun skólakerfisins er hæg. Það tekur langan tíma að breyta námsskrám og að því loknu tekur langan tíma að breyta kennslu. Í dag eru taldar líkur á því að framhaldskólinn muni einangrast. Hann muni einfaldlega ekki hafa tíma til þess að fylgjast með þróuninni. Bekkir muni tæmast og námið flytjast úr skólunum, mun hraðar en forráðamenn þeirra geri ráð fyrir. Framtíðin kemur af sjálfu sér, en þróunin ekki og við erum tilneydd að hefja nú þegar undirbúning vegna fyrirsjáanlegra breytinga á skólakerfinu.

### Fjöldi rafiðnaðarnema í verkmenntaskólunum haustönn 2000

Skóli	Grunndeild	Rafvirkjun	Rafeindavirkjun
Fjölbr. Breiðholti	9	51	
Kvölddeild			
Fjölbr. Norðurlands vestra	11		
Fjölbr. Vesturlands	25	11	38
Fjölbr. Suðurlands	12		
Fjölbr. Suðurnesja	31	20	
Framhaldssk. Vestm.eyjum	5		
Verkm.skóli Austurlands	14		
Menntaskóli Ísafjarðar	10		
Verkm.skóli Akureyrar	22	21	12
Iðnsk. Hafnarfirði	66	10	20
Iðnsk. Reykjavík	74	39	131
Samtals	279	152	201

### Heildarfjöldi 632

Á síðasta ári voru nemendur í starfsmenntakerfi rafiðnaðarmanna tæplega 9.000, skólarnir voru reknir í tæplega 8.000 ferm. húsnæði í eigu rafiðnaðarmanna, fastir starfsmenn voru 62 og fjöldi verktaka tæplega 90. Hröð þróun í rafiðnaði kallar á síaukna starfsemi. Undanfarin misseri hafa vinsældir heildstæðra námsbrauta vaxið og eru nú svo komið að meginhluti námsframboðsins þar byggist á lengri starfsmenntabrautum. Það hefur aftur á móti kallað á formlegar útskriftir og ekki duga lítil hús til útskrifta, því Borgarleikhúsið og Íslenska óperan hafa verið leigð til útskriftar.

### Rafiðnaðarskólinn

Við Rafiðnaðarskólann eru starfandi eftirmenntunarnefndir. Þær eru Eftirmenntun rafiðna, Eftirmenntun rafeindavirkja, Eftirmenntun rafveituvirkja, Eftirmenntun símsmiða, Eftirmenntun kvikmyndahúsanna, Eftirmenntun ljósvakamiðlanna og Eftirmenntun tæknifólks í rafiðnaði. Í hverri eftirmenntunarnefnd eru fjórir fulltrúar, tveir frá launþegum og tveir frá atvinnurekendum. Fulltrúar úr nefndunum sitja í Fræðsluráði rafiðnaðarins (skólanefnd Rafiðnaðarskólans) ásamt formönnum þeirra félaga sem standa að rekstri skólans.



Framkvæmdastjórn Rafiðnaðarskólans er skipuð tveimur fulltrúum launþega (Rafiðnaðarsamband Íslands) og tveimur fulltrúum atvinnurekenda (Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði). Þessir aðilar eru jafnframt eigendur skólans.

**Helstu starfsmenn Rafiðnaðarskólans** : Sigurður Geirsson framkv.stj, Jón Árni Rúnarsson framkv.stj., Guðfinnur Traustason verkefnastj., Haukur Konráðsson verkefnastj. og Guðmunda Kristinsdóttir verkefnastj.

#### CTEC á Íslandi

Í samvinnu við Microsoft verður opnaður skóli fyrir fagfólk og sérfræðinga í raf- og tölvuiðnaði sem mun sérhæfa sig fyrst til að byrja með á Microsoft lausnum. Skólinn mun bera nafnið CTEC á Íslandi og hefur starfsemi í haust að Faxafeni 10. Hann 100% í eigu Rafiðnaðarskólans.

Það hefur tíðkast að rafiðnaðarmenn í námi hverfa oft á tíðum úr námi og fara til starfa innan rafiðnaðargeirans, oft lenda menn í þannig störfum að ekki er krafist sveinsprófs, en viðkomandi sækir sérmenntun á sínu sviði í Rafiðnaðarskólanum eða annars staðar. Viðkomandi getur hvenær sem er tekið upp þráðinn og hafið nám að nýju og lokið sveinsprófi í einhverri rafiðnaðargrein. Hann fær þá metið það sérnám sem hann hefur sótt og þá starfsþjálfun sem hann hefur öðlast. Þetta fyrirkomulag hefur leitt til þess að þörfum atvinnulífsins fyrir rafiðnaðarmenn með styttri menntun hefur verið fullnægt og ekki síður, einstaklingurinn hefur ætíð haft möguleika á að bæta við sig námi. Aðstoðarmenn rafiðnaðarmanna og sérstök menntun vegna þeirra hefur þar af leiðandi aldrei tíðkast, það er engin þörf fyrir þá.

#### Rafiðnaðarútgáfan

Rafiðnaðarútgáfan hafa fengist við gerð og útgáfu bóka fyrir tölvukennslu síðan 1987. Titlar útgáfunar eru 34 og seldi Rafiðnaðarútgáfan 12000 bækur árið 2000.

Áður en Rafiðnaðarútgáfan var stofnuð gaf Eftirmenntun rafiðna út kennslubækur fyrir rafiðnarnámið.

#### Margmiðlunarskólinn

Rafiðnaðarskólinn á 50% í Margmiðlunarskólanum á mótí Prenttæknistofnun. Eigendur Prenttæknistofnunar eru Samtök iðnaðarins (50%) og Félag bókargerðarmanna (50%).

#### Viðskipta- og tölvuskólinn

Eftirmenntunarnefnd rafeindavirkja og Eftirmenntunarnefnd rafiðna sem stofnuðu Rafiðnaðarskólann í upphafi eiga og reka Viðskipta- og tölvuskólann, **Rafiðnaðarútgáfuna og Fjarkennslumiðstöð Íslands.**

#### Fjarkennslumiðstöð Íslands

Skóli sem mun taka að sér fjarkennslu fyrir alla þá skóla sem rafiðnaðurinn kemur að og einnig fyrir aðra skóla þ.e.a.s. hýsing og aðstoð.

#### Netnám / Vefnám

Í undirbúningi. Kennslumiðstöð.

#### Opni skólinn

“Skóli án takmarkana”

Í undirbúningi

#### nam.is / namskeid.is

Í undirbúningi. Námsráðgjöf og áhugasviðmæling á netinu.

#### RTV – Menntastofnun ehf.

Viðskipta- og tölvuskólinn á fyrirtæki sem heitir RTV-Menntastofnun ehf. sem er þjónustu- og þróunarstofnun sem rekur ýmsa þjónustu t.d. fjármálaþjónustu, (bókhald, gjaldkeri) markaðsþjónustu (auglýsingagerð, vefstjórnun, vefsíðugerð) og fleira sem tilheyrir menntakerfi því sem rafiðnaðurinn kemur að.

### **Kvikmyndaskóli Íslands**

Rafiðnaðarskólinn á 50% hlut í Kvikmyndaskóla Íslands. Skólastjóri er Böðvar Bjarki Pétursson. Í skólanum er boðið upp á margskonar nám við gerð kvikmynda og sjónvarpsefnis. Rafiðnaðarmenn hafa verið fjölmennir í hópi tækni- og upptökufólks í þessari grein. Áætlað er að mikið samstarf verði við Margmiðlunarskólann, hvað varða rkennara og tæknibúnað.

### **Fjarvidd ehf.**

RTV-Menntastofnun ehf. á fyrirtæki sem heitir **Fjarvidd ehf.**, Fjarvidd ehf. rekur kerfisleigu, hýsingu og er einnig kerfis- og netlausna fyrirtæki.

Viðskiptavinir Fjarviddar ehf. eru:

- **Rafiðnaðarskólinn**
- **CTEC á Íslandi**
- **Viðskipta- og tölvuskólinn**
- **Rafiðnaðarútgáfan**
- **Fjarkennslumiðstöð Íslands**
- **Margmiðlunarskólinn**
- **Tölvuskóli Reykjavíkur**
- **Kvikmyndaskólinn**

Væntanlega munu þeir aðilar bætast við fyrir áramótin 2001/2002

### **Menntaheimur ehf.**

RTV- Menntastofnun ehf. á einnig 75% í Menntaheim ehf. sem rekur Tölvuskóla Reykjavíkur. Efling stéttarfélag á 25%

### **Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins**

Á haustdögum var nýjum áfanglýsingum fyrir nám í raf- og rafvélavirkjun skilað inn til Menntamálaráðuneytisins til kynningar. Þær eru nú á heimasíðu ráðuneytis í kynningu.

Í framhaldi af því lagði Menntamálaráðuneytið fram ósk til starfsgreinaráðs um að endurskoða námsskrá fyrir Grunndeild rafiðna hún er í dag 25 einingar sem er of mikið. Starfsgreinaráð fól Fræðsluskrifstofunni að ganga til samninga við ráðuneytið um þessa námsskrárvinnu. Samningur við Menntamálaráðuneytið var undirritaður 13. febrúar 2001 og í beinu framhaldi var hafist handa við undirbúning að endurskoðun námsskrárinnar.

Laugardaginn 3. mars 2001 komu nokkrir kennarar af SV horninu ásamt fulltrúum Fræðsluskrifstofunnar saman til að móta tillögu fyrir stærri fund þar sem ætlunin er að skipa í vinnuhópa að námsskrárgerðinni. Þessi fundur tókst vel og þeim niðurstöðum sem fundarmenn komust að var dreift á alla þá sem boðaðir voru á fundinn 17. mars.

Fundur var síðan haldinn í Borgartúni 6 í boði menntamálaráðuneytisins laugardaginn 17. mars og hófst hann kl. 10:00 alls mættu á fundinn 16 fulltrúar frá hinum ýmsu verkmennta- og iðnskólum landsins, ásamt fulltrúa frá iðnnemum og Krístrúnu Ísaksdóttur frá Menntamálaráðuneytinu. Fyrri hluti þessa fundar fór í umræðu um námsskrána eins og hún er í dag og þær tillögur sem okkur höfðu borist, í seinni hluti fundarins var síðan unnið að drögum að áföngum og fundarmenn skiptu sér niður í 4 hópa til að vinna að áfangalýsingum fyrir GRUNNÁM RAFIÐNA eins og þetta nám kemur til með að heita.

Rætt var um nauðsyn á samræmingu á kennslugögnum og endurnýjun á þeim bókakosti sem menn hafa í dag, var nokkur umræða um fyrirkomulagið sem Danir hafa en þar er einn miðlægur grunnur á námsefni fyrir rafiðnbrautir.

Áfram verður unnið við áfangalýsingarnar, en það er von ráðuneytisins að taka þetta inn í skólakerfið sem fyrst.

## Samstarf Rafiðnaðarskólans og Landsvirkjunar

Landsvirkjun hefur rekið mikinn og öflugan starfsmenntaskóla undanfarin sumur. Þar hafa um og yfir 200 ungmenni unnið að uppgræðslu lands og gróðursetningar trjágróðurs. Samhliða þessu hafa ungmennin farið í gegnum nokkra námsáfanga í jarðfræði og landnýtingu. Á þessu sviði hefur Landsvirkjun unnið mikið og farsælt starf og á mikinn heiður skilið.

Netvæðingin hefur áhrif á gerð námsáfanga og er talið nauðsynlegt að hóparnir hafi greiðan aðgang að netinu til þess að sækja upplýsingar frá t.d. Háskólanum við vinnslu ritgerða. Forstöðumaður skólans hafði samband við RSÍ og spurðist fyrir um hvort RSÍ gæti lánað tölvur til skólans í sumar. Starfsmenntastofnanir rafiðnaðarmanna eiga nokkur hundruð tölvur og standa þær ónotaðar frá miðjum júní fram í ágúst byrjun. Tekið var mjög vel í erindið og lánaði Rafiðnaðarskólinn Starfsmenntaskóla Landsvirkjunar tölvur í sumar.

## SJÓÐIR RSÍ

### Lífeyrissjóðurinn Lífiðn

	1997	1998	1999	2000
Ellilífeyrir	36.428.903	50.351.044	57.884.963	73.455.753
Örorkulífeyrir	37.252.593	37.514.519	40.869.245	44.983.377
Makalífeyrir	19.553.549	21.453.789	23.402.634	26.345.259
Barnalífeyrir	3.462.087	4.305.690	3.829.328	3.945.184
<b>Samtals:</b>	<b>96.697.132</b>	<b>113.625.042</b>	<b>125.986.170</b>	<b>148.729.573</b>
Hr. Eign til gr. lífeyris	9.949.202.256	11.328.355.781	14.396.324.404	16.277.232.524
Sjóðfélagalán	1.094.811.094	1.194.605.939	1.468.522.398	2.000.218.331
Innkomin iðgjöld	634.398.870	807.049.479	951.172.155	1.214.937.437

Lífiðn er tíundi stærsti lífeyrissjóður landsins. Eignir hans eru 16.3 milljarðar, og jukust þær um 12% á síðasta ári. Á árinu greiddu 4.936 einstaklingar til sjóðsins sem er 7% fjölgun frá árinu áður. Iðgjaldatekjur uxu um 28% á sama tíma og námu 1.214 milljónum í árslok. Samtals eiga 10.415 einstaklingar réttindi hjá sjóðnum.

Meðaltal hreinnar ávöxtunar frá stofnun er 7,2%. Ávöxtun sjóðsins á árinu 2000 var 0,2% og lækkaði mikið frá árinu áður. Síðustu mánuði ársins 2000 lækkuðu innlend og erlend hlutabréf mikið sem leiddi til þess að ávöxtun sjóðsins lækkaði verulega. Hlutfall hlutabréfa í eignasafni sjóðsins fer hækkandi og má því búast við meiri sveiflum á ávöxtun sjóðsins. Til lengri tíma litið mun herra hlutfall hlutabréfa skila sjóðnum betri ávöxtun vegna þess að vænt ávöxtun þeirra er mun meiri en skuldabréfa.

Hlutverk Lífiðnar er að tryggja öryggi sjóðfélaganna, maka þeirra og barna, í framtíðinni. Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum sínum elli- og örorkulífeyrir og mökum látinna sjóðfélaga fjölskyldulífeyrir. Samtrygging sjóðfélaga um örorku- og fjölskyldulífeyrir tryggir sjóðfélögum og mökum þeirra lífeyrir við óvænt áföll. Stefna Lífiðnar er að auka þjónustu á sviði heilsu og líftrygginga og fyrsta skrefið í því var að stofna okkar eigin séreignarsjóð sem býður upp á séreignarsparnað með 8 valleiddum og ættu allir að geta fundið sparnaðarleið sem

hentar þeim hjá okkur. Hjá sameignarsjóðum gerir enginn kröfur um útgreiðslu arðs, heldur renna öll iðgjöld til uppbyggingar lífeyrisréttinda. Enginn hagnast á rekstri sjóðsins aðrir en sjóðfélagar.

Grundvallarlaun Lsj. Lífiðnar er nú kr. 78.723 á mánuði. Samkvæmt samþykktum sjóðsins skal gera tryggingarfræðilegaúttekt á hverju ári. Samkvæmt úttekt tryggingafræðings þá eru áfallnar skuldbindingar umfram eignir 80 millj. eða -0,2%. Ljóst er að staða Lífiðnar er eins sú besta sem þekkist á milli lífeyrissjóða. Eignir umfram áfallnar skuldbindingar eru 5,3 milljarður. Lífiðn veitir auk þess töluvert hærri og víðtækari réttindi en flestir aðrir sjóðir. Réttindi til eftirlauna eru riflega 14% hærri en hjá flestum öðrum sjóðum. Einnig er mun öflugri tryggingarvernd, t.d. hvað varðar makalífeyrir.

Starfsmenn Lífiðnar eru 5 og meðalstöðugildi 4,5. Miklar breytingar eru í rekstri lífeyrissjóða. Öflugra eftirlit er komið á til að fylgjast með því að allir greiði í lífeyrissjóð, þessu eftirliti er fylgt eftir af skattayfirvöldum. Með nýjum kjarasamningum hefur sveigjanleiki aukist til greiðslu í séreignarsjóði og hafa margir nýtt sér það hjá Lífiðn.

**Stjórn sjóðsins** er skipuð eftirfarandi mönnum. Þórir Hermannsson, formaður, Niels S. Olgeirsson og Haraldur Jónsson fyrir launamenn og Arnbjörn Óskarsson, Sveinn Jónsson og Tryggvi Guðmundsson fyrir atvinnurekendur. Framkvæmdastjóri sjóðsins er Friðjón Rúnar Sigurðsson.

**Starfsmenn Lífiðnar** : Friðjón Rúnar Sigurðsson framkv.stj., innheimtumál, ávöxtun verðbréfa, Bjarni Sigfússon fulltrúi lífeyrismála og gjaldkeri, Viktor Guðmundsson skrifstofustjóri, Marin Jónsdóttir fulltrúi verðbréfaumsýslu. Á síðasta ári stofnuðu Lífiðn og Sameinaði lífeyrissjóðurinn sameiginlegt verðbréfafyrirtæki sem sér um ávöxtun séreignadeilda lífeyrissjóðanna, forstöðumaður var ráðinn Gunnar Árnason fyrrv. starfsm. Lífiðnar.

**Starfsmenn innheimtudeildar** : Elín Sigurðardóttir framkv.stj., bókhald. Anna María Hannesdóttir færsla innheimtukerfis, Ásta Sóley Sigurðardóttir færslur innheimtukerfis, bókhald aðildarfélaga. Sigrún Magnúsdóttir ritari, símsvörun. Ásta Kristjónsdóttir innheimta og innskráning.

## Styrktarsjóður rafiðnaðarmanna

Styrktarsjóður rafiðnaðarmanna er einn af virkustu sjúkrasjóðunum og reglugerð sjóðsins veitir félagsmönnum og fjölskyldum þeirra eitt langöruggasta umhverfi sem þekkist í íslenski verkalýðshreyfingu. Styrktarsjóðurinn greiðir félagsmönnum bætur og styrki vegna veikinda og slysa, eftir að greiðslum frá atvinnurekenda lýkur. Þá greiðir sjóðurinn einnig útfararkostnað, dánarbætur og styrkir sjóðsfélaga sem þurfa að fara sjálfir eða með einhvern úr fjölskyldu sinni til lækninga fjarri heimilum til Reykjavíkur eða erlendis. Einnig tekur sjóðurinn þátt í greiðslum vegna sjúkranuðs og sjúkraþjálfunar.

Greiðslur úr sjóðnum skiptast þannig:

<b>Styrkir</b>	<b>1997</b>	<b>1998</b>	<b>1999</b>	<b>2000</b>
Sjúkrabætur	7.164.797	21.611.314	20.983.696	36.957.190
Dánarbætur og jarðarfarir	892.710	3.587.200	4.135.000	4.106.000
Sjúkran. og sjúkraþjálfun	912.103	1.299.684	1.869.480	2.190.246
Sjúkrahúsaðgerðir	525.000	382.670	203.000	253.552

Ferðastyrkir	723.424	699.635	445.406	628.521
Líkamsr. og forvarnarstarf	711.519	1.459.022	2.295.908	3.938.545
Aðrir styrkir	1.529.030	2.513.982	4.850.893	4.392.092
<b>Samtals</b>	<b>12.458.583</b>	<b>31.553.507</b>	<b>34.783.383</b>	<b>52.466.146</b>

Greiðslur úr styrktarsjóð hafa vaxið verulega undanfarin ár. Til þess eru nokkrar ástæður, réttindi félagsmanna hafa verið kynnt þeim ítarlega á fundum og á heimasíðunni, einnig hefur meðalaldur félagsmanna vaxið umtalsvert undanfarin ár. Fyrir nokkrum árum voru ekki margir félagsmenn í aðildarfélögum RSÍ yfir 40 ára, þeir voru undantekningalítið orðnir atvinnurekendur.

## Starfsreglur styrktarsjóðs rafiðnaðarmanna.

Áríðandi er í öllum tilfellum sem bætur eru greiddar að fullnægjandi gögn liggi fyrir, s.s að reikningar sem er framvísað sé á nafn og fram komi tímabil, og/eða fjöldi skipta sem viðkomandi hefur sótt t.d. nudd. Vegna greiðslu dagpeninga í stað launa skal fylgja læknisvottorð, ásamt staðfestingu vinnuveitanda um að launagreiðslur hafi fallið niður

### 1. Dagpeningar greiðast úr sjóðnum með eftirfarandi hætti:

- Dagpeningar greiðast frá þeim tíma að lögboðinni eða sammingsbundinni kaupgreiðslu frá atvinnurekanda lýkur. Endurnýja þarf umsókn um dagpeninga við lok bótatímabils, (sem er 180 dagar) vari veikindi áfram. Sjóðstjórn metur hvort greitt er lengur en eitt bótatímabil og hvaða dagpeningar séu þá greiddir.
- Upphæð dagpeninga skal tryggja 80% af meðallaunum viðkomandi síðustu fimm mánuði fyrir veikindi, skv. iðgjaldyfirliti til styrktarsjóðs. Hafi verulegar breytingar orðið á launum viðkomandi yfir þetta fimm mánaða tímabil er heimilt að lengja viðmiðunartímann í allt að 10 mánuði.
- Sé um að ræða greiðslu vegna tímabundinnar örorku er heimilt að skerða bætur sjúkrasjóðs sem því nemur. Sjúkra- eða slysadagpeningar Tryggingarstofnunar skerða ekki dagpeningar sjúkrasjóðs.
- Vegna langvarandi veikinda maka eða barna enda missi sjóðfélagi launatekjur vegna þeirra. Sé um veikindi barna að ræða þá hafi 7/10 daga rétturinn verið fullnýttur, og maki eigi ekki tók á að annast barnið. Vegna veikinda maka skal við það miðað að veikindi hafi staðið í amk 2 vikur.
- Heimilt er sjóðstjórn að greiða hluta dagpeninga ef sjóðfélagi getur ekki vegna sjúkdóms eða slyss stundað fulla vinnu.

Dagpeningar greiðast ekki þegar um varanlega örorku eða ellihrumleika er að ræða.

Af framangreindum bótum styrktarsjóðs greiðir bótaþegi 4% í lífeyrissjóð og sjóðurinn 6%. Einnig greiðir bótaþegi félagsgjald til viðkomandi stéttarfélags.

Dæmi um sjúkra- og slysadagpeninga sjúkrasjóðs.

Tekjur fyrir veikindi eða slyss	Dagpeningar sjúkrasjóðs RSÍ.
<b>kr. 100.000</b>	<b>kr. 80.000</b>
<b>kr. 180.000</b>	<b>kr. 144.000</b>
<b>kr. 260.000</b>	<b>kr. 208.000</b>
<b>kr. 340.000</b>	<b>kr. 272.000</b>

Viðkomandi getur auk þess átt rétt á sjúkra- eða slysadagpeningum frá Tryggingarstofnun ríkisins. Bætur frá Tryggingarstofnun voru í janúar 2001 kr. 22.020 á mánuði fyrir einstakling í fullu starfi.

### Við andlát sjóðfélaga skal:

- greiða kr: 261.500.- vegna útfararkostnaðar, enda hafi viðkomandi verið sjóðfélagi í a.m.k. 6 mánuði þegar dauða hans bar að höndum.

- b) eftirlifandi maka, eða foreldri á framfæri hins látna, verði greiddir lágmarksdagpeningar fyrir 90 daga, kr. 235.350.
- c) fyrir hvert barn undir 18 ára aldri á framfæri viðkomandi verði greiddir lágmarksdagpeningar fyrir 90 daga, kr. 235.350.

*Heimilt er að greiða lágmarksdagpeninga vegna barna til allt að 21 árs aldurs, enda hafi barn sannarlega verið á framfæri sjóðfélaga og er ekki á vinnumarkaðinum.*

*(Tölur miðast við grundvallarlaun Lífeyrissjóðs Lífðnar janúar 2001)*

## **2. Styrkir vegna forvarnar- og líkamsræktar :**

Hafi viðkomandi verið fullgildur félagsmaður næstliðið ár þá á hann rétt á sama styrk til forvarnar- og líkamsræktar og greitt er til námskeiða. Þ.e. allt að helmingi gjalds en þó aldrei hærra en kr. 10.000 á hverju almanaksári.

Styrkur verður greiddur ef félagsmaður sýnir löggilta kvittun í frumriti þar sem fram kemur að hann hafi greitt fyrir sig kort í viðurkenndri líkamsræktarstöð eða íþróttafélagi, sundkort eða skíðakort að því tilskyldu að það sé til 3ja mán eða lengra.

Ef viðkomandi félagsmaður getur ekki lagt fram frumrit, skal hann leggja fram afrit þar sem kemur fram hversu mikið framlag vinnuveitanda er og gildir reglan hér að ofan, þ.e. styrkur getur aldrei orðið hærri en mest helming af eftirstöðvum.

## **3. Sjúkranudd, Sjúkraþjálfun og meðferð hjá kiropraktor.**

Sjúkrasjóður greiðir styrk vegna þessa gegn löggiltum kvittunum að hámarki 25 skipti á ári. Greitt er 40% af heildarkostnaði fyrir hvern tíma, gegn framvísun greiðslukvittunar, ásamt tilvísun frá lækni um þjálfunina (á ekki við kiropraktor).

## **4. Áfengismeðferð.**

Greiddir eru dagpeningar styrktarsjóðs í allt að 90 daga. Dagpeningar eru greiddir skv. 80% reglu sé henni viðkomið, annars lágmarksdagpeningar.

## **5. Ferðakostnaður.**

Til að jafna aðstöðu þeirra sem búa á landsbyggðinni tekur sjúkrasjóður þátt í ferðakostnaði þeirra sem þurfa að fara landshluta á milli til aðgerða eða rannsókna að læknisráði. Sækja verður um styrk til TR. Sé því hafnað er greitt fyrir 40 – 250 km. kr. 3000, 250 - 400km. kr. 6000 og 400 km og lengra kr. 9000. Sé flogið er greitt ódýrasta flugfargjald á þeirri leið.

## **6. IVF meðferð.**

Sjúkrasjóður tekur þátt í IVF meðferð. Greiddur er styrkur allt að kr. 75.000 auk þátttöku í ferðakostnaði sé um það að ræða. Gögn sem þurfa að berast eru: Skilavottorð frá lækni um fjölda meðferða og beinan kostnað vegna þeirra.

## **7. Lýtaaðgerðir.**

Félagsmaður sem fer í lýtaaðgerð getur átt rétt á styrk einu sinni, enda hafi kostnaður verið meiri en kr. 50.000. Styrkur getur mest orðið kr. 75.000, en þó aldrei hærri en 50% af útlögðum kostnaði. Hér er átt við lýtaaðgerðir s.s. tannholdsáðgerðir, fjarlægja útlitsgalla og fl. Augnaðgerðir með laser til þess að losna við notkun gleraugna. Fegrunaraðgerðir eru ekki styrktar.

## **8. Lyfja- og læknskostnaður.**

Sjúkrasjóður tekur ekki þátt í lyfja- eða læknskostnaði fyrr en afsláttarkorti er náð. Kostnaður umfram afsláttarkort kr. 12.000 er metið af sjóðstjórn hverju sinni. Krabbameinsskoðun er greidd af sjúkrasjóðnum.

Lágmarksdagpeningar eru kr. 2.615 samanber grundvallarlaun Lífeyrissjóðsins Lífiðnar þann 1. janúar 2001 og breytast tvisvar á ári 1. júlí og 1. janúar.

## Niðurlag

Í skýrslu um starfsemina er að sjálfsögðu ekki hægt að gera grein fyrir öllum málefnum sem unnið er að, heldur eru aðeins nefnd helstu verkefnin. Skýrslan ber merki þess að RSÍ er öflugt landsamband sem er skipulagt þannig að kjarasamningar, styrktarsjóður, orlofshús og starfsmenntakerfi er rekið með sameiginlegum hætti. Það hefur reynst okkur rafiðnaðarmönnum ákaflega vel, við höfum komið mörgu í verk sem hefur reynst öðrum stéttarfélögum um megn. Nauðsynlegt er að birta ítarlegar skýrslur svo þeir félagsmenn sem ekki komast til aðalfundar, eigi þó kost á því að kynna sér til nokkurrar hlítar starfsemina. Á tímum tölvupósts hefur geymsla upplýsinga á pappír snarminnkað. Hætt er við að það geti vafist fyrir sagnfræðingum framtíðarinnar að lesa úr fortíðinni, þ.e. þeim tímum sem við lifum á núna. Ítarlegar skýrslur eru m.a. hugsaðar sem geymsla á sögu RSÍ til framtíðar.

Eins og fram kemur í skýrslunni snýst starfsemi nútíma verkalýðsfélags ekki einungis um gerð kjarasamninga og innheimtu á gjöldum. Lifandi þróttmikil starfsemi á að skapa félagsmönnum og fjölskyldum þeirra leið til öruggara og fyllra lífs. Eitt af þeim markmiðum sem núverandi stjórn setti sér, var að efla félagslíf og gera eignir sambandsins aðgengilegri félagsmönnum og fjölskyldum þeirra. Rafiðnaðarmenn hafa verið í farabroddi íslenskra stéttarfélaganna og stjórnir verið tilbúnar til að takast á við fjölbreytt verkefni og verið framsýnar. Þetta gerir það að verkum að það er skemmtilegt og ögrandi verkefni að leiða samtök rafiðnaðarmanna.

Guðmundur Gunnarsson, apríl 2001.

## LÁTNIÐ FÉLAGAR FRÁ SÍÐASTA SAMBANDSSTJÓRNARFUNDI

### ***Þórður Jónsson***

***Fæddur 15/5 1940 dáinn 25/6 2000***

Þórður nam rafvirkjun við Iðnskólann í Hafnarfirði og lauk sveinsprófi 1964. Þórður vann m.a. hjá Rafmótor h.f.. Íslenskum aðalverktökum, Vélsmiðjunni Kletti, Suðurnesjaverktökum, Rafi í Hafnarfirði, Jóni Bjarnasyni, Ljósvirki og Bræðrunum Ormsson. Lengst af vann Þórður hjá Íslenska Álfélaginu eða frá 1969 til dauðadags og var þar lengst af sem flokksstjóri. Þórður var sæmdur gullmerki Félags íslenskra rafvirkja.

### ***Róbert Bjarnason***

***Fæddur 5/1 1917 dáinn 30/6 2000***

Róbert hóf störf við kvikmyndasýningar um 1945. Hann var sýningarstjóri við Bæjarbíó í Hafnarfirði. Róbert var um árabil í stjórn Félags sýningarmanna sem gjaldkeri. Hann var sæmdur gullmerki félagsins og einnig gerður heiðursfélagi FSK.

### ***Haukur Ákason***

***Fæddur 18/1 1933 dáinn 26/7 2000***

Haukur lærði rafvirkjun hjá Haraldi Eggertssyni í Reykjavík. Hann lauk sveinsprófi 1953 og hlaut meistararéttindi 1956. Haukur útskrifaðist frá rafmagnsdeild Vélaskóla Íslands. Hann starfaði m.a. um tíma sem rafvirki á olíuflutningaskipinu Hamrafelli, þá starfaði hann sem flokkstjóri hjá Rarik og síðar sem bæjarverkstjóri hjá Húsavíkurbæ. Haukur stofnaði sitt eigið rafverktakafyrirtæki 1966, sem síðar sameinaðist fyrirtæki sem stofnað var um rekstur slíppsins á Húsavík. Árið 1994 stofnaði hann svo ásamt syni sínum fyrirtækið Víkurraf ehf., þar sem hann starfaði allt til dauðadags.

### ***Guðjón Guðmundsson***

***Fæddur 18/6 1914 dáinn 6/8 2000***

Guðjón hóf nám í rafvirkjun hjá Júlíusi Björnssyni 1931. Hann lauk sveinsprófi í rafvirkjun 1935 og hlaut meistaraéttindi 1937. Rak eigið raftækjaverkstæði og verslun 1937-1939. Var verkstjóri og rafmagnseftirlitsmaður hjá Rafveitu Hafnarfjarðar 1939-1941. Var starfsmaður Rafmagnseftirlits ríkisins 1941-1946 og gerðist deildar og rekstrarstjóri hjá Rafmagnsveitum ríkisins 1946, þar til hann lét af föstu starfi fyrir aldurs sakir. Guðjón var fyrsti ritstjóri Iðnnemans. Hann var í stjórn Rafvirkjafélagsins, sem síðar varð Félag íslenskra rafvirkja, 1937-1939 og var formaður 1938.

***Magnús Guðmundsson***

***Fæddur 25/5 1939 dáinn 25/8 2000***

Magnús nam rafvirkjun við Iðnskólann í Reykjavík. Hann lauk sveinsprófi 1979. Meistari hans var Hallur Björnsson. Magnús starfaði sem rafvirki hjá Kaupfélagi Borgfirðinga.

***Guðni Helgason***

***Fæddur 27/1 1920 dáinn 17/9 2000***

Guðni lærði rafvirkjun við Iðnskólann í Reykjavík. Meistari hans var Sigurður Bjarnason. Guðni lauk sveinsprófi 1947. Fékk meistaraþréf 1950 og landslöggingingu 1950. Lauk prófi frá rafmagnsdeild Vélskólans í Reykjavík 1951. Starfaði hjá Sigurði Bjarnasyni í 8 ár og hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur í 2 ár. Eftir það rak hann eigin rafverkstæði. Guðni var heiðursfélagi í Félagi löggiltra rafverktaka í Reykjavík.

***Jóhann Heiðar Ársælsson***

***Fæddur 22/6 1961 dáinn 17/9 2000***

Jóhann Heiðar lærði rafeindavirkjun við Iðnskólann í Reykjavík. Meistari hans var Garðar Sigvaldason. Hann lauk sveinsprófi 1984. Jóhann Heiðar stundaði sjálfstæðan rekstur á Höfn í Hornafirði.

***Jón Gamalielsson***

***Fæddur 23/3 1923 dáinn 1/12 2000***

Jón nam rafvirkjun við Iðnskólann á Siglufirði. Hann lauk sveinsprófi 1948. Meistari hans var Jóhann Jóhannesson. Jón varð rafmagnstækniþæðingur frá Osló Tekniske Skole 1957-1960. Starfaði innanlands og í Noregi við rafvirkjun til 1957 Starfaði hjá Rafmagnsveitum ríkisins 1960-1967 og frá 1967-1994 hjá Rafmagnseftirliti ríkisins sem deildartækniþæðingur og síðan deildarstjóri háspennudeildar.

***Símon Andreas Marthensson Ólsen***

***Fæddur 20/2 1969 dáinn 17/3 2001***

Símon starfaði um tíma hjá Rafskaut á Ísafirði, þar sem hann síðan hætti vegna veikinda. Hann lauk námi í rafvélavirkjun við Iðnskólann í Reykjavík árið 1997.

***Kjartan Arnórsson***

***Fæddur 4/1 1950 dáinn 17/3 2001***

Kjartan lærði rafvirkjun við Iðnskólann á Akranesi. Hann lauk sveinsprófi 1975. Meistari hans var Ármann Ármannsson. Starfaði lengst af hjá Ármanni Ármannssyni en síðustu árin starfaði hann hjá Síldar- og fiskimjölsverksmiðju HB h.f. Var sæmdur gullmerki FÍR 1999.

***Guðmundur Helgi Guðmundsson***

***Fæddur 10/6 1941 dáinn 25/3 2001***

Guðmundur Helgi nam rafvirkjun við Iðnskólann á Selfossi. Meistari hans var Magnús Hákonarson. Lauk námi í rafmagnsiðnfræði við Tækniskóla Íslands. Starfaði m.a. hjá Efracelli s.f., Þórisós s.f. Var kennari við Iðnskólann í Reykjavík, frá 1976



til 1992. Guðmundur var einn af stofnendum Iðntækni og skipafélagsins Nes h.f. þar sem hann starfaði sem tæknilegur framkvæmdastjóri frá 1983 til dauðadags.

*Ágúst Ragnar Lyng Gíslason*

*Fæddur 3/10 1938 dáinn 9/4 2001*

Ágúst nam rafvirkjun við Iðnskólann í Reykjavík. Hann lauk sveinsprófi árið 1962. Meistari hans var Vilberg Guðmundsson. Fékk leyfisbréf til starfa við Lágspennuvirki frá Rafmagnseftirliti ríkisins 1974. Rafverktakaleyfi fyrir Rafmagnsverkstæði SÍS 1983. Starfaði m.a. hjá Segli h.f. Axel Sölvasyni, Rafmagnsveitu Reykjavíkur og hjá Rafmagnsverkstæði SÍS þar sem hann var forstöðumaður. Vann seinast hjá Rafvörur ehf.